

**SKOÐUN** Arngrímur Thorlacius skrifar um riddara á hvítum hestum. 27



**MENNING** Benedikt Kristjánsson syngur í Jóhannesarpassíunni. 40



**LÍFIÐ** Sigríður Dögg Arnardóttir gefur út bókina Kjaftað um kynlíf. 66



**SPORT** Snorri Steinn var nálægt því að semja við Val síðasta sumar. 60







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
**10. apríl 2014**
85. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Venja á ungbörn á grænmæti og ávexti

Í verkefni á vegum ESB er rannsakað hvernig matarvenjur barna verða til. Að brjóstagjöf lokinni á strax að venja kornabörn á ávexti og grænmeti. 20

**Bílaleigusvindl ekki stundað** Formaður bílaleigunefndar SAF segir rökstuðning vanta fyrir grun þingmanns Framsóknarflokks um að stórfyrirtæki svindli út bílaleiguafslátt. 2

**Ný snjóhengja** Efnahagssvið SA spáir þriggja prósenta hagvexti á næstu árum. Fleiri þurfi að komast í gjaldeyrisútboð Seðlabankans. 4

**Óvissan er sögð verst** Háskólakennarar hafa boðað verkfall. Nemendur óttast að áætlanir þeirra raskist. 6




26

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | NNA | 7 |
| Akureyri | 2° | NNV | 4 |
| Egilsstaðir | 5° | NV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | VNV | 7 |
| Reykjavík | 5° | VNV | 7 |

**Él eða slydduél** norðanlands og hiti í kringum frostmark en bjart með köflum sunnan til og hiti 5 til 7 stig að deginum. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk






LÚSUG TRÉ Trén meðfram Miklubrautinni eru víða illa farin vegna sitkalúsar sem herjaði á þau í fyrravor. Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, segir svona lúsafaraldur ganga yfir á fimm til tíu ára fresti og að trén ættu að jafna sig á nokkrum árum. „Mengunin og saltið við Miklubrautina gerir þeim þó erfiðara fyrir og er í raun gríðarlegt álag á trén, það hefði hjálpað ef þau hefðu verið spúluð öðru hvoru í vetur,“ segir Helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Milljarða vantar til að viðhalda vegum

Fjárveitingar til Vegagerðar hrökkva ekki til viðhalds. Án þess geta langir vegarkaflar hrunið á stuttum tíma. Fjárveitingar voru skertar um helming eftir hrun.

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin hefur aðeins 60 til 70 prósent þess fjármagns úr að spila á ári hverju sem þarf til að viðhalda vegakerfinu hér á landi svo vel sé. „Ef við ætlum að fyrirbyggja mikil fjárútlát í framtíðinni þá þarf að sinna þessu betur,“ segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri. Hér hafi fjárveitingar til viðhalds í raun aldrei farið saman við viðhaldsþörf. Þörf á nýframkvæmdum sé svo mikil að jafnvægi á milli þeirra og viðhalds náist ekki.

„Hvað varðar fjárveitingarnar þá dugir ekki einu sinni þó þær séu ekki skornar niður í krónutölu. Virði þeirra fer minnkandi með ári hverju, bæði með verðbreytingum og þá hafa olíuverðshækkanir mikil áhrif á kostnað við viðhald vega – bæði vegna notkunar tækja og vegna kaupa á efni til viðhalds eins og asfalti til að leggja bundið slitlag.“ Vandinn hafi verið að smásafnast upp, sér í lagi árin eftir hrun. Þá fór heildarfjárveiting til verkefna Vegagerðarinnar úr um þrjátíu milljörðum og niður í rúmlega fimmtán milljarða. Í dag þyrfti Vegagerðin minnst sjö til átta milljarða á ári en verður að gera sér fimm að góðu.

„Það segir sig sjálft að þetta kemur niður á viðhaldi og þjónustu, en það er ekki bundið við Ísland að erfiðara sé að fá fjármagn til viðhalds en nýframkvæmda. Það hafa ekki orðið nein stóráföll en ef ekki verður bætt í fjárveitingar til viðhalds þá fara töluvert stórir kaflar í vegakerfinu að skemmast.“

Þá segir Hreinn viðgerðir miklu kostnaðarsamari en viðhald. „Þetta snýr helst að viðhaldi bundinna slitlaga, sem er mikil fjárfesting. En án viðhalds molnar burðarlagið undir slitlaginu og ef það er ekki endurnýjað á viðeigandi hátt getur vegurinn nánast hrunið á löngum köflum á einu vori og mjög dýrt að bregðast við því,“ segir hann, en bætir við að nú sjái jafnvel til sólar hvað varði þennan lið fjárveitinga og vonar að botni sé náð. - shá

### ÁSTAND VEGANNA VERSNAR ÁR FRÁ ÁRI

Lengd bundins slitlags á þjóðvegum var um 5.368 kílómetrar í árslok 2011. Fram til 2010 svaraði árleg endurnýjun bundinna slitlaga til 10–12% af flatarmáli vega sem jafngildir því að slitlag sé allt endurnýjað á 8–10 ára tímabili. Hækkun á verði asfalts hefur gert að verkum að fjárveitingar til viðhalds á bundnu slitlagi nægja nú einungis til endurnýjunar á 12–14 árum, langt umfram endingartíma, að því er fram kemur í tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2013–2016.

Þrjár hljómsveitir bætast við:

## Þekkt nöfn spila á Airwaves

**MENNING** Þekkt nöfn á borð við Caribou, Future Island og The War on Drugs eru meðal þeirra hljómsveita sem skipuleggjendur Iceland Airwaves-tónlistarhátíðarinnar tilkynna í dag að spili á hátíðinni.

The War on Drugs spilar á lokakvöldi hátíðarinnar í Vodafonehöllinni ásamt Flaming Lips.

Hátíðin hefur nú tilkynnt um 70 af 200 tónlistarmönnum og hljómsveitum sem koma fram.

- ósk / sjá síðu 58










## SPURNING DAGSINS



Guðmundur, er Jesús ekki alltaf svarið?

**Ekki endilega en þú finnur svarið hjá honum.**

Séra Guðmundur Karl Brynjarsson, prestur í Lindakirkju, er á topp fimm lista QuizUp í spurningum tengdum Biblíunni.

Sorphirðumenn reyndu að brjótast inn á heimili Heiðars Helgusonar:

# Sat úti í bíl og kallaði á lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Sorphirðumenn Reykjavíkurborgar gerðu tilraun til að brjótast inn á heimili knattspyrnumannsins Heiðars Helgusonar í gær.

Það var eiginkona Heiðars sem varð mannanna fyrst vör, en hún sá til þeirra þar sem hún sat í bíl sínum fyrir utan heimili hjónanna.

Atvikið átti sér stað á milli klukkan eitt og tvö þegar sorphirðumenn voru að hefðbundnum störfum í borginni. Tveir mannanna stóðu vörð á gangstéttinni fyrir framan húsið á meðan sá þriðji gerði endurteknar tilraunir til að brjóta sér leið inn í íbúðina með verkfæri sem hann hafði sótt í farþegasæti bílsins.

Eiginkona Heiðars gerði lögreglu undir eins viðvart og brást hún skjótt við. Tilburðirnir náðust á myndband í öryggiskerfi hússins og rannsakaði lögregla myndbandið síðdegis í gær.

Ekki náðist í lögreglu við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. -jm



**SORPHIRÐA** Mennirnir voru að vinna þegar þeir reyndu að brjótast inn. Myndin er ótengd atburðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Danir hampa námshestum:

# Fá bæði menntun og uppihald

**DANMÖRK** Danska stjórnin vill nú bjóða allra bestu námshestunum frá löndum utan Evrópu skólagöngu og uppihald meðan á námstímanum stendur. Gert er ráð fyrir að 24 milljónir danskra króna nægi fyrir 60 til 70 nemendur, að því er segir á vef danska ríkisútvarpsins.

Verkefninu er einkum beint til nemenda í nanótækni, heilbrigðisvísindum og tölvunarfræðum. Markmiðið er að nemendurnir verði um kyrrt í Danmörku og taki þátt í atvinnuskÖpun. - ibs



**LÉLEG HÝBÝLI** Flóttamennirnir búa í litlum skýlum og lélegum tjöldum í Tomping-búðunum í Juba, sem gefa lítið skjól í rigningartíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sameinuðu þjóðirnar gagnrýndar fyrir að flytja ekki fólkið:

# Rigningin gerir lífið enn erfiðara

**SUÐUR-SÚDAN, AP Læknar án landamæra sem starfa í Suður-Súdan gagnrýna þá ákvörðun Sameinuðu þjóðanna að flytja ekki 21 þúsund flóttamenn frá flóttamannabúðum í Juba vegna regntímabilsins sem þar er gengið í garð.**

**Þúsundir flóttamanna dvelja í Tomping-búðunum í Juba. Fólk býr við erfiðar aðstæður, í hrörlegum kofum eða tjöldum en rigningin hefur gert svæðið enn óvistlegra með leðju og stórum pollum sem búa til kjöraðstæður fyrir moskítóflugur og auka um leið hættu á sjúkdómum eins og kóleru til muna.** -ebg

# Segir bílaleigusvindl ekki vera stundað

Formaður bílaleigunefndar Samtaka ferðaþjónustunnar segir grun þingmanns um að stórfyrirtæki svindli út bílaleiguafslátt og leigi bíla til starfsmanna vera algjörlega órökstuddan. Skilyrði fyrir afslætti séu ströng og eftirlit til fyrirmyndar.

**SKATTAMÁL** „Ég get fullyrt að þessi maður fari með rangt mál eins og gerist oft hjá þingmönnum sem hafa ekki kynnt sér málin nægilega vel," segir Bergþór Karlsson, formaður bílaleigunefndar Samtaka ferðaþjónustunnar og framkvæmdastjóri Bílaleigu Akureyrar.

Bergþór vísar þar í orð Þorsteins Sæmundssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, um að ástæða fyrir mikilli fjölgun bílaleiga sé meðal annars sú að stórfyrirtæki stofni leigur, kaupi bíla og leigi síðan starfsmönnum sínum á kostnaðarverði.

„Af 140 bílaleigum sem eru skráðar á Íslandi er að finna bílaleigur með enga starfsmenn og engin skráð símanúmer. Ég hef rökstuddan grun um að fyrirtæki séu að stofna bílaleigur til að kaupa bílana á afslætti og jafnvel selja eftir ákveðinn tíma. Þetta þarf ráðherra að athuga frekar," segir Þorsteinn í samtali við Fréttablaðið en hann vildi ekki gefa upp hvaða fyrirtæki hann væri með heimildir fyrir að stunduðu slík viðskipti.

Bílaleigur fá felld niður vörugjöld af bílum að hluta til en að hámarki eina milljón króna. Hægt er að selja bílana aftur eftir fimmtán mánuði og þá þarf að framvísa bílaleigusamningum við sölu til að komast hjá því að endurgreiða vörugjöldin.

„Þeir sem fá þennan afslátt eru undir ströngu eftirliti Samgöngustofu og tollsins. Þeir þurfa reglulega að sýna bílaleigusamninga, sem mega að hámarki vera upp á þrjár vikur og ekki til tengdra aðila. Þeir þurfa að hafa opna starfsstöð, bílaleiguleyfi og allan fyrirtækjarekstur á hreinu," segir Bergþór.



**BÍLALEIGA** Bílaleigur fá felld niður vörugjöld af bílum að hluta til en með ströngum skilyrðum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Af 140 bílaleigum sem eru skráðar á Íslandi er að finna bílaleigur með enga starfsmenn og engin skráð símanúmer. Ég hef rökstuddan grun um að fyrirtæki séu að stofna bílaleigur til að kaupa bílana á afslætti og jafnvel selja eftir ákveðinn tíma.**
>
> *Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins.*

Hann segir bílaleigum hafa fjölgað um meira en helming á síðustu sex árum en ástæðan sé ekki svindl stórfyrirtækja heldur hafi fleiri stofnað bílaleigur með notuðum og gömlum bílum.

„Ég fór sjálfur yfir lista með þessum 140 bílaleigum í síðustu viku og það er ekkert gruggugt við hann. Þarna eru litlar leigur með notaða bíla, til dæmis hótel og réttingaverkstæði. Þegar um gamla bíla er að ræða fá aðilarnir ekki afslátt af vörugjöldunum. Bílaleiguleyfi og afsláttur af vörugjöldum er ekki sami hluturinn. Það þarf að uppfylla ströng skilyrði til að fá afsláttinn."

Bergþór segir að ný lög séu væntanleg um leigu á ökutækjum sem muni auka öryggi viðskiptavina. „Með þessari drusluvæðingu í bílaleigubransanum þá þarf að koma stífari rammi svo ekki sé verið að leigja út bíla í ólegu ástandi. Við fögnum því og það gæti þýtt að þessi mikla fjölgun bílaleiga hætti."

erlabjorg@frettabladid.is

Fjárhagur Grikklands skánar:

# Ríkisskuldabréf gefin út á ný

**GRIKKLAND, AP** Í gær barst tilkynning frá fjármálaráðuneyti Grikklands um að ráðist yrði í útgáfu ríkisskuldabréfa á ný.

Talið er að þetta sé mikilvægt skref fyrir landið í átt að því að losna út úr efnahagskreppunni.

Grikkland hefur verið í ruslflokki hvað varðar lánstraust síðan bankarnir hrundu fyrir fjórum árum og mælist atvinnuleysi í landinu 28 prósent.

Stærð skuldabréfaútboðsins hefur enn ekki verið kunngerð en búist er við að þau verði verðlögð í allra nánustu framtíð. - jm

Leit að brakinu stendur enn:

# Tíminn er að renna út

**MALASÍA** Leitin að Malasíuflugvélinni stendur enn yfir, en hún hvarf fyrir rúmum mánuði.

Miklar vonir eru bundnar við að púlsmerki sem greinst hafa í Indlandshafi síðustu daga séu úr svörtum kassa vélarinnar en það hefur ekki verið staðfest.

Tíminn er að renna út því endingartími rafhlaðna í svarta boxinu er aðeins um mánuður, og mánuður var liðinn frá hvarfi vélarinnar á þriðjudag.

Talið er að vélin sé nú þegar komin á 4.500 metra dýpi, en ólíklegt er að hún finnist á slíku dýpi eftir að rafhlöður klárast. - jm




Landeigendur við Dettifoss ætla ekki að falla frá gjaldtöku af ferðamönnum:

# Ríkið skoðar lögmæti gjaldtöku

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ríkið kannar nú hvort fyrirhuguð gjaldtaka landeigenda við Dettifoss, Námaskarð og víðar í landareign Reykjahlíðar standist lög. Landeigendur hafa boðað 800 króna gjald fyrir að skoða Dettifoss, Námaskarð og Leirhnjúk, en 1.800 séu allir staðirnir skoðaðir.

Ólafur H. Jónsson, formaður landeigendafélagsins, segir ekki standa til að hætta við gjaldtöku. Sett hefur verið upp heimasíða, natturugjald.is, þar sem málstaður landeigenda er kynntur. Á síðunni virðist eiga að setja upp leið fyrir fólk að greiða aðgangseyri inn á svæðið, en greiðslukerfið er óvirkt sem stendur.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps harmar fyrirhugaða gjaldtöku og telur hana skaða ímynd sveitarfélagsins. Í nýlegri bókun sveitarstjórnar eru landeigendur hvattir til að fresta gjaldtökunni meðan unnið sé að lausn málsins á landsvísu. Dettifoss er í landi Vatnajökulsþjóðgarðs, en vinsælasta leiðin til að skoða hann liggur í gegnum landareign Reykjahlíðar.

„Maður vonar það besta en býr sig undir það versta," segir Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. „Það versta er ef við þurfum að leggja nýja gönguleið. Við höfum enn fulla trú á að það sem þeir eru að gera standist ekki lög." - bj



**DETTIFOSS** Þjóðgarðsvörður segir koma til greina að leggja stíg að Dettifossi sem ekki liggi um landareign Reykjahlíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# „Reykjavíkurborg á ekki að vera leigufélag“

Pólitíkusar eiga ekki að velja hver fær húsnæði, heldur tryggja að einkaaðilar sjái hag sinn í því að búa til góðan og traustan almennan leigu- og íbúðamarkað í borginni. Samfylkingin hefur boðað stofnun almenns leigufélags til viðbótar við félagsbústaði. **Lausnir Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík eru einfaldar og árangursríkar og hægt er að virkja þær strax.** Gerum fólki kleift að búa þar sem það vill, eitt eða í sambúð, enda eru það sjálfsögð réttindi að geta leigt eða keypt á sómasamlegu verði. Okkar markmið er að skapa heilbrigðan og öflugan almennan leigumarkað til framtíðar – ekki að verða leigusalinn þinn.

## Fjölgum íbúðum – lækkum leiguverð en ekki á kostnað skattgreiðenda

- Við munum breyta gjaldskrá svo hagkvæmt verði fyrir byggingaraðila að byggja minni íbúðir. Í stað fasts gjalds á íbúð mun gjaldskrá taka mið af íbúðarstærð, sem verður til þess að byggt verði húsnæði með mörgum, litlum íbúðum, sem vantar svo sárlega um alla Reykjavík.
- Við munum minnka skriffinnskuna og flýta fyrir samþykktum og auðvelda þar með verktökum og byggingaraðilum að byggja húsnæði.
- Við munum bjóða upp á nægt lóðaframboð um alla borg fyrir byggingaraðila sem vilja koma upp húsnæði til útleigu og lækka þar með leiguverð.
- Við munum sjá til þess að eðlilegt leiguverð verði tryggt í að minnsta kosti 25 ár með samningi á milli Reykjavíkur-borgar og byggingaraðila.
- Við munum sjá til þess að allar íbúðir uppfylli ákveðinn gæðastaðal svo að lágt verð komi ekki niður á gæðum.

**Einfaldar og árangursríkar lausnir sem virkja má strax!**



**Aukum framboð og lækkum leiguverð.**

*Halldór Halldórsson,*
*borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík*

**Er ekki kominn tími til að flytja að heiman?**
**Örfyrirlestrar um stöðu húsnæðismála hjá ungu fólki, Lögbergi, Háskóla Íslands, stofu L-101, í dag, fimmtudaginn 10. apríl kl. 12.00. Allir velkomnir!**

**xDásamlega Reykjavík**

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík

## SVONA ERUM VIÐ



**1992 voru fyrstu korntonnin skorin á Íslandi og hefur uppskera verið nokkur æ síðan.**

Fyrstu árin var hún um 400 tonn en hún náði hægt og bítandi 10.000 tonnum árið 2004. Uppskeran fór yfir 16.000 tonn árin 2009 og 2012. Uppskeran náði ekki 6.000 tonnum í fyrra.

Helgi Hjörvar gagnrýnir að fyrri aðgerðir dragist frá sumum en ekki öðrum:

# Óréttlátar skuldaleiðréttingar

**ALÞINGI** Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar, vakti athygli á ágalla skuldaleiðréttinga ríkisstjórnarinnar á þingfundi í gær.

Benti hann á að þeir sem hefðu fengið lögformlega skuldaleiðréttingu áður, svo sem 110% leiðina, fengju það dregið frá leiðréttingu nú en ekki þeir sem hafa fengið sambærilegar leiðréttingar í gegnum frjálsa samninga í bönkunum, svo sem greiðsluaðlögun eða endurgreiðslu á vaxtakostnaði.

„Þeir sem áttu í góðum tengslum og viðskiptum við bankana og þurftu ekki að fara lögformlegar leiðir fá nú sérstakan tékka frá ríkisstjórninni ofan á hina frjálsu samninga, kannski um leið og þeir leggja fyrir fyrir auðlegðarskatti sínum. Þetta er ótrúlega ósanngjarnt,“ sagði Helgi í ræðu sinni.



HELGI HJÖRVAR

Sigrún Magnúsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks, svaraði Helga og var nokkuð heitt í hamsi. „Mér finnst mjög slæmt þegar menn sem kenna sig við félagshyggjuflokka á góðum stundum, geri lítið úr því þegar verið er að rétta 80% heimila á Íslandi hjálparhönd. Ég kann ekki að meta þetta og segi það alveg hreint út,“ var svar Sigrúnar. - ebg

Borgin í páskahreinsun:

# Mikill sandur eftir veturinn

**REYKJAVÍK** Vegna mikils magns af sandi sem var dreift í vetur í hálkunni á göngu- og hjólastíga borgarinnar, er mikið verk að vinna við hreinsun fyrir páska.

Síðustu daga hefur verið grófsópað og gert er ráð fyrir að hefja götuþvott í næstu viku. Lóðir við skóla verða spúlaðar í páskafríinu.

Íbúar eru beðnir um að liðka til fyrir hreinsun með því að færa bíla úr götum sem verið er að hreinsa hverju sinni. - ebg

Norsk skólayfirvöld:

# Skóli fyrir börn múslíma í Ósló

**NOREGUR** Skólayfirvöld í Noregi hafa samþykkt stofnun grunnskóla fyrir börn múslíma í Ósló í haust fyrir 200 börn.

Óslóarborg er mótfallin stofnun slíks skóla vegna slæmrar reynslu. Grunnskóli fyrir börn múslíma var starfræktur frá 2001 til 2004 og var hann mjög umdeildur. Samkvæmt borgaryfirvöldum eru flestir í stjórn skólans þeir sömu og áður.

Á fréttavef Aftenposten kemur fram að rekstrarleyfi hafi enn ekki verið veitt. - ibs



**ÁFALL** Nemandi við skólann ásamt föður sínum skömmu eftir árásina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Minnst 20 særðust í árás:

# Nemandi gekk berserksgang

**BANDARÍKIN, AP** Unglingur gekk berserksgang vopnaður hnífi í menntaskóla í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum í gær.

Að minnsta kosti 20 særðust í árásinni. Sjö nemendur á aldrinum fjórtán til sautján ára og einn öryggisvörður voru fluttir á sjúkrahús. Allir eru alvarlega slasaðir. Fórnarlömbin voru stungin í kvið, brjóst og bak. tveir þurftu að gangast undir bráðaskurðaðgerð.

Árásarmaðurinn, sem er nemandi í skólanum, náðist og var settur í varðhald, eftir að gert hafði verið að sárum hans á sjúkrahúsi. Hann meiddist á höndum í árásinni. - jm

# Lífeyrissjóðir mynda nýja snjóhengju

**Efnahagssvið Samtaka atvinnulífsins spáir þriggja prósenta hagvexti á næstu árum sem verði drifinn áfram af einkaneyslu og aukinni fjárfestingu. Víkka þurfi út gjaldeyrisútboð Seðlabankans og hleypa innlendum aðilum að.**

**EFNAHAGSMÁL** „Því fylgir áhætta að taka engin skref við losun hafta,“ sagði Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, á fundi samtakanna í gær þar sem kynnt var fyrsta hagspá sviðsins.

Sviðið spáir þriggja prósenta hagvexti á næstu árum sem verði einkum drifinn áfram af innlendri eftirspurn; einkaneyslu sem og fjárfestingu. Ásdís sagði þetta vera breytingu frá því sem átti sér stað á síðasta ári þegar hann var drifinn áfram af utanríkisverslun. „Það má í raun segja að samsetning hagvaxtarins sé að breytast,“ sagði Ásdís og bætti við að ferðaþjónusta myndi áfram gegna lykilhlutverki en framlag innlendrar eftirspurnar aukast.

Sviðið telur að hagkerfið sé í mjög viðkvæmri stöðu, einkaneysludrifinn hagvöxtur muni ekki skapa okkur gjaldeyri á komandi árum og því óttist sviðið að gjaldeyrisafgangur þjóðarbúsins muni nánast hverfa. „Þetta er áhyggjuefni vegna þess að frumforsenda þess að við getum losað um höftin er að við sjáum hér útflutningsdrifinn hagvöxt,“ sagði Ásdís.

Hún lagði áherslu á að snjóhengjan hyrfi ekki af sjálfu sér heldur stækkaði eftir því sem á líður. Sviðið flokkaði snjóhengjuna í fyrsta lagi krónueignir í höndum erlendra aðila, í öðru lagi þrotabú föllnu bankanna þar sem lánalengingar þyrftu að koma til og afskriftir á krónueignum erlendra kröfuhafa og í þriðja lagi nýja snjóhengju, sem væru innlendir aðilar, það er að segja lífeyrissjóðir og aðrir innlendir fjárfestar. Ásdís áætlaði að um þrjátíu prósent af þeirri upphæð myndu leita í fjárfestingar erlendis til að dreifa áhættu sinni. Hún taldi mikilvægt að víkka út gjaldeyrisútboð Seðlabankans og hleypa innlendum aðilum að. „Við erum að velta upp þeirri spurningu hvort kominn sé tími á að hleypa þeim jafnframt að gjaldeyrisútboðunum í gegnum útleiðina. Þá værum við komin með mælikvarða á hversu þolinmóðir eða óþolinmóðir þessir fjárfestar væru,“ sagði Ásdís.



**EINKANEYSLUDRIFINN HAGVÖXTUR** Samtök atvinnulífsins hafa áhyggjur af því að hagvöxtur sé ekki lengur drifinn áfram af utanríkisverslun. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR



SIGRÍÐUR BENEDIKTSDÓTTIR

Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, sagðist efast um að lífeyrissjóðirnir hefðu áhuga á að fara með fjármuni út í gegnum gjaldeyrisútboðin á því háa gengi sem aflandskrónueigendur færu út með þá. „Það er verið að taka afslátt fyrir erlenda gjaldeyrinn, lífeyrissjóðirnir eru fremur að koma inn á móti til að fá fleiri krónur fyrir gjaldeyrinn sinn heldur en ella,“ sagði Sigríður.

fanney@frettabladid.is



**PÁSKAEGGJALEIT** Metþátttaka var í fyrra í Viðey. AÐSEND MYND/REYKJAVÍK

Fjölskylduleikur í Viðey:

# Páskaeggjaleit um helgina

**FJÖLSKYLDA** Boðið er upp á forskot á páskasæluna með páskaeggjaleit í Viðey á laugardaginn, viku fyrir páska.

Leikurinn gengur út á að finna sem flest lítil páskaegg en einnig verða stærri vinningar. Leitin verður ræst kl. 13.30 við Viðeyjarstofu og afmörkuð verða leitarsvæði, þar á meðal eitt fyrir yngstu kynslóðina.

Ekkert þátttökugjald er í páskaeggjaleitinni en gestir greiða ferjutoll og mælst er til að þátttakendur skrái sig til leiks með því að bóka far með ferjunni. - ebg

Sendiherra fer til Úkraínu:

# Fer fyrir teymi eftirlitsmanna

**UTANRÍKISMÁL** Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra hélt í gær til starfa í nýstofnaði eftirlitssveit ÖSE í Úkraínu.

Hann mun fara fyrir einu af tíu teymum eftirlitsmanna í landinu, en teymi hans verður í höfuðborginni Kænugarði og héraðinu þar í kring.



STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON

Stefán Haukur á að baki mikla reynslu sem samningamaður og leiddi til dæmis til lykta samninga um inngöngu Rússlands í Alþjóðaviðskiptastofnunina. - ebg




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Friedrichshafen | 18° | New York | 14° |
| Aþena | 21° | Gautaborg | 9° | Orlando | 25° |
| Basel | 20° | Kaupmannahöfn | 9° | Ósló | 8° |
| Berlín | 8° | Las Palmas | 22° | París | 19° |
| Billund | 12° | London | 17° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 17° | Mallorca | 22° | Stokkhólmur | 7° |




**Á MORGUN** Strekkingur eða allhvasst fram eftir degi.




**LAUGARDAGUR** Strekkingur austan til fram eftir degi.

**SVALT Í DAG** í norðanátt með björtu veðri sunnan til en hlýnar á morgun með talsverðri rigningu sunnanlands en slyddu og svo rigningu norðan til. Kólnar á ný í norðanátt á laugardag með snjókomu eða éljum norðanlands en björtu sunnan til.



Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Stóri dagurinn

Tryggðu þér miða fyrir **kl. 18** í dag!

DRÖGUM Í DAG **10.** APRÍL

# DRÖGUM ÚT 40 MILLJÓNIR Á EINN MIÐA

## EINN MIÐI, ÞREFALDIR MÖGULEIKAR

40

A

1

AÐALÚTDRÁTTUR
**70.000.000**
**3.000** manns fá allt frá 5 þúsund krónum upp í **25 milljónir**.

MILLJÓNAVELTAN
**40.000.000**
**40 milljóna** króna vinningur á einn miða.

MILLJÓN Á MANN
5 x **1.000.000**
**5 heppnir** vinningshafar fá **eina milljón** króna hver.



## TAKK FYRIR STUÐNINGINN

Á 80 árum hefur Happdrætti Háskóla Íslands átt stóran þátt í uppbyggingu háskóla í fremstu röð og fjármagnað yfir 20 byggingar skólans.

**Stuðningur viðskiptavina okkar gerði þetta mögulegt.**

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*Vænlegast til vinnings*

Tryggðu þér miða á **www.hhi.is**, í síma **563 8300** eða hjá næsta umboðsmanni. **Miðaverð er aðeins 1.300 kr.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 141106

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað krefjast háskólakennarar mikillar hækkunar mánaðarlauna?
**2.** Hvað stefna Íslandshótel á að bæta við mörgum hótelherbergjum?
**3.** Hvar stendur til að opna nýja Hamborgarabúllu?

**SVÖRIN**

**1.** Sextíu og átta þúsund króna. **2.** Átta hundruð tuttugu og fimm. **3.** Í Kaupmannahöfn.

Frumvarp fjármálaráðherra um gjaldskrárlækkanir enn til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd:

# Eins prósents lækkun eldsneytisgjalda

**ALÞINGI** Boðaðar gjaldskrárlækkanir ríkisins í tengslum við kjarasamninga í desember eru ekki enn komnar til framkvæmda. Frumvarp fjármálaráðherra þar að lútandi er til umsagnar í efnahags- og viðskiptanefnd. Í því er lagt til að bensíngjald, olíugjald, kílómetragjald og gjald af áfengi og tóbaki auk umhverfis- og auðlindaskatta lækki um eitt prósent.

Sjö umsagnir hafa borist um frumvarpið, meðal annars frá Alþýðusambandi Íslands (ASÍ).

ASÍ gagnrýnir mjög þá töf sem hefur orðið á málinu og telur að endurskoða hefði átt miklar hækkanir á gjaldskrám í heilbrigðisþjónustu.

Í sama streng tekur Starfsgreinasambandið sem segir að gjaldskrárhækkanir í heilbrigðisþjónustu komi harðast niður á þeim sem hafa lágar tekjur.

Félag atvinnurekenda fagnar frumvarpinu og því að hluti hækkunar ýmissa gjalda um áramót verði dreginn til baka og sömu skoðun lýsa Neytendasamtökin.

Samtök atvinnulífsins segja að frumvarpið sé mikilvægur liður í að lækka verðbólgu og verðbólguvæntingar til lengri tíma og stuðla að efnahagslegum stöðugleika sem sé forsenda aukins kaupmáttar.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda fagnar því að gjaldskrárlækkun verði á eldsneyti.

FÍB lýsir þó vonbrigðum sínum með að lækkunin er aðeins um eitt prósent en um síðustu áramót hækkuðu þessi gjöld um þrjú prósent. - jme



**LÆKKAR** Bensíngjald lækkar um eitt prósent verði frumvarp fjármálaráðherra að lögum. FÍB telur að lækkunin hefði átt að vera meiri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Stúdentum við HÍ þykir óvissan verst

**Félag háskólakennara tilkynnti formlega verkfallsboðun í gær. Náist ekki samningar falla próf niður. Formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands segir nemendur áhyggjufulla því að allar áætlanir þeirra fari úr skorðum verði af verkfalli kennara.**

**VINNUMARKAÐUR** „Stúdentum þykir óvissan verst,“ segir María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Fram á síðustu stundu vonuðust stúdentar eftir því að Félag háskólakennara næði samningum við ríkið og hætt yrði við formlega verkfallsboðun. Til að verkfall sé löglega boðað þarf að boða til þess með tveggja vikna fyrirvara. Sá frestur rann út í gær.



**MARÍA RUT KRISTINSDÓTTIR**

Takist ekki að semja fara háskólakennarar í verkfall 25. apríl til 10. maí að báðum dögum meðtöldum. Þetta er á prófatíma háskólans.

„Það fylgir prófatíma mikið álag, það bætir ekki úr skák að vita ekki hvenær próf verða haldin. Fólk hefur miklar áhyggjur. Margir eru áhyggjufullir yfir námslánum sínum því námslán eru ekki greidd út fyrr en að loknum prófum,“ segir María Rut og bætir við að fólk sé búið að ráða sig í vinnu, eða ætli að fara í nám til útlanda í sumar og svo framvegis. Allar áætlanir fari úr skorðum.

„Það eru allir búnir að skipuleggja tíma sinn eftir 10. maí,“ segir hún.

Á fjórða þúsund háskólastúdenta hafa skrifað undir áskorun á netinu til þingmanna um að þeir leggi sitt lóð á vogarskálarnar til að koma í veg fyrir verkfall Félags háskólakennara.

„Verkfall það sem vofir yfir Háskóla Íslands á prófatímum er mikið áfall fyrir 14.000 stúdenta, 4.400 starfsmenn skólans og samfélagið allt,“ segir í áskoruninni. Þá segir að veruleikinn sem blasi við stúdentum sé napur og afleiðingarnar yrðu hörmulegar; verkfall eyðileggi prófatímabil stúdenta, útborgun námslána, sumarvinnu og kostnaðarsamar ferðaáætlanir.

María Rut segir að stúdentar ætli ekki að láta þar við sitja.

„Við ætlum að boða til aðgerða og þrýsta á að menn semji. Ég held að allir leggi kapp á að samningar náist fyrir 25. apríl svo hægt verði að halda próf á réttum tíma,“ segir hún.

Samninganefndir Félags háskólakennara og ríkisins hittust á sáttafundi hjá ríkissáttasemjara í gær og áfram verður fundað næstu daga.

Háskólakennarar krefjast þess að laun þeirra verði leiðrétt og telja að þau eigi að hækka um 10 til 14 prósent. Auk þess vilja þeir sömu kauphækkanir og önnur félög BHM koma til með að semja um.

johanna@frettabladid.is



**VERKFALL YFIRVOFANDI** Félag háskólakennara boðaði í gær formlega til verkfalls á prófatíma HÍ. Stúdentar eru afar áhyggjufullir yfir gangi mála. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### ÞESSIR HAFA BOÐAÐ VERKFALL VIÐ HÍ

**300** aðjunktar, lektorar og dósentar
**260** sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn
**30** starfsmenn Árnastofnunar
**250** starfsmenn sem vinna við stjórnsýslu Háskólans
**30** starfsmenn á Háskólabókasafni
**8** Starfsmenn á Keldum
**30** starfsmenn Raunvísindastofnunar

**Verkfallið myndi bitna á 14.000 nemendum Háskóla Íslands**

SA segja að þrátt fyrir fjölgun ferðamanna skili þeir minni skatttekjum:

# Segja mikið af svartri starfsemi

**EFNAHAGSMÁL** Skatttekjur af ferðaþjónustu jukust aðeins um rúm 20 prósent á sama tíma og erlendum ferðamönnum hingað til lands fjölgaði um tæp 40 prósent á árunum 2008 til 2012. Þetta kom fram í máli Sigríðar Mogensen hagfræðings á fundi efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins í gær.

Meðfram því sem sviðið birti nýja hagspá sína kynnti Sigríður athugun þess á framleiðni og lífskjörum innan ferðaþjónustunnar.

Í máli Sigríðar kom einnig fram að skatttekjur á hvern ferðamann hefðu dregist saman um ellefu prósent að raunvirði á sama tíma og greiðslukortanotkun erlendra ferðamanna hefur vaxið um rúm þrjátíu prósent. Þetta telja samtökin gefa vísbendingar um að mikið sé um svarta atvinnustarfsemi í greininni.

„Þetta segir okkur að skatttekjurnar fylgja ekki aukinni neyslu ferðamanna og er ein stærsta vísbending þess efnis að mikið sé um svarta atvinnustarfsemi í greininni,“ segir Sigríður í samtali við Fréttablaðið.

Hún segir enn fremur að þetta sé mikið áhyggjuefni þar sem ekki hafi verið gerðar neinar stórvægilegar breytingar á skattkerfinu á sama tíma. - fbj



**ÁHYGGJUEFNI** Sigríður segir vísbendingar um umfangsmikla svarta atvinnustarfsemi í ferðaþjónustunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT* AF **ÖLLUM BARNAFATNAÐI OG BARNASKÓM** 10.-14. APRÍL.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 14. apríl.

## MJÚKIR **HEIMILISVÖRUDAGAR**

**20%** AFSLÁTTUR AF **GARNI (ÁLNAVÖRUM), HANDKLÆÐUM, SÆNGURFÖTUM, PÚÐUM, POTTALEPPUM OG OFNHÖNSKUM** 10.-14. APRÍL.




Þú finnur okkur á facebook
www.facebook.com/hagkaup

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# HEIMURINN




## Minnislaus maður í vanda staddur



**1** **NOREGUR** Lögreglan í Noregi reynir að bera kennsl á mann sem skilur fimm tungumál en segist hvorki muna nafn sitt né hvaðan hann kemur. Hún hefur birt ljósmynd af manninum, sem fannst í slæmu ásigkomulagi úti í kuldanum í Ósló í desember án nokkurra skilríkja. Að sögn lögreglu er maðurinn á þrítugsaldri, talar góða ensku með austur-evrópskum hreimi og skilur tékknesku, slóvensku, pólsku og rússnesku. Hann er 187 sentimetrar á hæð, með blá augu og er skolhærður. Reynt hefur verið að bera kennsl á hann í gegnum alþjóðalögregluna, Interpol, án árangurs.

## Áfall fyrir aðskilnaðarsinna

**2** **KANADA** Aðskilnaðarflokkur kanadíska héraðsins Québec varð fyrir áfalli í nýlegum héraðskosningum þegar kjósendur höfnuðu meginmarkmiði hans sem felur í sér sjálfstæði frá Kanada. Québécois-flokkurinn hlaut aðeins 25 prósent atkvæða í kosningunum og hefur því verið hrakinn frá völdum. Þetta eru verstu kosningaúrslit flokksins síðan hann bauð fyrst fram árið 1970. Hann varð hluti af minnihlutastjórn Québec fyrir aðeins átján mánuðum. Áttatíu prósent íbúa í Québec tala frönsku og sjálfstæði héraðsins er þegar orðið umtalsvert. Það innheimtir eigin tekjuskatt, heldur úti eigin innflytjendalögum sem eru hliðholl frönskumælandi fólki og hefur sett lög þar sem frönsk tunga er tekin fram yfir þá ensku.

## Refsiaðgerðir gegn öfgasamtökum

**3** **EGYPTALAND** Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur ákveðið að beita refsiaðgerðum gegn öfgasamtökum í Egyptalandi sem hafa lýst yfir ábyrgð á hendur sér vegna árása á egypska ráðamenn, ísraelskar byggingar og erlenda ferðamenn í höfuðborginni Kaíró og á Sínaí-skaganum. Samtökin Ansar Bayit al-Maqdis hafa nú verið skilgreind sem erlend hryðjuverkasamtök. Það þýðir að hægt er að frysta allar eignir þeirra í lögsögu Bandaríkjanna og að Bandaríkjamenn mega ekki veita samtökunum fjárhagslegan stuðning. Samkvæmt bandaríska utanríkisráðuneytinu eru samtökin hliðholl stefnu al-Kaída-samtakanna en eru ekki opinber hluti af þeim.

# Óöldin heldur áfram í Sýrlandi



**EFTIRMÁL BÍLSPRENGJUTILRÆÐIS** Særðum manni er hjálpað á vettvangi sprengjutilræðis í al-Khudary-stræti í Karm al-Loz-hverfi í borginni Homs í Sýrlandi í gær. Þar var bíll sprengdur í loft upp. Hálftíma síðar var annar bíll sprengdur í borginni, að því er ríkisfréttastofa landsins segir. 25 eru sagðir hafa látið lífið í sprengingunum í gær, þar á meðal konur og börn. Hundrað og sjö eru sagðir sárir. Frá því átök hófust í landinu í mars 2011 hafa meira en 150 þúsund manns látið þar lífið, hefur franska fréttaveitan AFP eftir hjálparsamtökum sem halda utan um þá tölfræði. NORDICPHOTOS/AFP





B|L

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080


DEBENHAMS
TICKET TO HEAVEN
20% AFSLÁTTUR
AF FÖTUM FRÁ HUMMEL OG TICKET TO HEAVEN
Gildir út sunnudag
hummel
hummel
hummel
hummel
Gerðu lífið skemmtilegra
VORÚTSALAN Í FULLUM GANGI!
50-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM
Finndu okkur á facebook
Opið í dag 11 - 21
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

MÆLING CAPACENT Á ÁNÆGJU MEÐ RÁÐHERRA:

# Meiri ánægja með stjórn Jóhönnu

Eftir árs setu er sitjandi ríkisstjórn orðin óvinsælli en fyrri stjórn eftir sama tíma í stjórnarráðinu. Óumdeildir utanþingsráðherrar hífðu upp vinsældir fyrri stjórnar, segir stjórnmálafræðingur. Litlar vinsældir Bjarna Benediktssonar gætu tengst tillögu um viðræðuslit við ESB.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



Rúmur fjórðungur landsmanna er ánægður með störf ráðherra í ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar en um helmingur óánægður, samkvæmt könnun Capacent. Ánægjan með ráðherra ríkisstjórnarinnar er minni en með ráðherra í síðustu ríkisstjórn eftir rúmt ár í embætti.

Capacent kannar reglulega ánægju fólks með störf ráðherra, síðast birti fyrirtækið niðurstöður slíkrar könnunar á þriðjudag. Sé meðaltal ráðherranna skoðað sést að um 26 prósent eru að meðaltali ánægð með störf ráðherranna, 22 prósent eru hvorki ánægð né óánægð og 51 prósent er óánægt.

Ánægjan með ráðherrana er minni en í könnun Capacent sem gerð var í apríl 2010. Þá hafði ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur setið í um það bil ár, eins og ríkisstjórn Sigmundar Davíðs nú. Þá sögðust að meðaltali 29 prósent ánægð með ráðherrana, 30 prósent hvorki ánægð né óánægð en 42 prósent sögðust óánægð. „Það er augljóst miðað við samanburðartímann, þetta fyrsta ár ríkisstjórnanna, að núverandi ríkisstjórn er óvinsælli en sú gamla,“ segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri.

Hann bendir á að utanþingsráðherrarnir tveir, Gylfi Magnússon og Ragna Árnadóttir, hafi verið vinsælustu ráðherrar fyrri stjórnar á þessum tíma, og þeir hafi átt sinn þátt í að hífa upp ánægju með þá stjórn.

Grétar segir að stjórn Jóhönnu hafi þegar steytt á fyrsta Icesave-skerinu þegar þarna var komið, og lítið hafi farið fyrir loforðum um norræna velferð og skjaldborg um heimilin. Á móti sé núverandi ríkisstjórn búin að kynna niðurfellingu lána, sem hafi verið stærsta kosningaloforð Framsóknarflokksins.

Grétar segir litla ánægju með Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, vekja athygli. Það megi hugsanlega setja í samhengi við umdeilda þingsályktunartillögu um slit aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

## VINSÆLDIR EINSTAKRA RÁÐHERRA Í ÞESSARI OG SÍÐUSTU RÍKISSTJÓRN BORNAR SAMAN




www.volkswagen.is




Volkswagen Tiguan

**Fullkominn ferðafélagi**

Volkswagen Tiguan er einn best búni sportjeppinn á markaðnum. Fullkomið leiðakerfi fyrir Ísland sér til þess að þú ratir alltaf rétta leið. Svo getur komið sér vel að hafa rétta aukabúnaðinn.

Eyðsla frá 5,8l/100 km

Das Auto.

Volkswagen Tiguan fáanlegur með lykillausu aðgengi

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# KÓSÝKVÖLD Í KRINGLUNNI



# TAX FREE

## SNYRTIVÖRU DAGUR

Í DAG 10. APRÍL AFNEMUM
VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**
EINGÖNGU Í KRINGLUNNI.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Gildir eingöngu í Kringlunni.

Þú finnur okkur á facebook
www.facebook.com/hagkaup

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Keppt í samningatækni:

## Íslenska liðið sterkt á velli

**MENNTAMÁL** Ein virtasta keppnin í samningatækni á heimsvísu verður haldin í Reykjavík um næstu helgi.

Háskólinn í Reykjavík heldur keppnina en lið háskólans sigraði í keppninni á síðasta ári.

Lið HR hefur komist í aðalkeppnina í öll þrjú skiptin sem skólinn hefur tekið þátt en mjög sterkir háskólar senda lið í keppnina ár eftir ár, eins og Harvard Law School, HHL Graduate School of Management og UC Hastings.

- ebg

Fyrstu niðurstöður rannsóknar benda til að hluti makríls við Ísland geti verið af kanadískum uppruna:

# Kanadískur uppruni makríls háður óvissu

**NÁTTÚRA** Það er mat Hafrannsóknastofnunar að niðurstöður rannsóknar um stofnerfðafræði makríls gefi ekki tilefni til að megi álykta að svo stöddu að hluti makrílsins sem veiðist við Ísland komi frá Kanada.



Þetta kemur fram í svari sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Össuri Skarphéðinssyni, þingmanni Samfylkingarinnar, um makrílgöngur í íslenskri lögsögu.

Tilefni fyrirspurnarinnar byggist á fyrstu niðurstöðum rannsóknarverkefnis sem sérfræðingar frá m.a. hafrannsóknastofnunum í Bergen í Noregi og Þórshöfn í Færeyjum eru aðilar að, ásamt sérfræðingum frá Matís og Hafrannsóknastofnun. Í rannsókninni var erfðabreytileiki þriggja stofneininga, þ.e. við Kanada, út af vesturströnd Írlands (vesturstofn) og á Biskajaflóa (suðurstofn) kannaður og borinn saman við makríl sem veiðist hér við land. Munurinn var mun minni en búist var við, sérstaklega í samanburði við aðrar uppsjávartegundir, svo sem síld. Niðurstöðurnar voru að um 85% fiskanna voru líklegir til að vera af evrópskum uppruna, 4% af óvissum uppruna og 11% af kanadískum uppruna, en ítrekað var að tölfræðilegur grunnur rannsóknarinnar væri veikur og ómögulegt að segja til um uppruna makríls við Ísland með einhverri vissu.



ÖSSUR SKARPHÉÐINS-

Næstu skref í rannsóknunum eru að fá áreiðanlegri niðurstöður um stofnerfðafræði og skyldleika


# Ársfundur

VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs



Þriðjudaginn 29. apríl 2014 kl. 8:00 – 12:00
á Grand Hótel Reykjavík

Dagskrá

**Morgunverðarfundur með fyrirlestrum**

8:00 – 8:30 Morgunverður

8:30 – 8:50 Ávarp: Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra

8:50 – 9:30 VIRK Starfsendurhæfingarsjóður: Verum VIRK
Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs fer yfir starfsemina á liðnu ári og gerir grein fyrir áherslum og verkefnum til framtíðar

9:30 – 10:30 The Dutch Social Security System – in a Nutshell
*Annette de Wind trygggingalæknir og sérfræðingur við UWV í Hollandi gerir grein fyrir þeim breytingum sem hafa átt sér stað í Hollandi undanfarin ár þar sem aukin áhersla er á að meta getu til starfa en ekki vangetu. Hún fer einnig yfir árangur og afleiðingar þessara breytinga.*

10:30 – 11:00 Kaffi

**Hefðbundin ársfundarstörf**

11:00 – 12:00 Hefðbundin ársfundarstörf samkvæmt skipulagsskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningur liðins árs
- Tilkynning um skipan stjórnar
- Kosning endurskoðenda
- Önnur mál

Kl. 12:00 Fundarlok

Ársfundurinn er öllum opinn

Mögulegt er að taka einungis þátt í fyrri hlutanum
þar sem boðið er upp á fræðandi erindi

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á heimasíðu VIRK **www.virk.is**

ATARNA

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

www.virk.is




**FÁNAR** Jón Bjarnason telur að margir sveitarstjórnarmenn vilji halda aðildarviðræðum við ESB áfram svo þeir fái fríar ferðir, dagpeninga og styrki í gæluverkefni. AFP/ PHOTO

# Segir málflutning Jóns óboðlegan

Sendinefnd ESB á Íslandi býður tveimur fulltrúum á ári í EUVP-ferðir til Brussel en ekki tugum eða hundruðum eins og fyrrverandi ráðherra lætur liggja að.

**EVRÓPUMÁL** Sendinefnd ESB á Íslandi býður tveimur fulltrúum á ári að taka þátt í EUVP-áætlun (European Union Visitors Program) sambandsins í Brussel.

Árið 2011 voru fulltrúarnir þrír enda var það mat ESB á þeim tíma að áhugi Íslendinga á sambandinu hefði aukist.

Ári síðar var fulltrúunum aftur fækkað um einn. Síðan hafa tveir farið á hverju ári til Brussel samkvæmt EUVP-áætluninni.



JÓN BJARNASON



HALLDÓR HALLDÓRSSON

Jón Bjarnason, fyrrverandi þingmaður og ráðherra, segir í grein í Fréttablaðinu í gær að sveitarstjórnarmenn og fleiri vilji komast frítt til Brussel og fá dagpeninga.

Jón segir að „sendiráð“ Evrópusambandsins á Íslandi hafi milligöngu um þessar heimsóknir samkvæmt áætlun EUVP. Ferðirnar séu fjármagnaðar af Evrópuþinginu og framkvæmdastjórn ESB. Jón telur að fjöldi þeirra sveitarstjórnarmanna sem hafa farið í slíkar ferðir geti hlaupið á tugum ef ekki hundruðum.

„Það er ekki hægt að bjóða sveitarstjórnarfólki upp á málflutning af þessu tagi,“ segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

„Ég er mjög leiður yfir því að maður af eldri kynslóð stjórnmálamanna sé að draga mikilvæga umræðu í þjóðfélaginu niður á þetta plan í staðinn fyrir að tefla fram rökum máli sínu til stuðnings,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi og oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík.

### → EUVP-áætlun ESB

EUVP-áætlun Evrópusambandsins (European Union Visitors Program) veitir einstaklingum á aldrinum 25-45 ára í löndum utan ESB tækifæri til að heimsækja stofnanir ESB í Brussel og Strassborg. Markmiðið er að auka tengsl og gagnkvæma þekkingu á ESB og viðkomandi landi.

EUVP-áætlunin er fjármögnuð af Evrópuþinginu og framkvæmdastjórn ESB, sem í sameiningu sjá um framkvæmd heimsókna. Hver heimsókn stendur yfir í 5 til 8 daga og er sniðin að þörfum hvers og eins. ESB greiðir fyrir ferðir og uppihald.

Það er ekkert nýtt að sendinefnd ESB bjóði Íslendingum til Brussel í EUVP-ferðir. Slíkar boðsferðir hafa tíðkast að minnsta kosti frá 2003. Fram til ársins 2011 var einum til tveimur boðið á hverju ári.

Halldór segir að Samband íslenskra sveitarfélaga reki skrifstofu með einum starfsmanni í Brussel. Hann segir að eðlilega eigi sveitarstjórnarmenn sem eru í forsvari fyrir sitt sveitarfélag erindi til Brussel til að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna.

Sveitarstjórnarmenn eigi erindi til Brussel vegna EES-samningsins og EFTA. Aðrir vilji fara til Brussel til að kynna sér starfsemi og stofnanir ESB.

Langflestar ferðir sem sveitarstjórnarmenn fara til Brussel eru greiddar af Sambandi íslenskra sveitarfélaga eða sveitarfélögunum sjálfum, samkvæmt upplýsingum frá sambandinu.

Af öðrum ferðum sem menn muna til að sveitarstjórnarmenn hafi farið til Brussel má nefna þrjár kynnisferðir sem Fastanefnd Evrópusambandsins bauð sveitarstjórnarfólki í til Brussel árið 2012.

johanna@frettabladid.is

# Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

FRÁBÆR TILBOÐ **ALLAN** DAGINN

— OPIÐ TIL 23 Í KVÖLD —

# KÓSÍKVÖLD

Velkomin á Kósíkvöld Léttbylgjunnar.
Frábær tilboð, veitingar og hugguleg stemning.



## Glæsileg skemmtidagskrá frá kl 19.30-23.00.

Kaleo, Steinar, SamSam, Hafdís Huld, Védís Hervör,
Vocal Project og Sigga Klingenberg

Gestgjafi og bingóstjóri
er Siggi Hlö

KRINGLAN.IS

LÉTT BYLGJAN 967

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

# Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

FRÁBÆR TILBOÐ ALLAN DAGINN

— OPIÐ TIL 23 Í KVÖLD —

# KÓSÍKVÖLD

Ekki missa af þessum spennandi tilboðum!

| Afsláttur | Verslun | Tilboð |
|---|---|---|
| 15% | Englabörnin | af öllum vörum |
| 15% | name it | af öllum vörum |
| 15% | Vero Moda | af öllum vörum og önnur vel valin tilboð |
| 15% | Selected | af öllum vörum og önnur vel valin tilboð |
| 15% | herra Garðurinn | af öllum vörum |
| 15% | VILA | af öllum vörum og önnur vel valin tilboð |
| 15% | Jack & Jones | af öllum vörum |
| 15% | BOSS | af öllum vörum |
| 15% | Outfitters Nation | af öllum vörum |
| 20% | Motor a Mia | af öllum vörum |
| 20% | Friis Company | af öllu nema Ásta Design vörum |
| 20% | | af bómullargarni |
| 20% | byggt og búið | af flestum vörum |
| 20% | Deres | af öllum buxum |
| 20% | galleri sautján | af öllum buxum |
| 20% | | 20% af öllum vörum, 10% af Triwa vörum |
| 20% | Kultur | af J.Lindenberg golffatnaði, buxum, peysum og skyrtum |
| 20% | SMASH | af öllum hjólabretta-vörum |
| 20% | Iglo & Indí | af öllum Ígló og Indí fötum |
| 20% | Kultur menn | af öllum jakkafötum |
| 20% | ecco | af öllum skóm |
| 20% | Steinar Waage | af öllum skóm |
| 20% | Skór.is | af öllum skóm |
| 20% | Kaupfélagið | af öllum skóm |
| 20% | URBAN | af öllum skóm |
| 20% | Iam | af öllum töskum |
| 20% | The Body Shop | af öllum vörum |
| 20% | cobra | af öllum vörum |
| 20% | next | af öllum vörum |
| 20% | Timberland | af öllum vörum |
| 20% | Tuzzi | af öllum vörum |
| 20% | Pandora | af öllum vörum |
| 20% | Share | af öllum vörum |
| 20% | Companys | af bolum og skyrtum |
| 20% | Dogma | af öllum vörum |
| 20% | Dressmann | af öllum vörum |

**50%** iStore — 10-50% af hulstrum, aukahlutum og fitness tengdum vörum

**50%** Jens — 20% af trúlofunar- og giftingarhringum, 20-50% af herra-skartgripum

**20%** Kaffitár — Kaffibolli fylgir öllum kökusneiðum. 20% afsláttur af swiss mokka og karamellusveiflu

**20%** Galla Buxnabúðin — af öllum vörum

**20%** HYGEA — af öllum vörum

**20%** JOE BOXER — af öllum vörum

**20%** JÚNÍK — af öllum vörum

**20%** KÚNÍGÚND — af öllum vörum

**20%** Markaðstorgið — af öllum vörum

**20%** extra — af „statement“ húfum

**20%** NEON Kringlunni — af öllum vörum

**20%** DÚKA — af völdum vörum

**20%** — af öllum vörum

**20%** ÚTILÍF — af öllum vörum

**20%** focus — af Converse skóm

**20%** gs skór — af Sixty seven skóm

**20%** ZIK ZAK tískuhús — af öllum vörum

**20%** ZayZay — af öllum vörum

**20%** INDISKA — af fylgihlutum, gardínum og púðum

**20%** Kaffi Klassík — 20% afsláttur á Crepes, 2 fyrir 1 á léttvíni

**20%** Lyf&heilsa — 20% af öllum vörum 15% af lausasölu-lyfjum

**25%** augað — af öllum vörum

**25%** United Colors of Benetton. — af öllum vörum

**25%** Dúkkuhúsið — af öllum vörum

**25%** Levi's — af öllum vörum

**25%** Gleraugað — af öllum vörum

**25%** vodafone — af öllum heilsuvörum

**30%** Café Bleu — af fiski dagsins

**30%** Casa — 30% af öllum ilmkertum 20% af öllum vörum

**30%** Heilsuhúsið — 20-30% af völdum vörum

**40%** BIANCO FOOTWEAR — 20-40% afsláttur af öllum vörum

**40%** TOPSHOP — 40% af völdum vörum, 20% af öllum vörum

**40%** evans. — 40% af völdum vörum, 20% af öllum vörum

**40%** WAREHOUSE — 40% af völdum vörum, 20% af öllum vörum

**40%** KAREN MILLEN — 40% af völdum vörum, 20% af öllum vörum

**40%** prooptik gleraugu — af margskiptum glerjum

L'OCCITANE EN PROVENCE — Dekurpakkatilboð, 10 ml handkrem fylgir með öllum kaupum

SIX — 3 fyrir 2 af öllum vörum

POLARN O. PYRET — Afsláttur af völdum vörum

serrano — BBQ burrito og Kristall á **1.099 kr.**

Café roma — Cappuccino og nýbökuð hafrakaka **690 kr.**

Síminn — iHealth snjallvog fylgir öllum kaupum á búnaði yfir 50.000 kr.

Íslenska Hamborgarafabrikkan — Skoðaðu nýja Fabrikku sem opnar í apríl. Léttar veitingar




SELECTED
FEMME / HOMME
KRINGLUNNI OG SMÁRALIND
Facebook.com/selected.island · Instagram: @selectediceland




**HLIÐHOLL RÚSSUM** Grímuklæddir mótmælendur hliðhollir Rússum við götuvígi við stjórnarbyggingarnar í Dónetsk í Úkraínu í gær. Arsen Avakov, innanríkisráðherra Úkraínu, segir að mótmælum verði að ljúka á næstu sólarhringum. FRETTABLAÐIÐ/AP

# Pútín hótar að krefjast staðgreiðslu á gasi

Verð á gasi hefur nú ríflega tvöfaldast í Úkraínu en um helmingur gassins sem notað er í landinu kemur frá Rússlandi. Aðgerðirnar munu hafa alvarlegar afleiðingar fyrir Úkraínu sem gengur í gegnum miklar efnahagslegar þrengingar.

**ÚKRAÍNA, AP** Vladimír Pútín, forseti Rússlands, hótaði í gær að loka á reikningsviðskipti Úkraínu vegna gaskaupa landsins frá Rússlandi og fullyrti að Úkraínumenn fengju eingöngu það sem þeir hefðu greitt fyrir.

Aðgerðin hefði í för með sér alvarlegar efnahagslegar afleiðingar fyrir Úkraínu, en þjóðin rambar á barmi gjaldþrots.

Rússar hafa ítrekað reynt að beita Úkraínu efnahagslegum þvingunum frá forsetanum fyrrverandi, Viktor Janúkovítsj, var steypt af stóli eftir margra mánaða mótmæli í landinu. Talið er að um helmingur gass sem notað er í Úkraínu sé keyptur frá Rússlandi.

Pútín hélt fund með ráðherrum á heimili sínu í Moskvu í gær, þar sem hann fullyrti að þessar aðgerðir væru í samræmi við samning Rússa og Úkraínumanna um gasviðskipti.



VLADIMÍR PÚTÍN

Orkumálaráðherra Úkraínu, Júrí Prodan, segir að Úkraínumenn muni ekki greiða Rússum fyrir innkaup marsmánaðar fyrr en samningur náist um verðið.

Hann hafnar nýju og hækkuðu verði af Rússlands hálfu og fullyrðir að Úkraína hafi ekki notað neitt rússneskt gas í mánuðinum.

Rússar hafa dregið úr afslætti á gasi í viðskiptunum við Úkraínu með þeim afleiðingum að verð á gasi til landsins tvöfaldaðist.

Í gær vöruðu yfirvöld í Kænugarði við því að mótmælendur hliðhollir Rússum yrðu beittir valdi ef þeir stöðvuðu ekki aðgerðir sínar og yfirgæfu stjórnarbyggingarnar sem þeir hafa á valdi sínu. Hústökufólki var gefinn tveggja sólarhringa frestur. Arsen Avakov, innanríkisráðherra Úkraínu, lýsti því yfir í gær að umsátursmenn fengju tvo úrslitakosti, að yfirgefa byggingarnar ellegar yrði öryggissveitum beitt til að kveða óeirðirnar niður.

Skömmu áður en afarkostirnir voru kynntir slepptu hústökumenn hátt í sextíu gíslum, sem þeir höfðu haft í haldi, í byggingu öryggissveitanna í Luhansk. Í næstu viku funda fulltrúar Evrópusambandsins með fulltrúum Rússlands og Úkraínu í þeirri von að lausn finnist á málinu. julia@frettabladid.is


Niðurföll og ofnar í baðherbergið EVIDRAIN




Mikið úrval – margar stærðir
Reykjavík
Reykjanesbær
Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



PIPAR\TBWA • SÍA • 141114




**Ellingsen-mótaröðin í haglabyssuskotfimi hefst 21. apríl.**

Fyrsta mótið í þriggja móta röð verður mánudaginn 21. apríl, annan í páskum, á skotæfingasvæði Skotreyn. Mæting kl. 10.30 og skráning á staðnum. Keppt er í byrjendaflokki og flokki fyrir lengra komna. Samanlagður árangur í 3 mótum ræður úrslitum.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

Ellingsen – FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
ellingsen.is




**HVALUR** Reynt er að tryggja fjármagn til að hægt verði að fá norska sérfræðinga til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Segir veiðarnar eins mannúðlegar og mögulegt sé:

# Norskir sérfræðingar á leiðinni til landsins

**HVALVEIÐAR** Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, vonast til þess að Norðmenn komi til Íslands í sumar til að fylgjast með hvort hvalveiðar séu stundaðar á mannúðlegan hátt.

„Ég veit ekki annað en að svo verði og það hefur staðið til í nokkuð langan tíma. Menn hafa verið að reyna að tryggja fjármagn til þess að það geti orðið. Það þarf auðvitað að kaupa þessa sérfræðinga að,“ sagði hann á Alþingi eftir fyrirspurn Edwards Huijbens, þingmanns Vinstri grænna. Þar vísaði Edward til fréttar Fréttablaðsins þess efnis að þrír fjórðu hlutar Íslendinga teldu mikilvægt að hvalveiðar færu fram á mannúðlegan hátt. Engar upplýsingar eru til um með hvaða hætti hvalveiðar við Ísland eru stundaðar með tilliti til dýravelferðar.



SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON

Sigurður Ingi sagði að hvalveiðar Íslendinga eins mannúðlegar og hægt væri. „Mér finnst mjög gott að það skuli vera mjög ríkur vilji hjá Íslendingum og að það skuli vera skoðun þeirra að hvalir skuli veiddir á eins mannúðlegan hátt og hægt er eins og aðrar skepnur sem við aflífum til þess að búa til mat fyrir mannkynið.“ - fb

# ALMENNT
# HLUTAFJÁRÚTBOÐ

HB GRANDI

## Útboðinu lýkur í dag kl. 16.00

Almennu útboði á hlutum í HB Granda hf. lýkur í dag kl. 16.00 og hefur fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. umsjón með útboðinu. Í útboðinu hyggjast Arion banki, Vogun hf. og Fiskveiðahlutafélagið Venus hf. selja 27–32% hlut í HB Granda. Markmið seljenda með útboðinu er annars vegar að það geri HB Granda kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar og hins vegar horfa seljendur til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

## Tvær áskriftarleiðir eru í boði með mismunandi fjárhæðarmörkum og verðmyndun

### Tilboðsbók A

- 8,5% eignarhlutur boðinn til sölu
- Áskrift að andvirði 100.000–25.000.000 kr.
- Verðbil áskrifta 26,6–32,5 kr./hlut
- Heildarsöluandvirði 4,1–5,0 milljarðar kr.
- Öllum hlutum úthlutað á sama verði, sem verður jafnt eða lægra en í tilboðsbók B

### Tilboðsbók B

- 18,5% eignarhlutur boðinn til sölu
- Áskrift að andvirði frá 15.000.000 kr. en að hámarki 5% eignarhlutur
- Lágmarksverð áskrifta 26,6 kr./hlut
- Heildarsöluandvirði að lágmarki 9,0 milljarðar kr.
- Öllum hlutum úthlutað á sama verði, sem verður jafnt eða hærra en í tilboðsbók A

Seljendur hafa rétt til að fjölga boðnum hlutum til sölu í allt að 32% eða um 5% af útgefnum hlutum. Ákvörðun um endanlega stærð útboðsins og skiptingu þess milli tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

## Áskrift er skilað rafrænt á áskriftarvef á arionbanki.is

**Aðgangur að áskriftarvef fæst með:**

- aðgangsauðkennum fjárfestis að netbanka Arion banka, eða
- lykilorði sem óskað er eftir á arionbanki.is og sent er í heimabanka, eða
- lykilorði sem nálgast má hjá umsjónaraðila gegn undirritun vottaðrar umsóknar um lykilorð.

## Áskriftir verða skertar komi til þess að eftirspurn verði umfram þann fjölda hluta sem boðnir eru til sölu

Í tilboðsbók A er meginreglan sú að áskriftir yfir 500.000 kr. verða skertar um allt að 75% af upphaflegri áskrift. Þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark allra áskrifta fært enn neðar með flötum niðurskurði. Hámarksúthlutun getur því orðið lægri en 500.000 kr.

Í tilboðsbók B er meginreglan sú að meta áskriftir á grundvelli verðs.

**Þátttaka í útboðinu** er heimil aðilum með íslenska kennitölu sem eru fjárráða og ráða búi sínu sjálfir og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum. Athygli er vakin á að ákvæði laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri koma í veg fyrir að erlendum aðilum, samkvæmt 1. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sé heimil þátttaka í útboðinu.

**Eindagi kaupverðs** er áætlaður 23. apríl 2014. Stefnt er að því **að fyrsti dagur viðskipta** með hluti í HB Granda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. verði 25. apríl 2014.

## Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um HB Granda og skilmála útboðsins sem er að finna í lýsingu félagsins dagsettri 27. mars 2014 sem gefin er út á íslensku. Fjárfestum er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti.

Lýsinguna má nálgast rafrænt á hbgrandi.is og arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna í höfuðstöðvum HB Granda að Norðurgarði 1 í Reykjavík og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Arion banki




**GEORG Á NÝJA-SJÁLANDI** Katrín, hertogaynja af Cambridge, eiginkona Vilhjálms Bretaprins, heldur á syni þeirra Georg prins. Mæðginin kíktu í heimsókn til samtakanna Plunket í Wellington, höfuðborg Nýja-Sjálands, þar sem Georg lék sér við jafnaldra sína. Þetta var fyrsta opinbera verkefni hins átta mánaða Georgs og fórst honum það vel úr hendi. Fjölskyldan er á þriggja vikna ferðalagi um Nýja-Sjáland og Ástralíu.




**LITRÍKIR TÚLIPANAR** Kona tekur ljósmyndir innan um litríka túlipana á hlýjum og sólríkum vordegi skammt frá Jüchen í vesturhluta Þýskalands.




**BÆNASAMKOMA** Kona setur kerti á sinn stað á bænasamkomu sem var haldin á hóteli í Peking í Kína vegna farþeganna sem voru um borð í malasísku flugvélinni sem hvarf í síðasta mánuði. Leit hefur staðið yfir að vélinni í Indlandshafi að undanförnu. Ástralskt skip hefur greint hljóð sem hugsanlega kemur úr flugrita hennar.




**TEKUR VIÐ HAMINGJUÓSKUM** Lasith Malinga, fyrirliði krikketlandsliðs Srí Lanka, tekur við hamingjuóskum í heimalandi sínu. Lið hans vann heimsmeistaramótið í krikket síðastliðinn sunnudag eftir að hafa borið sigurorð af Indlandi.

# ÁSTAND HEIMSINS







**GRÆTUR Í RÉTTARHÖLDUM** Aimee Pistorius, systir Oscars Pistorius, grætur er hún hlýðir á vitnisburð bróður síns í borginni Pretoriu í Suður-Afríku. Pistorius er ákærður fyrir að hafa myrt kærustu sína, Reevu Steenkamp, á Valentínusardag í fyrra.




**SYRGIR FÓRNARLAMB SPRENGJUÁRÁSAR** Pakistanskur maður syrgir ættingja sinn fyrir utan líkhús á sjúkrahúsi í höfuðborg Pakistans, Islamabad. Að minnsta kosti tuttugu manns fórust í sprengingu fyrir utan ávaxta- og grænmetismarkað í borginni í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**RÁÐHERRA SAGÐI AF SÉR** Menningarmálaráðherra Bretlands, Maria Miller, hefur sagt af sér vegna deilna um útgjöld. Hún hafði verið hreinsuð af ásökunum um að hafa fjármagnað hús foreldra sinna á kostnað skattgreiðenda. Henni var samt gert að endurgreiða um eina milljón króna. Áður hafði sjálfstæður ráðgjafi bresku ríkisstjórnarinnar mælt með því að hún endurgreiddi um átta og hálfa milljón króna.




**HOLA Í JÖRÐU** Þessi dularfulla hola í jörðinni, sem talið er að sé sautján metra djúp, uppgötvaðist í hverfinu Sagene í Ósló fyrir skömmu. Svæðið var umsvifalaust lokað af og stóð til að fylla upp í holuna sem fyrst til að koma í veg fyrir slys.

# TILBOÐSDAGAR!

## 20 - 40% AFSL. AF VÖLDUM HÚSGÖGNUM








Sófi Sphera, verð frá 415.000,-, verð nú frá 311.250,-, stóll kr. 247.000,-, nú 185.250,-




Hülsta glerskápur kr. 226.000- pr. eining, nú 135.600,- st. 70x158x44 cm



VIÐ ERUM Á FACEBOOK

# HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

Keppnin Tóbakslaus bekkur:

## Fimm þúsund nemar eru með

Alls taka 240 bekkir með nær fimm þúsundum nemenda þátt í verkefninu Tóbakslaus bekkur. Keppnin er á vegum Embættis landlæknis og er nú haldin hér á landi í fimmtánda sinn.

Allir 7. og 8. bekkir á landinu geta tekið þátt í verkefninu ef enginn nemi í bekknum notar tóbak.

Lokaskil á verkefnum eru föstudaginn 25. apríl og er eingöngu tekið við þeim á tölvutæku formi. Æskilegt er að myndbrot séu ekki lengri en 10 mínútur. - ibs

Niðurstöður nýrrar rannsóknar vísindamanna í Svíþjóð sýna að sólböð geti verið heilsusamleg:

## Konur sem fara aldrei í sólbað deyja fyrr

Konur sem fara aldrei í sólbað eru í tvöfalt meiri hættu á að deyja fyrr en aðrar konur. Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar vísindamanna við Karólínsku stofnunina í Stokkhólmi og Háskólann í Lundi.

Þeir hafa fylgst með 29 þúsundum kvenna á aldrinum 25 til 64 ára í suðurhluta Svíþjóðar um 20 ára skeið.

Konurnar voru spurðar að því hvort þær sóluðu sig á sumrin, á veturna, færu í ljós eða færu í sólarlandaferðir.

Vísindamennirnir mæla með því að Svíar fari eftir þeim ráðleggingum sem gefnar eru um sólböð í suðurhluta Ástralíu.

Það þýðir að margir geti með góðri samvisku borðað hádegisnestið sitt úti í sólinni. Það fari eftir því hversu sterkir sólargeislarnir eru og hvernig húð viðkomandi hefur.

Þeir ráða fólki hins vegar frá því að vera lengi í sólinni þar sem það auki líkurnar á að fólk fái húðkrabbamein. - ibs



**Á SÓLARSTRÖND** Líkurnar á húðkrabbameini aukast sé dvalið lengi í sól.

# Þannig venur þú barnið á grænmeti

Venja á ungbörn á neyslu grænmetis og ávaxta strax að lokinni brjóstagjöf. Í verkefni á vegum Evrópusambandsins var rannsakað hvernig matarvenjur barna verða til. Breskir vísindamenn mæla með því að borðaðir séu sjö skammtar af grænmeti og ávöxtum á hverjum degi.

**Ingibjörg Bára Sveinsdóttir**
ingibjorgbs@frettabladid.is

Venja á ungbörn strax á neyslu ávaxta og grænmetis þegar brjóstagjöf lýkur. Tíminn þegar verið er að venja barn á fasta fæðu er afar mikilvægur varðandi framtíðarmatarvenjur þess. Þetta kom fram á þingi sérfræðinga í Dijon í Frakklandi um síðustu mánaðamót.

Þar voru kynntar niðurstöður rannsókna sérstaks verkefnis, HabEat, á vegum Evrópusambandsins. Meðal annars var kynnt fjögurra ára rannsókn á 18 þúsundum mæðra og barna og niðurstöður fjögurra stórra evrópskra lýðheilsurannsókna.

Sérfræðingarnir rannsökuðu meðal annars hvers vegna börn borða eins og þau gera og hvernig matarvenjur verða til.

Í fyrsta hluta verkefnisins var rannsakað hvernig börn á aldrinum sex mánaða til þriggja ára læra að þykja grænmeti gott og hvernig þau venjast því að þykja það ekki gott. Niðurstöðurnar eru meðal annars þessar:

1. Ef grænmetið er stappað fyrir ungbörn verða þau hrifnari af fleiri tegundum til skamms og langs tíma.
2. Sé barninu gefin ný tegund af grænmeti mörgum sinnum venjast þau bragðinu og fara að borða meira af grænmetinu.

Þetta á hins vegar ekki við um börn á aldrinum þriggja til sex ára. Þau borða ekki meira af grænmetistegund þótt þau hafi fengið hana oft áður.

3. Ráð til að fá börn á aldrinum 3 til 6 ára til að borða meira af grænmeti er að bjóða þeim að velja á milli tveggja tegunda.

Næringarfræðingar hafa áður bent á að þótt ungbarn gretti sig þegar það bragðar á nýrri grænmetistegund þýði það ekki endilega að því þyki hún vond. Svipbrigðin geta verið vegna þess að bragðið kemur þeim á óvart. Þess vegna sé skynsamlegt að bjóða barninu sömu tegund fljótlega aftur. Þá venjist það smátt og smátt bragðinu.



**ÓÁNÆGÐUR** Ráð til að fá börn á aldrinum 3 til 6 ára til að borða meira af grænmeti er að bjóða þeim að velja á milli tveggja tegunda. NORDICPHOTOS/GETTY

## 7 SKAMMTAR Á DAG Í STAÐ FIMM

Breskir vísindamenn við UCL-háskólann í London mæla með því að borðaðir séu sjö skammtar af grænmeti og ávöxtum á dag eða meira í stað fimm eins og ráðlagt hefur verið frá árinu 1990.

Eftir að hafa rannsakað matarvenjur 65 þúsunda Breta hafa vísindamennirnir komist að því að þeir sem borða mikið af grænmeti og ávöxtum séu greinilega í minni hættu á að deyja fyrir aldur fram en aðrir.

Á heimasíðu háskólans segir jafnframt að grænmeti hafi meiri heilsusamleg áhrif en ávextir.

Það kom vísindamönnunum á óvart að hættan á að deyja fyrir aldur fram jókst við neyslu á frystum og niðursoðnum ávöxtum. Bent er á að mikið magn sykurs sé algengt í niðursoðnum ávöxtum auk þess sem síróp sé í ódýrari tegundum af niðursoðnum ávöxtum en ekki ávaxtasafi.






Nýstárleg fjármálafræðsla fyrir ungmenni:

## Fjármálahreysti er nýr spurningaleikur

Keppni er hafin í leiknum Fjármálahreysti milli nemenda í efstu bekkjum grunnskólans. Um er að ræða spurningaleik, sérstaklega hannaðan fyrir snjallsíma, sem ætlað er að efla fjármálalæsi ungmenna.

Leikurinn var hannaður og þróaður af starfsfólki Landsbankans í samvinnu við Ómar Örn Magnússon, aðstoðarskólastjóra Hagaskóla, sem var aðalhöfundur Raunveruleiksins. Sá leikur hlaut á sínum tíma verðlaun Norrænu ráðherranefndarinnar sem besta námsefnið í neytendamálum.

„Fjármálahreysti er einfaldur spurningaleikur og er hægt að taka þátt hvenær sem er,“ segir Ómar Örn. Hann bendir á að kannanir hér á landi hafi bent til þess að skortur sé á fjármálalæsi ungs fólks og reyndar einnig fullorðinna.

„Við höfum notað þær leiðir sem við höfum til að ná til hópsins sem við viljum ná til. Ég held að leikir séu klárlega réttasta leiðin. Við getum nýtt þá til að vekja ungt fólk til umhugsunar,“ tekur hann fram.

Í Fjármálahreysti leysa þátttakendur 64 fjölbreytt verkefni sem eru á fjórum mismunandi efnissviðum. Þau snerta fjóra þekkingarflokka og eru sett fram á jafnmörgum þyngdarstigum. Efnissviðin fjögur taka mið af markmiðum OECD í fjármálafræðslu, að því er segir í upplýsingum frá Landsbankanum.

Keppninni lýkur 8. maí og fá stigahæstu nemendurnir verðlaun. Einnig fær sá skóli þar sem hlutfallslega flestir nemendur spreyta sig á leiknum viðurkenningu.

Leikurinn er öllum opinn á vefslóðinni fjarmalahreysti.is.



**LEIKUR** Spurningaleikurinn er sérsaklega hannaður fyrir snjallsíma.

# Land Cruiser 150
## Tákn um frelsi

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY




Land Cruiser 150 er einn besti ferðabíllinn sem kostur er á og hann hentar fullkomlega við íslenskar aðstæður. Ný hönnun og aukinn búnaður gerir góðan bíl enn betri. Þar á meðal er stöðugleikastýring, spólvörn, lykillaust aðgengi, Ipod tengi og Bluetooth.



1ár 75% 8,1 lítrar $CO_2$ 213g

**Toyota Land Cruiser 150 VX**
3000 Dísel, sjálfsk, aukasæti o.fl.
Á götuna 04.10 Ekinn 142.000 km
Verð: 8.120.000.- Raðnr: 999507



3ár 75% 8,1 lítrar $CO_2$ 213g

**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk,
Á götuna 05.12 Ekinn 38.000 km
Verð: 8.890.000.- Raðnr: 999551



4ár 75% 6,6 lítrar $CO_2$ 173g

**Toyota Rav4 GX**
2200 Dísil, sjálfsk,
Á götuna 05.13 Ekinn 25.000 km
Verð: 6.200.000.- Raðnr: 999505



3ár 75% 8,1 lítrar $CO_2$ 213g

**Toyota Land Cruiser 150 VX**
3000 Dísel, sjálfsk, aukasæti
Á götuna 03.13 Ekinn 9.000 km
Verð: 11.590.000.- Raðnr: 999536



3ár 75% 7,6 lítrar $CO_2$ 178g

**Toyota Rav4 X**
2000 Bensín, sjálfsk,
Á götuna 05.12 Ekinn 52.000 km
Verð: 4.620.000.- Raðnr: 999557



4ár 75% 8,1 lítrar $CO_2$ 213g

**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk, aukasæti
Á götuna 11.11 Ekinn 53.000 km
Verð: 8.380.000.- Raðnr: 998983



4ár 75% 7,3 lítrar $CO_2$ 169g

**Toyota Rav4 GX Plus**
2000 Bensín, sjálfsk,
Á götuna 05.13 Ekinn 25.000 km
Verð: 5.950.000.- Raðnr: 999513
Upphækkun og stærri dekk 235/60-18



4ár 75% 8,1 lítrar $CO_2$ 213g

**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísel, sjálfsk,
Á götuna 05.13 Ekinn 26.900 km
Verð: 9.550.000.- Raðnr: 999541

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyotakauptuni.is
Erum á Facebook - Toyota Kauptuni

1ár – Lágmarks-ábyrgðartími
% – Lánshlutfall
5,2 lítrar – Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri
$CO_2$ 120g – Útblástur $CO_2$ gr.
P – Frítt að leggja í Rvk.

ergo

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Betri notaðir bílar Kauptúni**

Upplýsingar um eldsneytiseyðslu og útblástur eru miðaðar við blandaðan akstur við bestu mögulegu aðstæður. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur.

# Lífeyrisgáttin sýnir öll áunnin réttindi

Lífeyrisgáttin er tæki fyrir alla sjóðfélaga í lífeyrissjóðum til að afla upplýsinga um áunnin lífeyrisréttindi sín í öllum samtryggingarsjóðum landsins.

Upplýsingar um réttindi koma fram á yfirlitum en margir eiga réttindi mun víðar en þar kemur fram. Þau réttindi geta verið vegna sumarvinnu á námsárum eða að viðkomandi hafi skipt oft um vinnu á starfsferlinum. Þá kemur Lífeyrisgáttin að góðu gagni. Hana er að finna á heimasíðum allra lífeyrissjóða og hægt að finna á lifeyrisgattin.is. Notuð eru sömu aðgangsorð og gilda fyrir sjóðfélagavefi. - fbj

**NEYTANDINN** **Álfrún Örnólfsdóttir**

# Æðislegir Chie Mihara-skór bestu kaupin



Bestu kaup Álfrúnar Örnólfsdóttur leikkonu eru skór sem hún pantaði af netinu. „Ég var búin að bíta það í mig að fjárfesta í skóm frá Chie Mihara, sem kosta alveg annan handlegginn og rúmlega það. Vandamálið var að mig langaði jafnmikið í svona 30 pör. Ég eyddi miklum tíma í að skoða skó á netinu af og til í þrjá mánuði og tókst svo með herkjum að velja eitt par úr og pantaði það. Ég var búin að byggja upp svo miklar væntingar um hina fullkomnu skó að ég var dauðstressuð um að skórnir yrðu vonbrigði líf míns. Daginn sem þeir komu frestaði ég því að taka þá úr kassanum og máta. En svo skellti ég bara upp kæruleysisgrímunni og skellti mér í skóna. Þeir voru æðislegir, þvílíkur léttir!“

Álfrún kveðst ekki hafa verið jafnheppin með kaup á bílnum sínum. Hún segir hann hafa litið vel út við kaupin en svo fóru bilanir að gera vart við sig. „Hann lúkkar mjög vel og lokkaði okkur hjónin til sín á bílasölunni fyrir nokkrum árum. En það leið ekki á löngu þar til hans innri bíll kom í ljós og bilanir fóru að gera vart við sig. Síðasta sumar gerði hann okkur mikinn grikk þegar hann stoppaði í miðri brekku á Vestfjörðum og svo lét hann draga sig alla leið til Reykjavíkur þar sem við tók margra vikna leit að meininu. Ég er búin að eyða svo miklum peningum í þennan blessaða bíl að nú er ekki með nokkru móti hægt að réttlæta það að losa sig við hann og því sitjum við uppi hvort með annað.“








**BÍÐA Í RÖÐ** Flugfarþegar bíða í röð í stiga á Keflavíkurflugvelli í miðjum verkfallsaðgerðum á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bætur eru 40 til 90 þúsund krónur

Óformlegar fyrirspurnir frá flugfarþegum hafa borist Samgöngustofu vegna verkfallsaðgerða Isavia á Keflavíkurflugvelli. Bætur fyrir að missa af flugi geta numið 93 þúsund krónum. Allt fer það eftir aðstæðum hvort farþegar geta fengið bætur.

Nokkrar óformlegar fyrirspurnir frá flugfarþegum hafa borist Samgöngustofu vegna verkfallsaðgerða Isavia á Keflavíkurflugvelli á þriðjudag.

Formlegar kvartanir hafa ekki borist en þær er hægt að leggja fram ef farþegi telur sig ekki hafa fengið lögboðna úrlausn sinna mála hjá flugfélaginu sem hann ferðast með. „Flugfarþegar geta skotið máli sínu til okkar og við förum yfir það í framhaldinu og skerum úr um það,“ segir Þórhildur Elín Elínardóttir, upplýsingafulltrúi Samgöngustofu, aðspurð.

Samræmdar alþjóðlegar reglur frá Evrópusambandinu gilda um réttindi flugfarþega hér á landi. Reglugerð um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður var innleidd á Íslandi fyrir tveimur árum. Flugmálastjórn Íslands [nú Samgöngustofa] ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar.

Allt fer það eftir aðstæðum hvort flugfarþegar eiga mögulega rétt á bótum. „Bætur eru ekki endilega borðleggjandi. Ef manneskja á pantað flug héðan og til Mílanó með viðkomu í London fer það eftir því hvort hún hefur pantað allt á einum miða eða sjálf í gegnum netið,“ segir Þórhildur Elín. „Ef þú pantar miða alla leið með viðkomu einhvers staðar hjá sama flugfélagi ber það ábyrgð á þér en ef um mismunandi flugfélög er að ræða ber flugfélagið ekki ábyrgð á þér.“

Aðrar aðstæður sem geta komið upp eru að þeir farþegar sem eiga bókað far á þeim tíma sem verkfall stendur yfir eiga ekki rétt á bótum. Þeir farþegar sem eiga flug seinna um daginn sem seinkar vegna áhrifa verkfalls eiga aftur á móti hugsanlega rétt á bótum frá því flugfélagi sem þeir áttu bókað flug með.

Þau réttindi sem farþegarnir eiga hugsanlega eru máltíðir og hressing í samræmi við lengd þeirrar tafar sem verður á flugferðum. Þeir farþegar sem neyðast til þess að bíða í eina eða fleiri nætur eftir flugfari eða ef þeir neyðast til að bíða lengur en þeir gerðu ráð fyrir eiga rétt á hótelgistingu án endurgjalds.

Fari svo að flugfélagið sem farþeginn flýgur með eða Samgöngustofa samþykki bætur koma nokkrar upphæðir til greina. Bæturnar miðast við lengd flugsins og nema frá tæplega 39 þúsund krónum til rúmlega 93 þúsund króna fyrir farþegann. freyr@frettabladid.is

## ➜ Bætur miðast við lengd flugsins

**Ef einstaklingur missir af flugi getur hann hugsanlega fengið bætur. Upphæðirnar eru þrjár og eru miðaðar við lengd flugsins:**

A **250 evrur**
**eða um 39 þúsund krónur**
*fyrir öll flug sem eru 1.500 km eða styttri.*

B **400 evrur**
**eða um 62 þúsund krónur**
*fyrir öll flug innan EES sem eru lengri en 1.500 km og fyrir öll önnur flug á milli 1.500 og 3.500 km.*

C **600 evrur**
**eða um 93 þúsund krónur**
*fyrir öll flug sem falla ekki undir a- og b-lið.*

**Flugfarþegar geta skotið máli sínu til okkar og við förum yfir það í framhaldinu og skerum úr um það.**

*Þórhildur Elín Elínardóttir, upplýsingafulltrúi Samgöngustofu*




# Við kynnum stórglæsilegan Samsung Galaxy S5

vefverslun.siminn.is

**Allir velkomnir á morgunopnun á föstudag frá kl. 8-10 í Ármúla 27**

Nýja flaggskipið Samsung Galaxy S5 kemur í verslanir Símans föstudaginn **11. apríl**.
Af því tilefni bjóðum við til morgunopnunar frá **kl. 8-10** í verslun Símans að Ármúla 27.
Gómsætar veitingar frá **Lemon** í boði.

- Afhending á símum úr forsölu, heppinn kaupandi fær kaupverðið endurgreitt
- Kaupendur í forsölu geta unnið Samsung Galaxy Gear 2 snjallúr
- 25% afsláttur af öllum Samsung aukahlutum



Spotify

Mánaðaráskrift að Spotify fylgir öllum Samsung Galaxy S5 sem keyptir eru í apríl.

Nýttu tækifærið og fáðu þér frábæran síma.

Toyota innkallar næstum sjö milljónir bifreiða út um allan heim vegna margvíslegra galla:

# Hér á Íslandi þarf að laga 2.587 bifreiðar

„Hér verða kallaðir inn 2.587 bílar,“ segir Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota á Íslandi. Bílarisinn Toyota innkallar rúmlega 6,8 milljónir bifreiða um heim allan á næstunni, vegna fimm galla sem nýlega hafa komið í ljós og geta skapað hættu.



PÁLL ÞORSTEINSSON

Í Evrópu segir Páll um að ræða innköllun af þremur ástæðum, vegna galla í leiðslum í loftpúðum, galla í gormi í brautum undir framsætum og síðan endurbætur á festingu í stýrisstöng. Aðrir gallar eru bilaðar rúðuþurrkur og galli í startara. Þeir eru að sögn Páls bundnir við Japan.

„Allt í allt eru þetta 6.760.000 bílar sem er verið að kalla inn en sumir þeirra eru í tveimur innköllunum og því er um að ræða 6.390.000 einstaka bíla,“ segir hann. Innkallanir á Íslandi verði eigendum bílanna að kostnaðarlausu. - sáp



**TOYOTA-MERKIÐ** Toyota segir ekki vitað til þess að gallarnir sem leitt hafa til innköllunar hafi valdið óhöppum eða slysum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bankastjóri SÍ hlakkar til að hreinsa vessa úr þjóðarbúinu

Viðskiptaafgangur Íslands mun á næstu árum ekki duga fyrir afborgunum erlendra lána. Vantar gjaldeyri til að kröfuhafar og eigendur aflandskróna geti leyst eignir sínar út. Eignir slitabúanna metnar á 2.552 milljarða.

„Við erum farin að hlakka alveg gífurlega til að hreinsa alla þessa vessa út úr þjóðarbúinu sem eru aflandskrónurnar og bú föllnu bankanna,“ sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri þegar fyrra hefti ritsins Fjármálastöðugleiki var kynnt í Seðlabankanum í gær.

Þar kom fram að viðskiptaafgangur landsins mun á næstu árum ekki duga til að standa undir afborgunum erlendra lána. Því verður ekki hægt að skapa nægan gjaldeyri til að kröfuhafar og aflandskrónueigendur geti leyst út krónueignir sínar. Áframhaldandi óvissa er því um framhald slitameðferða búa föllnu bankanna sem tefur losun gjaldeyrishafta.

Eignir slitabúa föllnu bankanna eru nú metnar á 2.552 milljarða króna, eða um 143 prósent af landsframleiðslu. Þar af eru innlendar krónueignir um 497 milljarðar. Innlendar eignir, skráðar í krónum og í erlendum gjaldmiðlum, eru samtals tæp 38% af heildareignum búanna en hlutfall innlendra krafna er aðeins 5,7%. Erlendir kröfuhafar munu því við slit búanna, að öðru óbreyttu, eignast innlendar eignir að verðmæti tæplega hálfrar landsframleiðslu. Sú staða mun hafa neikvæð áhrif á erlenda stöðu og greiðslujöfnuð þjóðarbúsins.

„Á árunum 2015-2017 fer greiðslubyrðin um og yfir 5,5% af vergri landsframleiðslu en afborganir af skuldabréfum milli Landsbankans og LBI [Landsbanka Íslands] vega hér þyngst. Til samanburðar var undirliggjandi viðskiptajöfnuður ársins 2013 4,6% af landsframleiðslu,“ sagði Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, á fundinum í gær.

Sigríður tók fram að greiðslubyrði vegna afborgana af erlendum lánum yrði á næstu árum nokkuð minni en hún var á árunum 2011 til 2013. Innlendir aðilar, aðrir en ríkissjóður og Seðlabankinn, hafa samtals greitt niður erlend lán fyrir rúma 505 milljarða króna á síðastliðnum fimm árum.

„Undirliggjandi viðskiptajöfnuður var á sama tíma 380 milljarðar króna og því spyrja sumir hvaðan kom restin. Við gerðum varlegt mat á því og mismunurinn skýrist af erlendri eignasölu og gjaldeyrisinnflæði vegna fjárfestinga og þar með taldir eru 80 milljarðar króna vegna gjaldeyrisútboða Seðlabankans,“ sagði Sigríður.



**Í SEÐLABANKANUM** Már og Sigríður sögðu margt benda til þess að áhætta í fjármálakerfinu hefði minnkað frá síðasta vori. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hún sagði einnig að skammtíma krónueignir erlendra aðila, aflandskrónurnar, hefðu lækkað um 56 milljarða króna á síðasta ári. Þær eru nú 18% af vergri landsframleiðslu. „Útboðin eru því að ganga vel í að leysa þennan vanda, reyndar hægt og örugglega,“ sagði Sigríður.

haraldur@frettabladid.is

Þrjú ár frá skipun nefndar:

## Sparisjóðaskýrslan kynnt

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar þingsins, fær í dag afhenta skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um sparisjóðina.

Blaðamannafundur verður haldinn í kjölfarið í Iðnó þar sem skýrslan verður kynnt og þá verður hún rædd á Alþingi á föstudag.

Þingið samþykkti í júní árið 2011 að rannsókn færi af stað og hefur vinna við skýrsluna því staðið yfir í tæp þrjú ár. - fbj

Tekur við hýsingu og rekstri:

## Ragnhildur fer til Advania

Ragnhildur Ágústsdóttir hefur tekið við starfi forstöðumanns hýsingar og reksturs hjá upplýsingatæknifyrirtækinu Advania.



RAGNHILDUR ÁGÚSTSDÓTTIR

Ragnhildur gegndi áður starfi ráðgjafa hjá Expectus og var þar áður forstjóri Tals, framkvæmdastjóri Sko og markaðsstjóri hjá SkjáEinum. Hún er með BS-gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og M.Sc.-gráðu frá Copenhagen Business School.

Fyrir ári stofnaði Ragnheiður styrktarfélag fyrir einhverfa og er hún er formaður þess félags. - fbj

Um tólf milljarða verkefni:

## United skrefi nær Helguvík

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar og viðskiptaráðherra, undirritaði í gær fjárfestingarsamning við United Silicon hf. vegna fyrirhugaðs kísilvers félagsins í Helguvík.

Fjárfestingarverkefni United Silicon hljóðar upp á 74 milljónir evra, eða tæplega tólf milljarða króna. Félagið áætlar að reisa kísilver sem mun framleiða 21 þúsund tonn af kísil og 7.500 tonn af kísilryki á ári. Samningurinn er gerður með fyrirvara um heimild Alþingis. - hg


**Dagskrá**

1. Fundur settur
2. Skýrsla stjórnar
3. Gerð grein fyrir ársreikningi
4. Tryggingafræðileg úttekt
5. Breyting á samþykktum
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
7. Áhættustefna sjóðsins
8. Önnur mál

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda í 40 ár

**Ársfundur 2014**

**Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn fimmtudaginn 10. apríl 2014 kl. 17:00, að Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.**

**Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.**

Reykjavík 18. 03. 2014
Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

**ÓSKERT ÁUNNIN RÉTTINDI**




**RAUNGENGI KRÓNU** Þrátt fyrir styrkingu er gengið enn lágt sé sagan skoðuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Krónan styrkst umtalsvert:

## Hæsta gengi krónu frá hruni

Raungengi krónunnar var á fyrsta fjórðungi þessa árs 11,7% hærra en á sama tíma í fyrra. Er þá miðað við hlutfallslegt neysluverð en greining Íslandsbanka greinir frá þessu í Morgunkorni sínu. Var raungengið, á þennan mælikvarða, það hæsta frá hruni á fyrsta fjórðungi þessa árs og hafði hækkað um 24,9% frá því að það fór lægst eftir hrun.

Krónan hefur því styrkst umtalsvert á þessum tíma á þennan mælikvarða. Þrátt fyrir það er raungengi krónunnar enn nokkuð lágt sögulega séð eða ríflega 11% undir meðaltali síðastliðins aldarfjórðungs. - fbj

# VORIÐ er komið

## Í HÚSASMIÐJUNA OG BLÓMAVAL



**Gulir túlípanar**
**999 kr**
10 stk.



**Ástareldur** 999 kr Páskagulur

**Vor Erica** 979 kr Ný vara!

**Páskaliljur** Tet a tet 349 kr ~~479 kr~~



**Háþrýstidæla C110.4-5 X-TRA**
110bar,1400W, 5m slanga.
440ltr/klst.
5254233

**Háþrýstidæla C110** 14.995 kr. ~~19.995 kr~~



weber

**Gasgrill Weber** 86.900 kr. Q300

- Hitamælir í loki.
- Brennari: 6,35 kW
- Grillflötur: 63x45 cm
- Veglegur undirvagn
- Postulín, glerungshúðuð grillgrind úr pottstáli

3000253



**Hleðsluborvél** 9.995 kr. ~~13.995 kr~~

**Rafhlöðuborvél**
Black&Decker EPC12CAB
2 rafhlöður
5245999



**Rafhlöðuborvél** 21.995 kr 10.8V

**Rafhlöðuborvél 10.8V**
DS10DFL, 2 rafhlöður Li-ion.
34 Nm, nett en öflug. Aðeins 1 kg.
5246795



**Author Orbit** 26.690 kr. Barnahjól

**Author Orbit 16"**
Bremsur: Tektro 855 AL
Fótbremsur, Þyngd: 9.1 kg
3899943/44



**Keðjusög** 15.995 kr ~~18.895~~

**Rafmagnskeðjusög 2000-40**
Texas 2000W - 40cm blað.
Mjúkt grip, þyngd 4.5kg
5083575



**Hekkklippur** 9.995 kr Rafmagns TEXAS 550W

**Hekkklippur EH550**
Texas 550W - 51cm blað.
Klippigeta 20 mm, þyngd 4.2kg
5083600



**Hekkklippur** 1.499 kr Frábært verð

**Hekkklippur**
5084715

## Höfum opnað nýja gólfefnadeild í Skútuvogi




blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Bindur byggðakvótinn útgerð við byggðarlag?

# Ábyrgur taprekstur

Ákvörðun útgerðarfyrirtækisins Vísis hf. um að loka fiskvinnslu sinni á Húsavík, Djúpavogi og Þingeyri og flytja störfin til Grindavíkur hefur valdið fjaðrafoki.

Á Alþingi í síðustu viku voru eigendur fyrirtækisins útmálaðir með klisjukenndum hætti sem kaldrifjaðir kvótakóngar, meðal annars með tilvísun til þess að Vísir hefði fengið úthlutað byggðakvóta á stöðunum. Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, sakaði Vísi um skort á samfélagsábyrgð. „Líta þessir aðilar í Grindavík á þetta fólk sem hefur byggt upp þessi fyrirtæki sem einhverja þræla í vinnubúðum sem þeir geta tekið með sér á þann stað sem þeir kjósa hverju sinni? Eða er þetta fólk sem á rétt til að stunda vinnu á þeim stöðum sem það býr á, þar sem það hefur byggt upp heimili sín?“



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra sagði ákvörðunina mikil vonbrigði og hann og ríkisstjórnina ætla að „skoða öll þessi mál til grunna“.

Það er skiljanlegt uggur á litlum stöðum yfir missi margra starfa. Látum vera að bæjaryfirvöld og verkalýðsfélög á hverjum stað horfi þröngt á sína byggðarhagsmuni. Það virkar hins vegar alveg fráleitt ef ráðherra ætlar að fara að skipta sér af ákvörðun einkafyrirtækis um að hagræða í rekstri sínum.

Hér er ekki um það að ræða að burgeisar sem fengu kvótann gefins selji hann, stingi ágóðanum í vasann og skilji fólkið eftir atvinnulaust eins og í ljótu sögunum frá fyrstu árum kvótakerfisins. Hér er fyrirtæki í fullum en þungum rekstri, sem greiðir þjóðinni drjúgt gjald fyrir afnot sín af auðlindinni og þarf að taka erfiðar ákvarðanir um hvernig er bezt að bregðast við breytingum í umhverfinu.

Það er heldur ekki boðlegt að saka Vísismenn um skort á samfélagsábyrgð. Þeir hafa boðið öllu starfsfólkinu störf í Grindavík og aðstoð við flutninga og húsnæðisleit. Þeir hafa líka boðizt til að útvega þeim sem ekki vilja flytja störf við nýja starfsemi á stöðunum þremur.

Það er hins vegar rangt að fólk eigi einhvern „rétt“ á að stunda vinnu á staðnum þar sem það býr. Ef sá réttur væri til staðar væri í dag rekin alls konar óhagkvæm og þá væntanlega ríkisstyrkt starfsemi á stöðum sem fóru í eyði fyrir löngu.

Hvað rökin um byggðakvótann varðar benda Vísismenn á að á móti samanlagt 623 tonna byggðakvóta sem fyrirtækinu hefur verið úthlutað undanfarin fimm ár, hafi það unnið tæplega 50 þúsund tonn af fiski í byggðarlögunum þremur. Byggðakvótinn skiptir því í rauninni engu máli í þessu samhengi.

Í þessu máli er þeim sjónarmiðum enn og aftur haldið á lofti að það sé réttlætanlegt út frá sérhagsmunum einstakra byggðarlaga að reka óhagkvæman sjávarútveg, þar sem veiðiheimildir eru bundnar við sjávarplássin og fyrirtæki skikkuð til að hafa starfsemi á ákveðnum stöðum. Heildarhagsmunir greinarinnar og íslenzks efnahagslífs eru hins vegar þeir að rekinn sé öflugur og hagkvæmur sjávarútvegur, þar sem stjórnvöld virða það að eigendur fyrirtækja eru bezt til þess fallnir að ákveða hvernig starfsemi þeirra sé háttað.

Kjarni málsins er það sem Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis, sagði í fréttum okkar á Stöð 2: „Það er engin samfélagsleg ábyrgð fólgin í því að halda áfram einhverju sem ekki gengur. Samfélagslega ábyrgðin felst í því að gera breytingar sem nauðsynlegar eru.“

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

GEÐVERND

# Aðalfundur
## Geðverndarfélags Íslands

Aðalfundur Geðverndarfélags Íslands verður haldinn laugardaginn 12. apríl nk. að Hátúni 10, 9. hæð, kl. 10.
**Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.**

Að loknum aðalfundi heldur **Tytti Solantaus,** barna- og unglingageðlæknir frá Finnlandi, erindi:

***Working with parents with mental health issues in different settings – experiences and research.***

**Stjórnin**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lítt hrifinn stjórnarþingmaður

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir á Facebooksíðu sinni að hann hafi aldrei farið í launkofa með litla hrifningu sína á skuldaniðurfellingarleið á verðtryggðum skuldum. Hann segist hins vegar hafa lýst yfir stuðningi sínum á að fara blandaða leið stjórnarflokkanna, sem verði aldrei fullkomlega réttlát frekar en aðrar aðgerðir stjórnvalda í efnahagsmálum. Brynjar bætir síðan við að þessi leið sé í samræmi við kosningaloforð stjórnarflokkanna og því lýðræðisleg. Það er ávallt gaman að heyra þegar þingmenn segja hreinskilnislega frá afstöðu sinni til mála þrátt fyrir að hún sé að einhverju leyti í andstöðu við verk stjórnarinnar.

### Ólýðræði ríkisstjórnarinnar

Það vekur hins vegar athygli að Brynjar segir leiðina í samræmi við kosningaloforð stjórnarflokkanna og því lýðræðislega. Það er nefnilega þannig að önnur kosningaloforð þeirra hafa verið illa svikin. Skýr loforð sem gefin voru ítrekað af flestum þeim sem nú mynda ríkisstjórn. Það er leið þeirra við umsókn Íslands í ESB. Sú leið sem fara á er í fullkomnu ósamræmi við kosningaloforð og því liggur beinast við að spyrja þingmanninn: Er hún ólýðræðisleg?





### Ekki hugmynd

Hún var nokkuð dökk myndin sem Seðlabanki Íslands málaði vegna uppgjöra slitabúa föllnu bankanna og áhrifa þeirra á þjóðarbúið. Seðlabankinn væri engu nær um það núna en fyrir nokkrum árum hvernig ætti að leysa út krónueignir í eigu kröfuhafa bankanna. Þjóðarbúið hafi ekki efni á að leysa þær út og fara þurfi aðrar leiðir en í gegnum viðskiptajöfnuð. Aðspurð um hvaða leiðir það séu sagði Sigríður Benediktsdóttir, hagfræðingur hjá bankanum, að menn hefðu enga hugmynd. Það er nefnilega það.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Barnapakkinn

SAMFÉLAG



**Dagur B. Eggertsson**
borgarstjóraefni Samfylkingarinnar í Reykjavík

Það er erfitt hjá mörgum barnafjölskyldum að láta enda ná saman og eiga fyrir fjölbreyttum frístundum fyrir krakkana og öðrum útgjöldum. Tónlist, íþróttir og aðrar skipulagðar frístundir eru engu að síður ómetanlegur undirbúningur fyrir framtíðina. Það er prinsipp að efnahagur foreldra ráði ekki úrslitum um þátttöku í frístundastarfi. Samfylkingin kynnti því tillögur um hækkun frístundakorts úr 30.000 í 50.000 á hvert barn á stefnuþingi um helgina. Þetta verður innleitt í áföngum og útfært í samráði við frístundageirann.

Hækkun frístundakortsins er hluti af „barnapakka“ Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Borg sem er góð fyrir börn hlúir að framtíðinni. Þannig borg er góð fyrir alla.

**Barnapakkinn er í fjórum liðum**

- Í fyrsta lagi. Reykjavík er og verði áfram hagstæðust fyrir fjölskyldur. Þetta þýðir að samanlagðir skattar, fasteignaskattar, gjöld og gjaldskrár verði áfram hagstæðust í Reykjavík í samanburði við önnur sveitarfélög.
- Í öðru lagi. Systkinaafsláttur verði veittur þvert á skólastig. Reykjavík býður ríkulega systkinaafslætti fyrir barnafjölskyldur. Þessi nýjung þýðir að fjölskyldur fái afslátt vegna systkina þó að annað þeirra sé á leikskóla en hitt í grunnskóla. Þetta teljum við vera sanngjarna kjarabót sem nýtist barnmörgum fjölskyldum.
- Í þriðja lagi. Frístundakort verði hækkuð úr 30.000 kr. í 50.000 kr. á hvert barn á kjörtímabilinu, skv. útfærslu sem unnin verði í samstarfi við íþróttafélög, tónlistarskóla og æskulýðssamtök. Við höfum áhyggjur af því að sum börn fari á mis við skipulagt tómstundastarf vegna fjárhagsaðstæðna. Með því að hækka frístundakortið vinnum við gegn því.
- Í fjórða lagi. Bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla verði brúað með fjölbreyttum aðferðum í áföngum. Þetta er risastórt samfélagslegt verkefni sem mun taka tíma en er ekki að hægt skilja eftir til úrlausnar fyrir foreldra ungra barna. Fæðingarorlof þarf að lengja. Síðan þarf að tryggja öryggi og auðveldara aðgengi að þjónustu eftir að orlofi lýkur í samvinnu við dagforeldra, ungbarnaleikskóla en síðast en ekki síst að krakkar komist yngri inn á venjulega leikskóla.

Barnapakkinn er eitt af aðalstefnumálum Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Öll stefnumál okkar taka mið af fimm ára áætlun um fjárhag Reykjavíkurborgar og ábyrgri stefnu í fjármálum borgarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Riddarar á hvítum hestum

MENNTUN



Arngrímur Thorlacius
dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands, búsettur á Hvanneyri

Síðustu vikur hafa málefni Landbúnaðarháskóla Íslands verið áberandi í fjölmiðlum. Tilefnið er fyrirhuguð sameining skólans við Háskóla Íslands. Um sameiningarhugmyndina sýnist sitt hverjum. Heimóttur, nágranni minn, bendir á að samstarf við myrku öflin í Reykjavík kunni ekki góðri lukku að stýra. Maður réttir þessu fólki litla fingur og það tekur báða handleggina. Öðrum verður tíðrætt um samlegðaráhrif við rekstur gæðakerfa og nauðsynlegra námskeiða á meistara- og doktorsstigi. Hér er ávinningurinn augljós og greinilega sýnu meiri fyrir litlu eininguna. Heimóttur telur hins vegar ljóst að kennsla í búfjárrækt endi öll í Húsdýragarðinum og jarðræktarnámið í Grasagarðinum þar við hliðina á.

### Galli á gjöf Njarðar

Skóla þessum var ýtt úr vör meira af vilja en mætti 2005 með sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Garðyrkjuskóla ríkisins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Hið opinbera hefur aldrei fyllilega axlað ábyrgð á stofnun hans. Frumkvæðið var alfarið hjá landbúnaðarráðuneytinu sáluga og markmiðin voru skýr. Til að öðlast lífsins rétt þyrfti hinn nýi skóli að hafa 300 til 500 háskólanema á sínum snærum, enda væri reksturinn annars óforsvaranlegur. Sá galli var þó á gjöf Njarðar að ekki fylgdi þjónustusamningur sem tryggði fjármögnun þessarar nauðsynlegu stækkunar og við fjárlagagerðina var fylgt gömlum hefðum og reddað í horn með aukafjárlögum.

Ég hef fylgst með málefnum landbúnaðarháskólans um langt árabil. Það er mín skoðun að ef yfirstjórn skólans hefði á einhverjum tímapunkti ákveðið að halda rekstrinum innan ramma fjárlaga, þá hefði það jafngilt lokun. Það hefði tæpast verið vilji þings og þjóðar. Skólinn hefur nú náð áðurnefndu markmiði um nemendafjölda.

### Keyrt áfram á þrjóskunni

Háskólamenntunin sem við veitum okkar nemendum reynist þeim vel og hún er alls ekki dýr á landsvísu. Framlag skólans á sviði rannsókna myndi skipa okkur vel ofan við meðallag íslenskra háskóladeilda. Eftir hrunið mikla hefur ofan í vanáætlanir verið dembt hverjum niðurskurðinum á fætur öðrum. Líkt og á Landspítalanum höfum við starfsfólkið keyrt þetta áfram á þrjóskunni.

Þær hugmyndir sem ráðherra og ráðuneyti menntamála hafa sett fram um sameiningu eru að mínu viti fyrstu merki um áhuga hins opinbera á að finna varanlega og raunhæfa lausn fyrir Landbúnaðarháskólann. Og gott betur. Hér var að finna atriði sem ég hefði ekki þorað að vonast eftir. Það var því næsta undarleg upplifun þegar fram ruddist vösk sveit riddara á hvítum hestum til að bjarga okkur frá þessu bjargræði. Tryggja yrði sjálfstæði skólans hvað sem tautar og raular.

**➜ Og bændasamtök lýðveldisins, þau vilja taka olnbogabarnið að sér og reka sem sjálfseignarstofnun. Allt hlýtur að vera betra en að láta okkur sprenglærða ofvitana annast þetta. Ég óttast að fyrirhuguð sjálfseignarstofnun gæti reynst fóstra sínum þung í skauti. Er ekki komið nóg af Heimóttarskap? Við verðum að leysa þessi mál burtreiðalaust.**

### Burtreiðalaust

Þetta minnti mig á atriði sem ég sá í mynd (um riddara) með Monty Python fyrir mörgum árum, nema hvað þá hló ég. Hvað felst í þessu sjálfstæði? Sjálfstæði Bjarts í Sumarhúsum, segir Heimóttur keikur. Nú þykir riddurum undarlegt að ráðherra málaflokksins vilji ekki ólmur kúvenda og styðja þessa sjálfstæðisbaráttu. Maðurinn er þrátt fyrir allt sjálfstæðismaður. Og bændasamtök lýðveldisins, þau vilja taka olnbogabarnið að sér og reka sem sjálfseignarstofnun. Allt hlýtur að vera betra en að láta okkur sprenglærða ofvitana annast þetta. Ég óttast að fyrirhuguð sjálfseignarstofnun gæti reynst fóstra sínum þung í skauti. Er ekki komið nóg af Heimóttarskap? Við verðum að leysa þessi mál burtreiðalaust. Á Íslandi eru þrátt fyrir allt engir hvítir hestar, aðeins gráir.

# Viðhorfið skiptir máli

SAMFÉLAG



Elín Oddný Sigurðardóttir
skipar 3. sæti á lista Vinstri grænna í Reykjavík

„Sífellt fleiri á framfærslu borgarinnar" – Þannig hljómar fyrirsögn á frétt sem vísir.is birti fyrir helgi. Samkvæmt fréttinni hefur þeim fjölgað sem hafa fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta og langtímaatvinnuleysi aukist. Eftir hrun ákvað ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna að lengja bótarétt atvinnuleysistrygginga úr þremur árum í fjögur. Sú ákvörðun hefur nú verið tekin til baka, því fjölgar þeim sem hafa fullnýtt bótarétt sinn, þó atvinnuástand hafi almennt batnað.

Vissulega er það rétt að langtímaatvinnuleysi hefur aukist sem skilar sér meðal annars í því að fleiri verða að leita á náðir sveitarfélaganna um framfærslu. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er öryggisnet sem grípur þá sem framfleyta sér. Við erum ekki að tala um fólk sem gerir sér það að leik sínum að vera „á framfærslu" samborgaranna. Við erum að tala um fólk sem á ekki í önnur hús að venda.

### Áhyggjuefni

Það er auðvitað mikið áhyggjuefni að fleiri þurfi að nýta sér fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, ekki síst vegna þess að það er birtingarmynd langtímaatvinnuleysis sem við þurfum að berjast gegn. Við gerum það með samstilltu átaki ríkis og sveitarfélaga og með verkefnum á borð við „Vinnandi vegur" og „Liðstyrk", sem hafa komið fjölda atvinnulausra út á vinnumarkaðinn.

**➜ Það er enginn hægðarleikur að lifa af rétt rúmum 156 þúsund krónum á mánuði. Við leysum ekki vandann með því að tala með niðrandi hætti um þá sem neyðast til að nýta sér fjárhagsaðstoð...**

Við þurfum að aðstoða langtímaatvinnulausa til virkni og þátttöku í samfélaginu en gerum það með jákvæðum og uppbyggjandi formerkjum. Tölum um að útrýma fátækt í stað þess að fækka þeim sem eru á „framfærslu" sveitarfélaganna. Við þurfum fleiri úrræði fyrir atvinnuleitendur og fleiri störf. Umfram allt þurfum við að mæta fólki þar sem það er statt.

### Skaðleg orðræða

Það er enginn hægðarleikur að lifa af rétt rúmum 156 þúsund krónum á mánuði. Við leysum ekki vandann með því að tala með niðrandi hætti um þá sem neyðast til að nýta sér fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, eða með því að gera fjárhagsaðstoðina að vandamáli. Sú neikvæða orðræða um „afæturnar" á samfélaginu er skaðleg. Hún brýtur niður sjálfsmynd þeirra sem nú þegar glíma við erfið vandamál og grefur undan grundvallargildum íslensks samfélags: Að allir skuli fá að lifa með reisn og að engum verði hent út á guð og gaddinn.



# Ferðaþjónusta: Tvær hliðar á peningnum

FERÐAÞJÓNUSTA



Steinar Berg
ferðaþjónustubóndi í Fossatúni

Það var eins og gerst hefði í gær. Við hjón keyptum Fossatún í Borgarfirði í lok árs 2001. Þá eins og nú var litið vonaraugum til framtíðar ferðaþjónustu á Íslandi. Í sumarlok 2003 voru hugmyndir okkar tilbúnar. Við sóttum um í verkefni sem ríkisstjórnin stóð fyrir til uppbyggingar á ferðaþjónustu. Útlistuðum hugmyndir og áætlanir á umhverfi, aðstöðu, nýsköpun, afþreyingu og rekstri. Svar kom frá Byggðastofnun í formi þurrkuntulegrar höfnunar.

Við óskuðum eftir útskýringu á hvað gerði okkur vanhæf að þeirra mati. Í svari sérfræðingsins stóð: „…ástæðan er fyrst og fremst sú að við greiningu umsóknar þinnar kom berlega í ljós að stór hluti starfsemi þinnar er í klárri samkeppni við aðila á Vesturlandi.“

Í mörg ár höfum við gengið með það í maganum að byggja upp tröllagarð í Fossatúni. Árið 2009 fengum við styrk, hálfgerð verðlaun sem nýsköpunarverkefni. iðnaðarráðuneytið og Ferðamálastofa höfðu markað stefnu um að ýta úr vör stærri gerð verkefna og fylgja þeim til loka. Stuðla að uppbyggingu svokallaðra „segla“, þ.e. áfangastaða með aðdráttarafl sem jafnframt styrktu nærumhverfið. Styrkurinn og mótframlagið, margföld styrkjaupphæðin, leiddi til þess að hægt var að ýta úr vör. Forsendur ráðuneytisins: Eftirfylgni verkefnisins – gufuðu upp og eftir stóð hálfköruð hugmynd.

### Óvinveitt einkaaðilum

Áunnin reynsla á vettvangi styrkja leiddi til þess að við ákváðum að hætta umsóknum. Niðurstaðan: Ferkantað kerfi, óvinveitt einkaaðilum í ferðaþjónustu; tímafrek vinna og útlagður kostnaður; ólíklegir fengnir styrkir aldrei nema hluti upphaflegrar áætlunar og því íþyngjandi.

Undantekningin sannar regluna, hugsuðum við í byrjun síðasta árs þegar auglýsing frá Vaxtarsamningi Vesturlands um Öndvegisstyrk birtist. Þar stóð: „Verkefnið þarf að grundvallast á vel unninni viðskiptaáætlun, hafa skírskotun til svæðisins, og nýsköpunar í atvinnulífi þess, ásamt því að skapa störf. Einstaklingar og starfandi fyrirtæki eða samstarf fleiri fyrirtækja geta sótt um styrki.“

Við slógum til. Lögðum inn útfærða hugmynd um tröllagöngu. Helli, gönguleið, styttur af tröllum, upplýsingar – upplifun tengda þjóðsagnaarfinum, frítt fyrir gesti. Til viðbótar við helmings fjárframlag létum við það loforð fylgja að kæmi til styrkveitingar myndum við taka upp heilsársopnun í Fossatúni og styrkja þannig ferðaþjónustuumhverfið á Vesturlandi. Heilsársopnun þýðir: Taprekstur utan háannar í einhver ár áður en svar fæst við því hvort fyrirkomulagið standi undir sér.

### Níu orða höfnun

Við fengum níu orða höfnun. Aftur ákváðum við að fara fram á útskýringu. Svarið kom: „…að engir formlegir samstarfsaðilar voru í verkefninu og verkefnið byggðist á verulegum framkvæmdum vegna fjárfestinga eins félags og þá gátu samkeppnissjónarmið haft þar áhrif.“

Þetta kom tröllslega spánskt fyrir sjónir. Í umsóknarferlinu hringdum við í forsvarsmann Vaxtarsamnings Vesturlands til að fá staðfestan skilning á texta auglýsingarinnar: „Einstaklingar og starfandi fyrirtæki eða samstarf fleiri fyrirtækja geta sótt um styrki.“ Forráðamaður sagði að þetta þýddi nákvæmlega það sem þarna stóð. Við skrifuðum til baka og vísuðum til þessara samskipta. Forstöðumaðurinn svaraði að stjórn Vaxtarsamnings Vesturlands hefði eftir að umsóknir bárust ákveðið að breyta auglýstum forsendum og takmarka við samstarf aðila. Útiloka þannig einstaklinga og einstök fyrirtæki sem lagt höfðu inn umsóknir. Forstöðumaður frábað sér útskýringar á hvernig samkeppnissjónarmið voru metin okkur til vansa og kvaðst ekki mundu eiga frekari samskipti um þetta mál!

**➜ Svona eru sem sagt dæmisögurnar úr raunveruleikanum. Er alltumlykjandi styrkjakerfi á forræði ríkisins rétta leiðin? Eitt er að safna í sjóði, annað að útdeila.**

Svona eru sem sagt dæmisögurnar úr raunveruleikanum. Er alltumlykjandi styrkjakerfi á forræði ríkisins rétta leiðin? Eitt er að safna í sjóði, annað að útdeila. Á hugmyndin ekki að vera verðugri en umsækjandinn? Er rétt aðferðafræði að nánast útiloka einstaklinga í rekstri frá aðgengi? Reynslan er ólygin og afleiðingin sú að landeigendur hafa ákveðið að styrkja sjálfa sig milliliðalaust. Það eru nefnilega tvær hliðar á peningnum og það þarf að ræða þær báðar.




# Orkustöðin Ísland

AUÐLINDIR
Arnfríður Guðmundsdóttir
Baldur Kristjánsson
Hjalti Hugason
Sigrún Óskarsdóttir
Sólveig Anna Bóasdóttir
guðfræðingar

Oft er sagt að náttúra Íslands sé hlaðin orku. Orka er auðlind sem ekki má fara til spillis.

### Sæstrengur?

Mikið er nú rætt um sæstreng sem tengt geti landið við raforkukerfi Evrópu. Sum vona að þessi leið til útflutnings á orku valdi því að hér verði ekki haldið áfram þeirri stóriðjustefnu sem fylgt hefur verið. Önnur vona að hér sé komin leið til að auka hlutfall „grænnar“ orku í álfunni, vinna gegn mengun og hægja á loftslagsvánni. Þá kunna einhver að sjá í sæstreng leið til skjótfengins gróða.

En hvernig mun íslensk þjóð með sæstreng haga forgangsröðun sinni? Hagkvæmast hlýtur að vera að flytja sem mesta orku um strenginn og hætt er við að við búum ekki yfir því siðferðisþreki sem þarf til að nota slíka mjólkurkú af hógværð og stillingu. Um það vitna þeir lífshættir sem þjóðin hefur tamið sér á undanförnum áratugum. Líklegast er að okkar mati að sæstrengur viðhaldi þeirri stórvirkjanastefnu sem hér hefur verið fylgt undanfarið.

### Óbreytt ástand ekki í boði

Jafnframt dafnar draumsýnin um olíuvinnslu á Drekasvæðinu. Draumurinn um sæstreng til nálægra landa og olíupalla í Norðurhöfum vekur efasemdir um yfirlýsingar sumra um „græna“ orku. Er hugsanlegt að tal um hana beri of oft vitni um hræsni og yfirdrepsskap?

Lífsgæðakröfur okkar eru miklar. Við eigum fleiri orkufreka bíla á hvert mannsbarn en flestar þjóðir. Kröfur okkar um húsnæði eru einnig meiri í fermetrum talið. Neysla okkar krefst aukins hagvaxtar og að mati margra verður hann einkum sóttur í orkuauðlindirnar.

**➜ En til er önnur leið til að beisla orkuna sem býr í náttúru landsins en sæstrengur og olíuvinnsla. Hún felst í að búa með og hvíla í náttúru landsins og öðlast þannig aukin lífsgæði og aukinn kraft. Þetta er sú reynsla sem flestir ferðamenn sækjast eftir.**

Eflaust er það von einhverra að orkan muni gera okkur kleift að viðhalda núverandi orkukrefjandi lífsstíl. Þá vill gleymast að óbreytt ástand er ekki í boði. Í náinni framtíð munu loftslagsbreytingarnar kalla okkur vestrænar þjóðir til ábyrgðar sem aðeins verður öxluð með endurskoðuðu lífsmunstri.

### Önnur leið

En til er önnur leið til að beisla orkuna sem býr í náttúru landsins en sæstrengur og olíuvinnsla. Hún felst í að búa með og hvíla í náttúru landsins og öðlast þannig aukin lífsgæði og aukinn kraft. Þetta er sú reynsla sem flestir ferðamenn sækjast eftir. Þetta er líka eina fullkomlega sjálfbæra orkunýtingin. Hlutverk okkar er að leitast við að varðveita og viðhalda hinni náttúrulegu orku landsins og skila henni til komandi kynslóða. Til þess þurfum við að endurskoða núverandi lífsstíl okkar. Við verðum að sönnu að virkja áfram til að mæta brýnustu þörfum samtímans. En það verðum við að gera með því að sýna í verki umhyggju fyrir náttúrunni og komandi kynslóðum.

Náttúra Íslands býr yfir orku sem vekur undrun og eftirvæntingu, virðingu og von. Með því að beisla hana af ábyrgð og umhyggju fyrir óbornum kynslóðum, sýnum við henni þá virðingu sem henni ber sem hluta af hinum góðu gjöfum Guðs. Látum ekki græðgi afbaka skilning okkar á náttúrunni og valda því að við tæmum þá fjársjóði náttúrunnar sem okkur hefur verið treyst fyrir.

# Árlegur skrípaleikur leikskóla Reykjavíkur

DAGVISTUN



Þóra Björk Friðriksdóttir
dagforeldri

Nú er að byrja sá tími sem Reykjavíkurborg fer að senda dagforeldrum í borginni kaldar sumarkveðjur með því að tilkynna foreldrum barna sem eru með börnin sín hjá dagforeldrum að það sé að losna pláss á leikskólum 1. júní.

Síðustu ár hefur Reykjavíkurborg herjað á dagforeldra með allskyns breyttum reglum og yfirgangi, virðist sem stjórnendur Reykjavíkur vilji bara ekki hafa dagforeldra í borginni, þar má nefna þessa 1. júní breytingu.

Áður var það venja að börn voru hjá dagforeldrum fram að sumarfríi og hófu svo aðlögun á leikskóla að fríi loknu, samkomulag sem kom öllu vel. Dagforeldrar voru tekjulausir í júlí og tóku sitt sumarfrí þá en með þessari breytingu hjá Reykjavíkurborg þá er það svo í dag að margir dagforeldrar eru nú tekjulausir í tvo mánuði á ári, þ.e.a.s. júní og júlí, vegna þess að börnum er troðið inn í leikskóla án þess að það sé pláss. Þetta er falið með svokölluðum „útideildum“ fyrir elstu börnin, að auki eykst álag á foreldra þar sem aðlögun hefst nú í júní, svo tekur sumarfrí við og stundum aftur hálfgerð aðlögun með tilheyrandi fríum foreldra og margföldu álagi á starfsfólk leikskólanna eftir sumarfrí.

Auðvitað ætti það að vera réttur foreldra að velja á milli þess að hafa barn hjá dagforeldri eða í leikskóla og borga sama gjald en svo er ekki, það er himinn og haf milli þess jafnræðis sem ætti að ríkja í vali fyrir foreldra.

**➜ Hvernig væri að foreldrar myndu nú láta heyra í sér varðandi þessi mál eða er þeim alveg sama?**

Í dag er það svo að Reykjavíkurborg niðurgreiðir rúmlega tvöfalt hærri upphæð með hverju barni í leikskóla en barni sem er vistað hjá dagforeldri auk þess sem foreldrar þurfa að greiða hærra með barninu hjá dagforeldrinu.

Hvernig væri að foreldrar myndu nú láta heyra í sér varðandi þessi mál eða er þeim alveg sama? Leikskólastjórum ber að virða óskir foreldra um hvenær vistun hefst í leikskóla og ætti að vera foreldranna val að klára vistun fram að sumarfríi hjá dagforeldri til að minnka rót hjá börnunum.

Það verður að minnsta kosti magurt sumar hjá mörgum dagforeldrum enn eitt árið þar sem dagforeldrar eiga ekki einu sinni rétt á atvinnuleysisbótum þrátt fyrir að Reykjavíkurborg taki af þeim vinnuna. Ætli það sé hægt að komast að í mötuneyti Ráðhússins?



FLUTTIR HEIM Í LÁGMÚLANN
OPNUNAR TILBOÐ
FRÁ 1966
Pioneer HLJÓMTÆKI
X-EM11
TILBOÐ 19.900
Hljómtækjastæða
Verð: 25.900
Pioneer HLJÓMTÆKI
X-HM11-K
TILBOÐ 27.900
Hljómtækjastæða
Verð: 34.900
Pioneer HLJÓMTÆKI
X-SM00
TILBOÐ 29.900
iPod vagga
Verð: 39.900
Pioneer HLJÓMTÆKI
DEH-X3500UI
TILBOÐ 21.500
Bíltæki
Verð: 28.900
Pioneer HLJÓMTÆKI
DCS-222K
5.1 rása
TILBOÐ 36.900
DVD-Heimabíókerfi
Verð: 49.900
Pioneer HLJÓMTÆKI
DCS-222K
TILBOÐ 9.900
DVD spilari
Verð: 14.900
UE46F5005AK
SAMSUNG
46"
TILBOÐ 159.900
Drauma dagar
LED
Verð: 189.900
UE50F5005AK
SAMSUNG
50"
TILBOÐ 199.900
Drauma dagar
LED
Verð: 249.900
UE46F6675
SAMSUNG
46"
TILBOÐ 269.900
Drauma dagar
LED·SmartTV
Verð: 299.900
Nintendo
Wii mini
Wii U
NINTENDO DS
Tveir litir
Kr. 5.990
Kr. 7.990
Kr. 9.450
Kr. 8.990
Kr. 5.99
SPENNA
SNERPA
SNILLD
Kr. 7.990
Kr. 8.990
Mario Kart fylgir
Verð: 26.900 I Verð: 69.900 I Verð: 29.900
Ljósaperan enduruppgötvuð
LIFX SMART LED LJÓSAPERA
· 40.000 tíma ending sem gerir 27 ár miða við 4 klst. notkun á dag.
· 1017 Lumens í fullum styrk
· 17W í fullum styrk en 9W í 50% styrk.
· Allt að 16 milljón litir mögulegir og hvítt ljós 2700-8000 Kelvin.
· LIFX snjallforrit í Apple iOS 6+ eða Android 4.0+
· Stuðningur við allt að 60+ perur á sama netkerfi.
LIFX
Verð: 15.900
SAMSUNG NX 1000 { TIL BÆÐI SVÖRT OG HVÍT }
TILBOÐ 79.900
Wi Fi CERTIFIED
SAMSUNG
· 20.3 milljón pixlar
· 20-50 mm linsa fylgir
· APS-CMOS Sensor
· 8 rammar á sek.
· Direct Wi-Fi
· I-Function linsa
· Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek.
· ISO 100-12800
· Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
· Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði
· Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)
SAMSUNG GALAXY Tab 2
fylgir með vélunum
Kaupauki
Samsung GALAXY Tab 2
7" WiFi spjaldtölva
fylgir með í kaupunum
SHARP
LC39LE351
39"
TILBOÐ 119.900
LED
Verð: 144.900
SHARP
LC39LE751
39"
TILBOÐ 149.900
LED
Verð: 189.900
SHARP
LC50LE651
50"
TILBOÐ 219.900
LED
Verð: 279.900
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK
SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS






# Bara gumpurinn upp úr?

EVRÓPUMÁL



Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra

Þorsteinn Pálsson, Benedikt Jóhannesson, Ólafur Stephensen og allir þið hinir rúmlega fimmtíu og tvö þúsund Íslendingar, sem skrifað hafið undir eindregin tilmæli um að þjóðaratkvæði verði látið ganga um hvort aðildarviðræðum við Evrópusambandið verður fram haldið eða ekki – nú vitið þið það.

Alveg sama hvort slík atkvæðagreiðsla verður haldin eða ekki. Alveg sama um hver niðurstaðan verður. Alveg sama hvort tekst að stöðva framgang tillögu ríkisstjórnarinnar um tafarlaus slit viðræðnanna eða hvort ykkur tekst að fá því slegið á frest. Ekkert framhald viðræðna mun eiga sér stað með Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn sitjandi í stjórnarráðinu.

Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur tekið af öll tvímæli um það. Formaður Framsóknarflokksins sömuleiðis, Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra ítrekaði það í Kastljósi RÚV mánudagskvöldið 24. mars. Heyrandi heyrið þið þó ekki. Sjáandi sjáið þið þó ekki. Ekkert framhald getur orðið nema skipt verði um fólk í stjórnarráðinu. Nema aðrir komi þar að en ráða flokkunum tveimur, Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki.

Er ykkur ekki enn orðið þetta ljóst? Skortir ykkur skilning, skortir ykkur vit – eða er sjálfsblekkingin bæði viti og skynsemi yfirsterkari? Stingið þið bara höfðinu í steininn eins og formanni Heimssýnar, Vigdísi Hauksdóttur, er tamast að orða það?

**Samsekir**

Það er á ábyrgð ykkar, Þorsteins, Benedikts og – sennilega – Ólafs líka og auk þess margra annarra í hinum rúmlega fimmtíu og tvö þúsund manna hópi, að núverandi stjórnarherrar fengu umboð til þess að stöðva framhald viðræðna við ESB og skella þannig í lás einu dyrunum sem opnar stóðu til þess að geta með annarra hjálp klofið þann skafl hörmunga og hafta, sem flokkarnir ykkar, Framsókn og Sjálfstæðisflokkur, báru höfuðábyrgð á að hrundi yfir íslenska þjóð. Þið eruð samábyrgir um niðurstöðuna.

Vissulega létuð þið blekkja ykkur með innantómum yfirlýsingum um að þjóðin yrði spurð og fengi að ráða. Þannig létuð þið blekkja ykkur og þannig hjálpuðuð þið til við að blekkja aðra. Það voru ekki bara Sigmundur Davíð, Bjarni Benediktsson, Hanna Birna, Illugi og hvað þeir annars heita allir postularnir, sem lofuðu sér um þveran hug. Þið tókuð þátt í því. Þið létuð ekki bara blekkjast – þið blekktuð líka. Hjálpuðuð til. Hjálpuðuð til að raungera það, sem þið alls ekki sögðust vilja. Og nú uppskerið þið ávöxtinn. Ríkisstjórn, sem mynduð er af Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum, segist undir engum kringumstæðum munu taka að sér það verkefni að halda viðræðum við ESB áfram hvað sem líður vilja þjóðarinnar

**➜ Vissulega létuð þið blekkja ykkur með innantómum yfirlýsingum um að þjóðin yrði spurð og fengi að ráða. Þannig létuð þið blekkja ykkur og þannig hjálpuðuð þið til við að blekkja aðra.**

– og ykkar. Það mun ekki gerast nema þjóðin feli öðrum það verkefni. Foringjarnir, kjörnir og studdir af ykkur, hafa tekið af öll tvímæli um það.

**Hvað um ykkar atbeina?**

Nema þjóðin feli öðrum það verkefni! Munuð þið veita ykkar atbeina til þess? Munuð þið með stuðningi þess mikla fjölda úr íslensku atvinnu- og félagslífi, sem ykkur eru sammála, leggja allt ykkar í sölurnar til þess að gerbreyta viðhorfi ykkar flokka og ef það ekki tekst að taka þá þeim afleiðingum sem óhjákvæmilegar eru og styðja þá eða stofna til stjórnmálasamtaka sem vilja veita þeim viðhorfum brautargengi sem þið teljið vera mikilvægust til þess að tryggja framtíðarhagsmuni íslenskrar þjóðar?

Nú snýr spurningin að ykkur – en ekki að Bjarna Benediktssyni eða Sigmundi Davíð. Er eitthvað ykkur að marka? Er einhvern dug til ykkar að sækja? Eða látið þið yfir ykkur ganga að vera blekktir – og að hjálpa til þess að blekkja aðra? Er höfuðið fast í steininum, eins og Vígdís myndi orða það!?! Bara gumpurinn upp úr?

# Þörf er á lögbundnum lágmarkslaunum!

KJARAMÁL



Lilja Rafney Magnúsdóttir
alþingiskona

Ég er fyrsti flutningsmaður frumvarps um lögbindingu lágmarkslauna sem lagt var fram á dögunum. Steingrímur J. Sigfússon og Birgitta Jónsdóttir eru meðflutningsmenn þingmálsins.

Tilgangur laganna er að innleiða og viðhalda beinni tengingu lægstu grunnlauna við landsmeðaltal neysluviðmiðs og að bein tengsl séu á milli lágmarkslauna og neyslu- og framfærslukostnaðar í landinu.

Vinnumálastofnun er ætlað að hafa eftirlit með því að lögunum sé framfylgt og hefur í þeim tilgangi aðgang að launaútreikningum vinnuveitenda.

Sá eiginleiki neysluviðmiðs, að sýna raunverulegan kostnað vegna útgjalda við framfærslu, er vel til þess fallinn að mæla breytingar á framfærslukostnaði í landinu.

Tenging á milli neysluviðmiðs og lægstu launa á því að tryggja að launin fylgi þróun verðlags og kaupmáttar og draga úr hættunni á því að lægstu launin haldi ekki í við þróunina.

Þrátt fyrir þann árangur sem verkalýðshreyfingin hefur náð á undanförnum áratug í að hífa upp lægstu launin þá eru þau því miður enn alltof lág og í raun ekki mannsæmandi í okkar þjóðfélagi sem telst vel efnum búið á heimsvísu.

Tilgangur þessa frumvarps er ekki að taka fram fyrir hendur stéttarfélaga í samningum um betra kaup og bætt kjör fyrir sitt fólk, það verkefni mun áfram brenna á verkalýðsforystunni þótt lágmarkslaun verði bundin í lög.

Lögum um lágmarkslaun er ekki ætlað að fara fram með óraunhæf yfirboð heldur taka mið af raunsæjum grunni til að byggja á sem er ætlað að falla að því félagslega stuðningskerfi sem við höfum í landinu, s.s. í formi vaxtabóta, húsaleigubóta, barnabóta og þrepaskipts skattkerfis.

Ósjaldan heyrast háværar raddir gegn hækkunum lægstu launa frá atvinnulífinu einnig frá ríkinu og nú síðast frá Seðlabanka Íslands þegar launafólk á almenna vinnumarkaðnum gerði kröfu til sérstakrar hækkunar á lægstu laun. Láglaunafólki virðist öllum öðrum fremur ætlað að bera ábyrgð á verðbólgu/þenslu og annarri efnahagslegri óáran og því heyrist einatt hljóð úr horni ef krafist er hærri launa þeim til handa.

Samanburður launa innan launþegahreyfingarinnar hefur verið ákveðinn dragbítur á verulega hækkun lægstu launa. Nauðsynlegt er að horfast í augu við það.

**Mikið verk að vinna**

Þrátt fyrir það að hlutfall Íslendinga undir lágtekjumörkum sé verulega lægra en innan ESB þá er enn mikið verk að vinna hjá aðilum vinnumarkaðarins við að ná launum upp miðað við raunframfærslu fólks, þar sem allir þættir eru teknir inn í myndina þó án nokkurra lúxusviðmiða.

Vinnumarkaðurinn glímir enn við mikinn kynbundinn launamun og benda má á bág kjör t.d. erlends verkafólks, umönnunarstétta og almenns verkafólks í landinu. Verkakonur voru t.d. með lægstu laun fullvinnandi launamanna hér á landi árið 2012.

Þeim fullyrðingum hefur verið haldið á lofti að lögbinding lágmarkslauna veikti verkalýðshreyfinguna og að hennar væri ekki þörf þar sem sterk verkalýðshreyfing væri til staðar. Ég tel þessa staðhæfingu vera barn síns tíma og veruleikinn er sá að í 21 ríki af 28 ríkjum ESB eru lögbundin lágmarkslaun og í Þýskalandi, sem er fjölmennasta ríki ESB, er stefnt að lögbindingu lágmarkslauna 1. janúar 2015. Vinstri menn settu þá kröfu fram og börðust fyrir henni.

Í Kanada og í Bandaríkjunum eru lögbundin lágmarkslaun og enn fremur í fjölda annarra ríkja sem teljast hafa þróað efnahagskerfi og hefur útbreiðslan aukist frá síðustu aldamótum og ein skýringin á því er talin vera vaxandi undirboð á vinnumarkaði í kjölfar aukins flæðis vinnuafls á milli ríkja.

Þessi þróun sýnir að þörfin fyrir lögbindingu lágmarkslauna er vissulega til staðar í nútímasamfélagi. Henni er ekki ætlað að veikja kjarabaráttuna heldur þvert á móti að bregðast við aðkallandi vandamáli og verða hvatning til fjölmennra samtaka launafólks að ná fram betri árangri til handa launafólki.

Samfélagið ber ábyrgð á því fólki sem býr við lökust kjörin og því er það líka ábyrgð löggjafans ekki síður en aðila vinnumarkaðarins að fólki séu tryggð mannsæmandi kjör.

**➜ Lögum um lágmarkslaun er ekki ætlað að fara fram með óraunhæf yfirboð heldur taka mið af raunsæjum grunni til að byggja á sem er ætlað að falla að því félagslega stuðningskerfi sem við höfum í landinu...**

# Krafa ÖSE um umbætur á fyrirkomulagi kosninga

KOSNINGAR



**Þorkell Helgason**
hefur verið ráðgjafi um kosningamál í áratugi

Á þessu ári eru liðin 140 ár frá því að fyrst var kosið til Alþingis sem löggjafarþings. Jafnframt eru 110 ár síðan hlutfallskosningar voru innleiddar hér á landi. Engu atriði stjórnarskrár hefur jafn oft verið breytt og ákvæðum um kosningar til Alþingis og fá ef nokkur löggjöf hefur verið sömu breytingum undirorpin og kosningalög. Engu að síður er fyrirkomulag þingkosninga um margt úrelt. Kosningalögin hafa aldrei verið yfirfarin í heild sinni og aðlöguð aðstæðum, hvað þá samræmd sívaxandi kröfum um fullan jöfnuð atkvæða og persónuval svo að tvö þungvæg atriði séu nefnd.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) fylgdist með framkvæmd alþingiskosninganna 2009 og 2013 og gaf út skýrslur með athugasemdum og aðfinnslum. Í skýrslunni um fyrri kosningarnar eru 13 ábendingar um það sem betur megi fara. Þar sem á engum þeirra var tekið milli kosninganna er upptalningin endurtekin og aukin í umfjölluninni um seinni kosningarnar. Í skýrslunni 2013 eru dregin saman 15 tilmæli, þar af sex sett í sérstakan forgang.

**Ein mikilvægustu tilmæli ÖSE lúta að eftirfarandi:**

- **Jöfnun kosningaréttar**
  Verulegt ósamræmi er milli vægis atkvæða eftir búsetu. Sumir kjósendur hafa helmingi meira vægi en aðrir. ÖSE lagði á það ríka áherslu þegar í skýrslunni 2009 að ekki mætti lengur dragast að jafna kosningaréttinn. Stofnunin heldur sig við sinn keip í skýrslu sinni 2013 og bendir á að ójafn kosningaréttur stangist á við þá grundvallarsamþykkt samtakanna frá árinu 1990 sem kennd er við Kaupmannahöfn. Jafnframt rifjar ÖSE upp að Feneyjanefndin svokallaða hafi fagnað því að í frumvarpi að nýrri stjórnarskrá sem lá fyrir Alþingi veturinn 2012-13, og ættað var frá Stjórnlagaráði, hafi verið kveðið á um fulla jöfnun kosningaréttar. ÖSE harmar greinilega að þessari tillögu hafi verið hafnað.

- **Samræming á framkvæmd kosninga**
  ÖSE þykir glundroði ríkja í stjórn kosningamála þar sem við sögu koma innanríkisráðuneyti, landskjörstjórn, yfirkjörstjórnir og mýgrútur undirkjörstjórna. Boðvald er afar óskýrt. T.d. hefur landskjörstjórn ekkert yfir yfirkjörstjórnum að segja. Í skýrslu sinni 2009 segir ÖSE að veita eigi landskjörstjórn aukið umboð og fela henni stærra hlutverk. Undir þetta tók Stjórnlagaráð í frumvarpi sínu að nýrri stjórnarskrá.

- **Um gildi kosninga**
  Samkvæmt gildandi lögum er Alþingi dómari í eigin máli þar sem þingið úrskurðar sjálft um gildi þingkosninga. Eðlilega gerir ÖSE alvarlegar athugasemdir við þetta fyrirkomulag og vill að dómstólar hafi lokaorðið um gildi kosninga svo og um allar kosningakærur. Bendir ÖSE á ákvæði í svonefndu Moskvuskjali stofnunarinnar frá 1991 þessa efnis. Stjórnlagaráð var sama sinnis og vildi færa úrskurðarvaldið frá Alþingi til landskjörstjórnar, en öllum úrskurðum hennar væri síðan hægt að skjóta til dómstóla.

- **Framboð liggi fyrir áður en kosning hefst**
  Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst áður en framboðsfresti lýkur. Kjörseðlar eru þá ekki tilbúnir. Þetta gerir kosningaathöfnina ómarkvissa og takmarkar mjög möguleika kjósenda til útstrikana svo eitthvað sé nefnt. Þetta ósamræmi þekkist ekki í löndunum í kringum okkur. Í skýrslunni 2009 segir ÖSE þetta ótækt en tjáir sig með hógværum hætti 2013 og segir fyrirkomulagið „óheppilegt“!

- **Um persónukjör**
  Í þing- og sveitarstjórnarkosningunum er skylt að bjóða fram lista. Kjósendur geta breytt röð frambjóðenda og strikað út nöfn á þeim listum sem þeir greiða atkvæði sitt. En áhrif slíkra breytinga hafa lengst af verið lítil sem engin. Þó var vald kjósenda talsvert aukið með kosningalögum árið 2000. Kjósendur hafa samt aldrei verið upplýstir að neinu gagni um þessa möguleika þrátt fyrir lagafyrirmæli þar að lútandi. Svo virðist sem stjórnvöld vilji hafa hljótt um þennan rétt kjósenda. ÖSE bendir á þessa grafarþögn í skýrslu sinni 2013 og mælist til þess að kjósendur verði betur upplýstir, m.a. í ríkissjónvarpinu. Stjórnlagaráð vildi ganga mun lengra og leyfa kjósendum alfarið að sjá um uppröðun á framboðslistum. En það er önnur og lengri saga.

**➜ Kosningalögin hafa aldrei verið yfirfarin í heild sinni og aðlöguð aðstæðum.**

Athyglisvert er Stjórnlagaráð og ÖSE eru sammála um margt, ef ekki flest, í þeim umbótum sem gera þarf á kosningakerfinu. Unnt er að verða við nær öllum tilmælum ÖSE með því einu að breyta kosningalögum. Stjórnarskrárbreytinga er aðeins þörf í einu tilviki. Sama gildir raunar um breytingar þær sem Stjórnlagaráð lagði til. Þær rúmast langflestar innan gildandi stjórnarskrár. En í ljósi slæmrar reynslu af vilja og verklagi Alþingis í þessum efnum vildi Stjórnlagaráð að meginatriði í fyrirkomulagi kosninga yrðu negld niður í stjórnarskrá.

Það er ekki seinna vænna að hrinda í framkvæmd þeim umbótum á kosningakerfinu sem ÖSE leggur til, nú þegar brátt eru liðin fimm ár frá því að stofnunin bar fram tilmæli sín. Stjórnvöld geta ekki virt tilmæli þessarar alþjóðastofnunar að vettugi.

**visir.is**
Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

# Breyttir tímar, ný þekking

HEILBRIGÐISMÁL

**Guðrún Ebba Ólafsdóttir**
**Gunnhildur Bragadóttir**
**Edda Arinbjarnar**
**Kristín I. Pálsdóttir**
**Þórlaug Sveinsdóttir**
sitja í ráði og vararáði Rótarinnar

Þegar Samtök áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann, SÁÁ, voru stofnuð ollu þau straumhvörfum í þjónustu og hugmyndum um fólk með fíknivanda. Þeirra tíma hugmyndir voru þær að alkóhólistar sjálfir væru best til þess fallnir að hjálpa öðrum alkóhólistum. Sú stefna var ríkjandi í meðferðargeiranum frá því um miðja 20. öld, sérstaklega í Bandaríkjunum og er í samræmi við hugmyndafræði AA-samtakanna sem stofnuð voru á fjórða áratugnum. Mikilvægt tæki í baráttu fyrir betri þjónustu við fólk með fíknivanda var svo sjúkdómsmódelið sem réttlætti það að fólk fengi þjónustu heilbrigðiskerfisins.

Margir Íslendingar sem hafa fengið hjálp hjá SÁÁ eru samtökunum þakklátir enda er það ekki lítils virði að komast út úr vítahring fíknar og eignast eðlilegt líf. Fólki er því tamt að líta á samtökin sem góðgerðarsamtök og lítur ef til vill á alla gagnrýni á fyrirkomulag meðferðarmála sem árásir.

Gallinn við fyrirkomulagið eins og það er nú er m.a. að Vogur er einkasjúkrahús, sjúklingarnir greina sig sjálfir, panta pláss og aðeins ein greining er í boði; lífshættulegur heilasjúkdómur. Þar að auki eru samtökin svo að segja með einokunarstöðu á markaði með áfengissjúklinga sem þurfa á afvötnun að halda. Þeir geta ekki leitað annað.

Rannsóknir á áhrifum áfalla á heilsufar eru að gjörbylta hugmyndum um fíkn. Tölur um fjölda þeirra sem koma til meðferðar og eiga sér sögu um að hafa verið beittir ofbeldi ætti líka að vera hrópandi vísbending. Þessi tiltölulega nýja þekking hefur grafið undan heimsyfirráðum sjúkdómsmódelsins og langt í frá að það sé eining um það.

### Fjölbreyttra úrræða þörf

Rótin vill að komið verði á fót virkri miðlægri innlagnarmiðstöð og skráningu eins og lagt er til í skýrslu heilbrigðisráðherra um þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur á Íslandi sem lögð var fyrir Alþingi 2004-2005. Í tillögum skýrslunnar segir um slíka miðstöð: „Það mundi gefa betri yfirsýn yfir þann hóp sem þarf á sérhæfðri áfengis- og vímuefnameðferð að halda, nýtingu þeirra úrræða sem fyrir hendi eru og hugsanlega gefa möguleika á stýringu í úrræði við hæfi hverju sinni.“

**➜ Rótin vill að komið verði á fót virkri miðlægri innlagnarmiðstöð og skráningu eins og lagt er til í skýrslu...**

Rótin leggur áherslu á fjölbreytt úrræði fyrir fólk með fíknivanda. Við þurfum að horfast í augu við þá staðreynd að vandinn er fjölbreyttur, ekki gildir það sama fyrir alla, t.d. þurfa ekki allir að fara í afvötnun í tíu daga eða innlögn á meðferðarstöð. Það er mikilvægt að notkun fjármuna í þessum málaflokki sé markviss og að fjármunirnir nýtist þeim sem á þurfa að halda.

Sem betur fer er fólk farið að taka fyrr á vanda sínum og þarf því annars konar úrræði en þau sem tíðkuðust í meðferð á áttunda áratugnum. Sumir þurfa mjög mikla hjálp og í langan tíma á meðan öðrum nægir göngudeildarmeðferð til að leysa sinn vanda. Nákvæm greining í upphafi og heildræn nálgun, þar með talið með tilliti til áfallasögu, skipta höfuðmáli.

Þá má ekki gleyma börnum og unglingum í vímuvanda, sem mikið hefur verið fjallað um undanfarið, en þessi ungmenni eiga ekkert erindi með langt gengnum vímuefnasjúklingum í meðferð. Í þeim málum þarf grettistak.



# Stjórnvöld, sýnið djörfung!

MENNING



**Gunnar Guðbjörnsson**
óperusöngvari og formaður Félags íslenskra tónlistarmanna – klassískrar deildar FÍH

Tólf þúsund Íslendingar hafa farið í Hörpu og séð óperuna Ragnheiði eftir Gunnar Þórðarson.

Móttökurnar minna á gulldaga Íslensku óperunnar og vísa til mikils áhuga Íslendinga á listforminu. Í ljósi vinsælda Ragnheiðar var málþingið um framtíð óperuflutnings á Íslandi á dögunum fyllilega tímabært. ÍÓ hefur verið gagnrýnd fyrir staðnað verkefnaval en það má rekja til flutnings í Hörpu og niðurskurðar sem þykir aðeins leyfa sýningar markaðsvæna verka og hindra tilraunir. Þeim mun ánægjulegra er að Ragnheiður sló í gegn.

Í Þýskalandi, þar sem ópera á sér miklu lengri hefð en hér, eru menn óhræddir við nýbreytni. Bayreuth-hátíðin leitaði t.d. samstarfs við umdeilda listamenn eins og Lars von Trier og Jonathan Meese. ÍÓ ætti ekki að einskorða sig við slíkt en heldur ekki óttast listrænar áskoranir á borð við þær sem við sáum í nýjustu uppfærslunni á Englum alheimsins. Oft þarf að fara út fyrir þægindahringinn til að tengjast nýjum áhorfendum.

**Grunnstoð allra lista**

Nýsköpun er grunnstoð allra lista. Treysta má sambandið við vana óperugesti með hefðunum og ögra lítillega í túlkun sígildra verka en laða nýja áhorfendur að með fjölbreytni og nýsköpun.

**➜ Með góðu skipulagi og samstarfi við ferðaþjónustuna má einnig stækka áhorfendahópinn og fjölga viðburðum sem ferðamenn vilja kynnast.**

Óperulistformið krefst þess að við sýnum djörfung þótt við virðum um leið fjögur hundruð ára hefð þess.

Frjótt íslenskt tónlistarumhverfi gæti stutt við sköpun aðgengilegra óperuverka eins og Ragnheiðar og samtímis greitt götu ögrandi tónlistarleikhúss með tónsköpun í ætt við þá sem þekkist á Myrkum músíkdögum. Slíkt opnar fyrir alþjóðasamstarf og erlenda styrki eins og í kvikmyndaiðnaði. Með góðu skipulagi og samstarfi við ferðaþjónustuna má einnig stækka áhorfendahópinn og fjölga viðburðum sem ferðamenn vilja kynnast.

Á málþinginu var nýsköpun talin mikilvæg við framtíðarstefnumótun óperunnar. En það er um tómt mál að tala nema viðhorf stjórnvalda gagnvart listforminu breytist, stuðningur við ÍÓ aukist og verkefnasjóðir styrki sjálfstæðar óperuuppfærslur. Án fullnægjandi opinbers stuðnings verður Ragnheiður ekki sú lyftistöng sem hún ella getur orðið.

# Sjálfsmynd og veikindi

HEILBRIGÐISMÁL



**Anna Sigríður Jökulsdóttir**
sálfræðingur, félagi í Sálfræðingafélagi Íslands

Heilsubrestur getur valdið því að fólki finnist það minna virði en áður eða minna virði en aðrir. Margir kannast við að geta ekki gert það sama og áður, líða öðruvísi, líta öðruvísi út og hugsanir geta komið upp um að hafa brugðist og vera byrði. Margt af því sem fjallað er um hér á bæði við um þann veika og aðstandendur og flest á það erindi hvort sem um krabbamein eða annan heilsubrest er að ræða.

Veikindum fylgja oft verkir sem hægja á hugsun, hreyfingum, viðbrögði, trufla einbeitingu, minni og svefn. Þreyta og verkir geta valdið því að fólk hefur minni samskipti og tækifærum til að tjá sig, skemmta sér, upplifa nýja hluti og fá viðurkenningu fækkar. Viðbrögð og viðhorf annarra hafa áhrif á sjálfsmyndina, ekki síður hjá þeim sem bera ekki veikindi utan á sér. Allt þetta getur aukið óöryggi og líkur á einangrun.

**Vítahringir**

Með minni virkni, lækkuðu sjálfsmati, verkjum og fleiru getur depurð orðið hluti af einkennamyndinni. Fólk getur fundið fyrir viðkvæmni, pirringi, óstöðugleika í tilfinningum og erfiðleikum með að taka ákvarðanir. Náin samskipti geta orðið flóknari, breytt hlutverk haft áhrif auk minnkaðrar getu til að njóta kynlífs og fleira. Vítahringir vanlíðunar geta myndast og mikilvægt er að leita lausna sem henta hverjum og einum. Fagfólk veitir upplýsingar, ráð og meðferð og hjá Embætti landlæknis má finna klínískar leiðbeiningar sem taka mið af bestu þekkingu á hverjum tíma. Ýmis félagasamtök styðja auk þess við sjúklinga og aðstandendur. Ef um krabbamein er að ræða veitir Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélags Íslands ráðgjöf, fræðslu og stuðning.

Breytingar vegna heilsubrests gerast oftast á mun styttri tíma en það tekur væntingar og viðhorf að breytast. Þetta á bæði við um þann veika og aðstandendur. Það er eðlilegt að upplifa áfall og sorg í þessu tilliti og mikilvægt að meðtaka og vinna úr erfiðum tilfinningum.

**Jafningjastuðningur**

Að sama skapi er mikilvægt að huga vel að þeim þáttum sem gera mann að þeirri manneskju sem maður er og leggja áherslu á það sem maður getur, hefur gagn af, dreymir um og þykir skemmtilegt. Sjálfsmynd sem dregur fram margþætta eiginleika hefur aukinn sveigjanleika og styrk til að standa af sér mótlæti. Það er hollt fyrir sjálfsmyndina að rækta styrkleika sína og meðtaka veikleika. Það eykur líkurnar á að fólk geri raunhæfar kröfur til sín og annarra.

Það er erfitt að sætta sig við að ná ekki þeim markmiðum sem maður hefur sett sér og ærið verkefni að laga markmið sín að breyttum aðstæðum. Það er einnig eðlilegt að þarfir fólks aukist undir álagi. Það er því nauðsynlegt að ígrunda nýjar leiðir og nálgun til að rækta það sem hverjum og einum er mikilvægt.

**➜ Veikindum fylgja oft verkir sem hægja á hugsun, hreyfingum, viðbragði, trufla einbeitingu, minni og svefn. Þreyta og verkir geta valdið því að fólk hefur minni samskipti og tækifærum til að tjá sig, skemmta sér, upplifa nýja hluti og fá viðurkenningu fækkar.**

Undirrituð sér um jafningjastuðning Krafts, sem er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Það hefur reynst mörgum vel, bæði sjúklingum og aðstandendum, að eiga samskipti við jafningja, einstakling sem hefur reynt svipað og maður stendur sjálfur frammi fyrir. Það er oft léttir að finna þann skilning sem einungis næst með sameiginlegri reynslu og jafningjastuðningur getur spornað gegn einangrun og veitt nýja sýn. Jafningjastuðningur á vegum Krafts er veittur af stuðningsfulltrúum sem hafa setið sérstakt stuðningsfulltrúanámskeið og hljóta reglulega endurmenntun og sinna þessu sjálfboðastarfi undir handleiðslu sálfræðings. Sálfræðingurinn tekur á móti öllum beiðnum um stuðning, finnur stuðningsfulltrúa sem hentar og hefur eftirfylgni með því að hafa samband að stuðningi loknum. Jafningjastuðningurinn er að kostnaðarlausu og farið er með öll samtöl sem trúnaðarmál.


Lægri vextir á bílalánum

Landsbankinn býður betri kjör í apríl. Lægri vextir á nýjum bílalánum og afsláttur af lántökugjöldum. Kynntu þér málið á landsbankinn.is/istuttumali.

Lánshlutfall allt að 75%

Allt að 7 ára lánstími

Engin stimpilgjöld



# Opið bréf til Illuga menntamálaráðherra

MENNTUN



**Eydís Hrönn Tómasdóttir**
kennaranemi

Komdu sæll, Illugi.

Fyrrverandi skólafélagi minn, hann Haraldur Reynisson, skrifaði þér opið bréf þann 5. febrúar sl., eða fyrir tæpum tveimur mánuðum, þar sem hann lagði fyrir þig ákveðnar spurningar vegna útgáfu ráðuneytis þíns á leyfisbréfum til valinna einstaklinga. Þú hefur ekki enn svarað bréfi hans og því vildi ég fylgja því eftir hér.

Ég tilheyri, líkt og Haraldur, hópi nemenda sem hóf kennaranám sitt haustið 2009 og lauk því árið 2012. Ég stundaði nám mitt við Háskóla Íslands á Laugarvatni ásamt bestu vinkonu minni. Við höfðum báðar ætlað okkur að byrja í náminu haustið 2007, en urðum báðar ófrískar og hættum því við. Munurinn var sá að vinkona mín hafði innritað sig í skólann áður en hún hætti við. Ég íhugaði að innrita mig, en gerði það ekki. Við hófum hins vegar hvorugar nám haustið 2007 og hófst skólagangan okkar ekki fyrr en haustið 2009.

Ég og umrædd vinkona mín keyrðum saman frá Stokkseyri upp á hvern einasta dag í þrjú ár. Við tókum sömu námskeiðin, við skiluðum sömu verkefnunum og við lærðum saman undir próf. Við sóttum líka báðar um leyfisbréf að lokinni útskrift árið 2012 og fengum báðar synjun. Ég fór áfram í meistaranám, en vinkona mín hætti í námi.

Það kom síðan smám saman í ljós að einhverjir aðilar, sem stundað höfðu kennaranám á sama tíma og við, höfðu fengið útgefið leyfisbréf frá ráðuneytinu þínu. Það gerist síðan í lok september á síðasta ári, eða fyrir um hálfu ári, að verkefnastjóri á skrifstofu menntamála í ráðuneytinu þínu fullyrðir við nemendur í 2012-árganginum að þeir eigi allir rétt á leyfisbréfi. Við glöddumst vitanlega mjög og sendum flest inn nýjar umsóknir um leyfisbréf sama dag. Sú gleði var hins vegar skammvinn þar sem viðkomandi verkefnastjóri sagðist nokkru síðar hafa farið með rangt mál og að við ættum í raun ekki rétt á leyfisbréfi.

### Fátækleg svör

Það sem kom okkur hins vegar meira á óvart, og olli okkur meiri vonbrigðum, er að nokkur þeirra sem sóttu aftur um leyfisbréf sl. haust vegna þessarar yfirlýsingar verkefnastjórans, eftir að hafa fengið synjun árið 2012, fengu nú skyndilega útgefið leyfisbréf! Í þeim hópi var einmitt besta vinkona mín, manstu Illugi, þessi sem tók nákvæmlega sömu námskeið, skilaði sömu verkefnum, lærði með mér undir próf og keyrði með mér í skólann í þrjú ár.

Hún er nú komin með leyfisbréf sem veitir henni réttindi til kennslu. Mér er hins vegar synjað um slíkt leyfisbréf og sagt að ég þyrfti að klára meistarapróf til að fá það útgefið. Það hefur sem betur fer ekki slest upp á vinskap okkar tveggja vegna þessa, en hitt get ég sagt þér Illugi, að þetta hefur gert það að verkum að ég hef misst allt traust á ráðuneyti þínu.

**➜ Við höfum skrifað þér ítarleg bréf, en fengið fátækleg svör. Við höfum líka kvartað vegna vinnubragða ráðuneytis þíns til umboðsmanns Alþingis.**

Vegna þess með hvaða hætti ráðuneyti þitt hefur komið fram hefur stór hópur nemenda, að mér meðtalinni, leitað til lögfræðings í þeirri von að það megi leiðrétta það ranglæti sem hefur átt sér stað. Þetta veistu. Við höfum skrifað þér ítarleg bréf, en fengið fátækleg svör. Við höfum líkað kvartað vegna vinnubragða ráðuneytis þíns til umboðsmanns Alþingis. Þetta allt hefur kostað okkur tíma og peninga, Illugi, og við gerum þetta ekki okkur til skemmtunar.

Spurningar mínar til þín eru þær sömu og hann Haraldur beindi til þín fyrir tveimur mánuðum, enda er þeim enn ósvarað af þinni hálfu:

1 Af hverju þarf ég að ljúka mastersnámi til að fá útgefið leyfisbréf, en ekki besta vinkona mín, eða þeir tugir aðila sem stunduðu sama nám á sama tíma og hafa nú fengið útgefið slíkt bréf?

2 Telurðu þér heimilt að mismuna fólki í þínum störfum eða að taka ákvarðanir sem byggja á geðþótta? Telurðu að þú sért hafinn yfir jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnsýslulaga?

Með von um skjót svör.

# Af fundarsetu bæjarstjórnar á Seltjarnarnesi

STJÓRNMÁL



**Margrét Lind Ólafsdóttir**
oddviti Samfylkingarinnar á Seltjarnarnesi

Það var aldeilis áhugavert frétt í Morgunblaðinu sunnudaginn 29. mars um bæjarstjórnarfundi á Seltjarnarnesi en þar kemur fram að fundirnir séu yfirleitt mjög stuttir. Þetta er allt gott og blessað og er það svo að bæjarmál eru þess eðlis að meiri- og minnihluti vinna sameiginlega að hagsmunum bæjarbúa og eins og fram kemur þá fer mikið starf fram innan nefndanna. Við í Samfylkingunni fögnum því sem vel er gert og vinnum svo sannarlega með hagsmuni bæjarbúa að leiðarljósi.

Það er hins vegar ekki ávallt þannig að við séum sammála um málefni eða hvernig staðið er að þeim og þykir mér þessi fréttaflutningur ákaflega einhliða og óneitanlega veltir maður fyrir sér hvort tilgangurinn hefur verið sá einn að hampa meirihluta bæjarstjórnar Seltjarnarness, þ.e. Sjálfstæðisflokknum, þar sem ekkert var rætt við minnihlutann við gerð þessarar fréttar.

Það er í raun látið í það skína að við séum sammála um allt og að engin ágreiningsmál séu til staðar. Það er nú ekki alveg svo enda er berlega hægt að sjá það á fundargerðum bæjarins að tekist er á um hin ýmsu málefni bæjarins þegar svo ber undir og má til dæmis benda á að Samfylkingin sat hjá vegna fjárhagsáætlunar bæjarins 2014 og einnig þriggja ára fjárhagsáætlunar og er hægt að lesa bókanir þar um og ótalmargt fleira.

**➜ Því miður hefur borið á því að nefndir hafa verið sniðgengnar um sum málefni...**

Það er rétt sem kemur fram í fréttinni að góð og mikilvæg vinna fer fram í nefndum bæjarins en þó er það svo að það eru ekki allar ákvarðanir teknar á nefndarfundum. Því miður hefur borið á því að nefndir hafa verið sniðgengnar um sum málefni og ákvarðanir verið teknar án þess að fyrir liggi samþykki nefnda þar um og afgreiðslan eftir því.

Ég tel heillavænlegra að viðhafa þannig vinnubrögð að ákvarðanir séu byggðar á ígrunduðum faglegum vinnubrögðum og allar upplýsingar liggi fyrir til hagsbóta fyrir bæjarfélagið.

Það er nefnilega svo margt sem gerist á vettvangi bæjarstjórnar og ætti umræðan að snúast um annað og meira en stuttar fundarsetur. Við sem störfum fyrir Samfylkinguna á Seltjarnarnesi höfum ávallt hagsmuni bæjarbúa og starfsmanna að leiðarljósi í öllu okkar starfi og umfram allt að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð í hvívetna.



## MERKISATBURÐIR

**1912** - Titanic lagði úr höfn í Southampton á Englandi.

**1933** - Togarinn Skúli fógeti strandaði vestan við Staðarhverfi í Grindavík. Tólf menn fórust og höfðu þeir allir farist áður en björgunarmenn komu á vettvang.

**1940** - Alþingi fól ríkisstjórninni konungsvald eftir að Þjóðverjar hernámu Danmörku.

**1956** - Friðrik 9. Danakonungur og Ingiríður drottning hans komu í fjögurra daga opinbera heimsókn til Íslands.

**1970** - Paul McCartney gaf út yfirlýsingu þess efnis að Bítlarnir væru hættir.

**2010** - Lech Kaczyński, forseti Póllands fórst í flugslysi ásamt 95 öðrum í grennd við borgina Smolensk í Rússlandi.



**FALLEGUR BÆR** Grindavíkurbær er með líflega höfn. MYND/ÞORSTEINN GUNNARSSON

# Grindavíkurhreppur varð kaupstaður

**Grindavíkurbær fagnar í dag fjörutíu ára kaupstaðarafmæli sínu við mikil hátíðarhöld, en kaupstaðurinn var áður Grindavíkurhreppur sem hafði verið til síðan á landnámsöld.**

„Það eru liðin fjörutíu ár frá því að Grindavíkurhreppur varð að kaupstað,“ segir Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Grindavíkur, en bærinn fagnar í dag fjörutíu ára kaupstaðarafmæli sínu. „Hreppurinn sjálfur er nú samt búinn að vera til staðar síðan á landnámsöld.“

Í tilefni dagsins verður heljarinnar afmælisdagskrá í bænum. „Við erum búin að vera með viðburði allt árið og munum halda því áfram,“ segir Róbert. „Það verður hátíðarbæjarstjórnarfundur klukkan fimm með forseta Íslands og þar verða heiðursviðurkenningar og síðan eru skemmtanir úti um allan bæ,“ segir bæjarstjórinn en dagskrá hátíðarhaldanna má finna á heimasíðu bæjarins. Þar er að finna allt frá uppistandi Ara Eldjárn til Grindavíkurkróniku á kaffihúsi Bryggjunnar. „Síðan er bókasafnið okkar að flytja í nýja og betri aðstöðu og ákváðum við að nýta tækifærið í tilefni afmælisins og gefa bæjarbúum afmælisgjöf,“ segir Róbert en allar sektir bókasafnsins verða lagðar niður í dag. „Við ákváðum að fella niður allar skuldir þeirra sem eiga eftir að skila til þess að vera viss um að bækurnar skili sér á nýja safnið.“ Ekki nóg með að kaupstaðurinn sjálfur eigi fjörutíu ára afmæli heldur er sundlaug bæjarins einnig tuttugu ára og bókasafnið hundrað og tíu ára gamalt.

Bæjarstjórinn hvetur alla sem hafa tök á að mæta. „Það er gaman fyrir íbúa höfuðborgarinnar að koma og upplifa þessa sjávarútvegsstemningu,“ segir Róbert. „Hér erum við með líflega höfn og mikið um að vera.“

baldvin@frettabladid.is

---

†



Ástkær móðir mín,
tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓLÖF ODDNÝ JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri 6. apríl sl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 14. apríl kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð á Akureyri.

**Hjörtur og Steingerður,**
**Karl, Ólöf og fjölskyldur.**

---

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir,
tengdamóðir, amma, langamma og dóttir,

**GUÐNÝ PÁLA RÖGNVALDSDÓTTIR**
**Kirkjusandi 5, Reykjavík,**

lést á heimili sínu sunnudaginn 6. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 16. apríl næstkomandi kl. 13.00.

**Hörður Björnsson**
**Rögnvaldur H. Jónsson** **Mar Martinez**
**Hörður M. Harðarson**
**Björn Arngríms Harðarson** **Nanna Ólafsdóttir**
**Sigrún Harðardóttir** **Helgi Ómar Bragason**
**Sigurður Harðarson** **Hrönn Stella Jónsdóttir**
**Erla Kristín Harðardóttir**
**Álfhildur Friðriksdóttir** **Gunnar Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**HARALDUR HERMANNSSON**
**frá Yzta-Mói, Fljótum,**
**Sauðármýri 3, Sauðárkróki,**

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki fimmtudaginn 3. apríl. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 19. apríl kl. 11.00. Jarðsett verður að Barði í Fljótum.

**Guðmunda Hermannsdóttir**
**Sigurhanna Ólafsdóttir**
**Jóhanna Petra Haraldsdóttir** **Jónas Svavarsson**
**Linda Nína Haraldsdóttir** **Jón Eðvald Friðriksson**
**Lára Gréta Haraldsdóttir** **Magnús Sigfússon**
**Þröstur Georg Haraldsson** **Guðrún Haraldsdóttir**
**Ellen Hrönn Haraldsdóttir** **Gunnar Björn Ásgeirsson**
**Stefán Logi Haraldsson** **Inga Sesselja Baldursdóttir**
**Róbert Steinn Haraldsson** **Erla Valgarðsdóttir**
**Haraldur Smári Haraldsson** **Eydís Eysteinsdóttir**
**afabörn, langafabörn og langalangafabarn.**

---



†



Ástkærir foreldrar okkar,
tengdaforeldrar, amma
og afi, langamma og
langafi eru látin. Jarðarför

**MARGRÉTAR MAGNÚSDÓTTUR**

sem lést 30. mars, er frestað vegna andláts eiginmanns hennar,

**GUÐMUNDAR SIGURÞÓRSSONAR**

þann 2. apríl. Sameiginleg útför þeirra hjóna verður frá Grafarvogskirkju föstudaginn 11. apríl kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast þeirra er bent á Landspítalann.

**Erna Bjargey Guðmundsdóttir** **Rúnar Vernharðsson**
**Sigurþór Guðmundsson** **Ólöf Ásta Þorsteinsdóttir**
**Margrét Rúnarsdóttir**
**Berglind Rúnarsdóttir** **Þráinn Árni Baldvinsson**
**Nanna Björk Rúnarsdóttir** **Björn Unnar Valsson**
**Auður Ýr Sigurþórsdóttir** **Veigar Pálsson**
**Guðmundur Sigurþórsson**
**Bryndís Ýr Sigurþórsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---

†



Kær systir mín, mágkona og frænka,

**ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**hússtjórnarkennari,**
**Reynimel 36,**

lést sunnudaginn 6. apríl. Útför hennar verður gerð frá Neskirkju þriðjudaginn 15. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Jóhannes Guðmundsson** **Guðrún María Tómasdóttir**
**Jóhanna Guðbjörnsdóttir**
**Þuríður Guðbjörnsdóttir**
**Tómas Jóhannesson**
**Helgi Jóhannesson**
**Sigríður Jóhannesdóttir**
**Guðmundur Þorri Jóhannesson**
**og fjölskyldur.**

---

†



Útför elsku mannsins míns, pabba,
tengdapabba og afa,

**FRIÐRIKS THEODÓRSSONAR**

fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 11. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á að styrkja Lúðrasveit Reykjavíkur, kt. 440269-1929, reikn.nr. 0137-26-10090.

**Edda Völva Eiríksdóttir**
**Hildur Friðriksdóttir** **Jóhannes Albert Sævarsson**
**Hrefna Friðriksdóttir** **Hörður Sigurðarson**
**Halla Rún Friðriksdóttir** **Jón Benóný Reynisson**
**barna- og barnabarnabörn.**

---



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
við andlát og útför ástkærs sonar,
bróður og dóttursonar,

**KARLS VIKARS KRISTJÁNSSONAR**

sem lést 24. mars sl.

**Valdís Óskarsdóttir**
**Kristján Karlsson**
**Davíð Óskar Ólafsson**
**Katla, Kristín Rós og Kristrún Kristjánsdætur**
**Rósa Ólafsdóttir**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, sonur og bróðir,

**VALGEIR BIRGISSON**
**Hlíðarhjalla 51, Kópavogi,**

sem lést 26. mars, **verður jarðsunginn frá Hjallakirkju í dag, fimmtudaginn 10. apríl, kl. 13.00.**

**Valgerður Jóhannesdóttir**
**Helgi Fannar Valgeirsson** **Guðrún Þ. Jónsdóttir**
**Jóhannes Ingi Valgeirsson**
**Birgir Kristjánsson** **Elín Ellertsdóttir**
**og systkini hins látna.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

**GIFTIR**

**Tískuhönnuðurinn Tom Ford tilkynnti nýlega að hann væri giftur félaga sínum til 27 ára, Richard Buckley. Þeir giftu sig í Bandaríkjunum en aðeins nýlega var samkynhneigðum leyft að giftast í Bretlandi. Ford og Buckley kynntust á níunda áratugnum og eiga ungan son saman.**




BRÚÐKAUPSGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum



iittala

10% afsláttur

Tékk KRISTALL

www.tk.is



VATTJAKKAR - NÝ SENDING



Skoðið laxdal.is Yfirhafnir

BERNHARÐ LAXDAL

Vertu vinur á Facebook






KÓSÝKVÖLD

OPIÐ TIL KL 23!

20% afsláttur af öllum vörum!

TUZZI

KRINGLUNNI

SÍMI 5688777




# ÞJÁIST ÞÚ AF BLÖÐRUBÓLGU?

**GENGUR VEL KYNNIR** *Roseberry er öflug, fljótvirk og fyrirbyggjandi lausn gegn blöðrubólgu sem hentar fyrir alla.*

Roseberry er náttúrulegt þrívirkt efni gegn blöðrubólgu sem hefur verið fáanlegt hérlendis sl. 2 ár. Blöðrubólga er algengur kvilli og fá konur hana mun oftar en karlar. Sennilega má rekja hærri tíðni meðal kvenna til þess að þær hafa mun styttri þvagrás en karlar. Roseberry hentar bæði konum og körlum.

**ÞRÍVIRK ÖFLUG BLANDA TRYGGIR ÁRANGUR**

Roseberry inniheldur þykkni úr trönuberjum með háu hlutfalli af PAC sem er virkasta efnið í þykkninu, læknakólfi (hibiscus) og C-vítamíni sem gefur þríhliða virkni og skjóta lausn gegn óþægindum vegna blöðrubólgu.

**FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR**

Kyrrsetufólki, fötluðm, yngri konum og konum á breytingaaldri er hættast við að fá blöðrubólgu. Lykilatriði til þess að forðast þennan sársaukafulla og leiða kvilla er meðal annars að hreyfa sig, drekka ríkulega af vatni, þrífa vel kynfærasvæði eftir klósettferðir, kynlíf og að vera í hreinum nærfatnaði.

**SKJÓTUR ÁRANGUR Í KÖNNUN**

Framleiðandinn Mezina í Danmörku prófaði Roseberry á hópi fólks sem bundinn var við hjólastól og þjáðist af blöðrubólgu og varð árangurinn skjótur hjá 90% þátttakenda í könnuninni.

Roseberry er unnið úr náttúrulegum efnum og ættu allir sem þjást af þessum kvilla að prófa það.

Ráðlegt er fyrir þá sem eru með mikil einkenni að taka inn þrjár töflur á dag í þrjátíu daga en þeir sem vilja fyrirbyggja þennan kvilla taka inn eina til tvær töflur. Gott er að taka töflurnar áður en farið er að sofa.

***Roseberry er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar eru á www.gengurvel.is.***

**ROSEBERRY**

Inniheldur þykkni úr trönuberjum með háu hlutfalli af PAC sem er virkasta efnið í þykkninu.





Fermingartilboð



Svæðisskipt heilsudýna VALHÖLL (eldri gerð)

5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun.

Verð með PU-leðurbotni og fótum.

120x200 cm Tilboðsverð kr. 69.900.-

140x200 cm Tilboðsverð kr. 79.900.-

Ath. takmarkað magn



GJÖF FYLGIR

Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum í ár

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík



Vandyck sængurverasett

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum













# ENGIR FORDÓMAR Í ÞUNGAROKKINU

**ÞUNGAROKKARI** *Jóni Geir Jóhannssyni, trommuleikara Skálmaldar, finnst lopapeysur þægilegasti klæðnaður í heimi. Á tónleikum klæðist hann hins vegar aðeins skosku vinnupilsi og sokkum.*

Jón Geir vakti athygli gagnrýnenda fyrir frækilega frammistöðu á sýningunni Baldri í Borgarleikhúsinu þar sem hann barði húðirnar með hljómsveitinni Skálmöld. Hann vakti einnig athygli blaðamanns fyrir sérstæðan klæðaburð enda klæddist hann aðeins pilsi og svörtum sokkum. „Þetta pils er vinnuútgáfan af skotapilsi, svokallað „utility kilt“, og er hvunndagsútgáfan af fínu köflóttu pilsunum,“ segir Jón Geir sem dagsdaglega starfar sem fagnörd í versluninni Nexus.

Pilsið fann hann og keypti á eBay í þeim tilgangi að nota á tónleikum. „Maður er á svo hrikalega mikilli hreyfingu á tónleikum og valið stóð milli þess að vera í pilsi eða hjólabuxum sem eru ótignarlegasti klæðnaður í heiminum,“ segir Jón Geir hlæjandi. Valið var því ekki erfitt. Hann segir pils af þessu tagi nokkuð algeng í folkmetalgeiranum auk annarra þjóðbúningapælinga.

**KLIPIÐ UNDIR PILSIÐ**

Menn klæðast skotapilsum oft einum klæða, var það þannig í Borgarleikhúsinu? „Nei, mér fannst betra að halda lágmarkssiðsemi, en það hefur alveg komið fyrir á tónleikum þar sem er gríðarlega heitt. Til dæmis á Eistnaflugi. Þá reynir maður að komast hjá sem flestum fötum,“ svarar hann glettinn.

Eini ókostur pilsins er það áreiti sem það leiðir til. „Ég hef komist að því af fenginni reynslu að konur eru mun verri í því að klípa upp undir pils.“

Jón Geir segist spá mun meira í hagkvæmni en tísku. Þannig spilar hann yfirleitt á sokkunum á tónleikum enda finnst honum óþægilegt að spila í skóm. „Raunar spilaði ég í skóm í Borgarleikhúsinu því ég var dálítið að ganga um og gólfið var óþægilegt. Ég fann gamla flókainniskó sem eru lungamjúkir en alveg ægilega ljótir,“ segir Jón Geir og hlær. Hann telur sig heppinn að vera í þungarokksbransanum þar sem flestir eru svartklæddir. „Samt brjótum við þá reglu iðulega og mætum jafnvel í gulum bolum á þungarokkstónleika. En það er í lagi því það eru engir fordómar í þungarokkinu.“

**ULL OG LEÐUR**

Jón Geir kýs iðulega að ganga í náttúrulegum efnum á borð við ull og leður. Lopapeysur eru honum hugleiknar og á hann allnokkrar slíkar. „Flestar eru prjónaðar á mig af fyrrverandi tengdamóður minni sem er einn mesti prjónasnillingur sem ég hef kynnst og virðist prjóna ósjálfrátt. Uppáhaldspeysan mín er þó eftir fyrrverandi konu mína. Hún er grá með karlrún prjónaða framan á hettuna og er ofboðslega flott.“

Að mati Jóns Geirs eru lopapeysur þægilegasti klæðnaður við flestar aðstæður. „Ég geri sérstaklega í því að klæðast þeim þegar við erum að túra úti, bæði af því að það er þægilegt og svo er hún sér íslensk,“ segir Jón Geir sem hefur fengið tilboð í peysurnar sínar en hefur ekki viljað þiggja þau.

Jón Geir er ósjaldan í leðurbuxum. „Það er ótrúleg hitajöfnun í leðurbuxum. Ég hef meira að segja verið í þeim á sólarströnd og það var ekki eins óbærilegt og maður hefði haldið.“

■ solveig@365.is

**PILS OG LOPAPEYSA** Jón Geir í uppáhaldslopapeysu sinni með karlrún prjónaða í hettuna. Pilsið er skoskt vinnupils sem hann keypti á eBay. MYND/GVA

**Í LEÐRI**

„Það er ótrúleg hitajöfnun í leðurbuxum. Ég hef meira að segja verið í þeim á sólarströnd og það var ekki eins óbærilegt og maður hefði haldið.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# BETRI KAUP í nokkra daga



**FÆÐUBÓTAREFNI, FATNAÐUR OG SMÁTÆKI**

**NÚ ER TÍMI TIL AÐ BIRGJA SIG UPP FYRIR RÆKTINA**

**THE PROTEIN WORKS**
Alltaf betri kaup!

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| The protein works Kreatine 500 gr | | 1.999 kr. |
| The protein works Protein 80 , 2kg 80 skammtar | | 7.999 kr. |
| The protein works HNETUSMJÖR 1 KG | | 1.799 kr. |
| The protein works Whey smoothie 500g | 3.999 kr. | 2.999 kr. 25% |
| The protein works Whey smoothie 1 kg | 6.999 kr. | 4.899 kr. 30% |
| The protein works Thermopro fatburner 90 hylki | | 3.999 kr. |
| The protein works CLA fitusýra 120 hylki | | 3.999 kr. |
| The protein works Nýtt ! Raspberry Ketones 60 hylki | | 1.799 kr. |
| The protein works Total Mass 2 kg | | 6.999 kr. |

**Pældu í verðinu!**

**MAXIMUSCLE**

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Maximuscle Nýtt Promax Extreme 1.2 kg | 9.995 kr. | 7.996 kr. 20% |

**PhD**

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| PHD L-GLUTAMIN 550gr 110 skammtar | 4.995 kr. | 3.996 kr. 20% |
| PHD Pharma Pro-3 protein 1.8 kg | 8.995 kr. | 7.995 kr. |

**SLENDERTONE**




| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Slendertone System+ | 29.995 kr. | 26.995 kr. |
| PAKKI belti+pils (rass og læri) | | 36.995 kr. |

**POLAR**

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| POLAR púlsmælir FT2 | 11,995 kr. | 9.995 kr. |
| POLAR púlsmælir FT4 | 15,995 kr. | 13.995 kr. |
| POLAR púlsmælir FT7 | 18,995 kr. | 16.995 kr. |



UNDER ARMOUR®
**30% afsl.** af eldri vörum

**VIÐ AÐSTOÐUM ÞIG AÐ VELJA RÉTTU VÖRURNAR SEM HENTA ÞÉR!**

**50% afsl.** af Hreysti bómullarbolum
Verð áður kr. 2.990.- **Verð nú kr. 1.498.-**

**50% afsl.** af Hreysti hettupeysum renndum/lokuðum
Verð áður kr. 5.995.- **Verð nú kr. 2.998.-**

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 26 ár
1988 - 2014

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
NETSÍÐA: WWW.HREYSTI.IS

maxifuel TRX MAXIMUSCLE maximuscle maxitone LifeFitness IRON GYM SLENDERTONE PhD YORK Reebok POLAR BBE SPORTLINE EAS

# HAUST Í MEXÍKÓ

*__TÍSKA__ Tískuvikunni í Mexíkó er nýlokið en hún fór fram í Mexíkóborg. Sýningin þótti kraftmikil þótt hún væri smá í sniðum í samanburði við tískuvikurnar í London, París eða New York, en tuttugu hönnuðir kynntu haust- og vetrarlínur sínar á pöllunum. Ólíkt stóru tískuvikunum er vikan í Mexíkó bæði á skjön og í takt við alþjóðlegu tískusenuna. Hönnuðirnir eru ekki í kapphlaupi við tískustrauma og jafnvel frumlegri fyrir vikið.*








**Rakanærður líkami – falleg húð**

Yndislegt bodylotion sem gefur húðinni raka og mýkt á einstakan hátt með langvarandi virkni.

Hentar vel fyrir erfið svæði eins og olnboga, hné og fætur.

Almond seed extract og Shea butter sem nærir.

White lupine styrkir varnarfilmu líkamans.

Cherry blossom ilmkjarnar næra húðina og vélrænu skrúbbkornin skilja húðina eftir silkimjúka.

LYFJA - Lifið heil

Lyfja Lágmúli, Lyfja Laugavegur, Lyfja Neskaupsstaður, Lyfja Smáratorg, Lyfja smáralind, Lyfja Keflavík, Lyfja Stykkishólmur.


# LYKLAKIPPUR TIL GÓÐS

*Hlín Reykdal hefur hannað fallegar lyklakippur fyrir Göngum saman sem verða til sölu í apríl.*

Hönnuðurinn Hlín Reykdal og Styrktarfélagið Göngum saman hafa tekið höndum saman og munu selja lyklakippu sem Hlín hannaði fyrir félagið og mun ágóði af sölunni renna í rannsóknasjóð félagsins. Í dag verður hamingjustund í versluninni Kiosk á Laugavegi 65 frá klukkan fimm til sjö þar sem lyklakippan verður frumsýnd. Lyklakippan verður í framhaldinu til sölu í versluninni Kiosk út apríl eða á meðan birgðir endast.

Hlín Reykdal er óþarfi að kynna svo þekkt er hún fyrir hönnun ýmiss konar fylgihluta svo sem hálsmena og armbanda. Í tilefni af fimm ára afmæli Göngum saman fyrir tveimur árum hannaði Hlín armbönd fyrir félagið. „Það var stórkostlegt að koma að styrkveitingu félagsins um haustið þar sem ungur vísindamaður fékk milljónina sem armböndin mín gáfu af sér til að rannsaka brjóstakrabbamein, rannsókn sem einn daginn gæti stuðlað að lækningu. Mig langaði því til að endurtaka leikinn. Þetta er svo skemmtilegt og gefandi verkefni og dásamlegt að fá að vinna með svona sterkum og dugmiklum konum eins og eru í Göngum saman,“ segir Hlín.

Styrktarfélagið Göngum saman styrkir grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini og leggur áherslu á mikilvægi hreyfingar bæði til heilsueflingar og til að afla fjár í styrktarsjóð félagsins.

Vikulegar göngur félagsins eru opnar öllum áhugasömum og upplýsingar um stað og stund er að finna á heimasíðunni gongumsaman.is og á Facebook-síðu félagsins.



**FALLEGAR LYKLAKIPPUR** Allur ágóði af sölu lyklakippna Hlínar mun renna í rannsóknasjóð Styrktarfélagsins Göngum saman en félagið styrkir rannsóknir á brjóstakrabbameini.

Gunnhildur Óskarsdóttir, formaður Göngum saman, segir framlag Hlínar mikils virði fyrir félagið. „Það er heiður fyrir okkur að svona góður hönnuður kjósi að leggja okkur aftur lið með þessum hætti. Við erum afskaplega hrifnar af vörum Hlínar og lyklakippan, sem einnig er hægt að nota sem töskuskraut, er falleg og vönduð gjöf. Það verður auk þess leikur einn að finna lyklana í þeim frumskógi sem venjulegt kvenveski vill stundum vera.“

Lyklakippan fæst í tveimur litum. Hún er handmáluð, hönnuð og framleidd á vinnustofu Hlínar Reykdal í Reykjavík.


















**FLEIRI MYNDIR Á FACEBOOK!**

Vertu vinur okkar á Facebook

**hjá Hrafnhildi**

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

# HEITT Á SUNDLAUGARBAKKANUM

**BAÐFATATÍSKAN** *Nú er vor í lofti og hitastig fer smám saman hækkandi. Senn koma sólríkir sumardagar sem kalla á frískandi sundferðir og gott er þá að tolla í tískunni á sundlaugarbakkanum. Til að vita upp á hár hvað klukkan slær í flottustu baðfatatísku sumarsins gefur hér að líta afrakstur af tískuhönnun áströlsku baðfatatískuvikunnar sem nú stendur yfir í Sydney.*



**GAMALDAGS** Háar bikiníbuxur með „paisley"-munstri frá Surface too Deep.

**SÓLRÍKUR** Litríkt munstur sumarhimins og pálmatrája í bland við svarta borða frá Suboo.

**ELEGANT** Svart- og hvítmynstrað bikiní með svörtum böndum og skvísulegur jakki í stíl frá Suboo.

**SPORTLEGUR** Rautt og hvítt samspil ílangs munsturs frá Cleonie grennir sumarkroppinn.

**KLASSÍK** Stórar pífur í hálsmáli þessa svarta sundbols frá Cleonie undirstikar kvenlegan yndisþokka.

**ÖGRANDI** Flöskugrænn sundbolur með reimar og pífur við brjóstastað frá Surface too Deep.

**STELPULEGT** Sykursætt pífubikiní með bleikum flamingófuglum frá Surface too Deep.

**GLITRANDI** Tvískiptur sundbolur með glitrandi toppi og sparilegu hálsmáli frá Surface too Deep.

**SPARILEGT** Tvískipt bikiní með mislitu blómamunstri og bikinístuttbuxum með kögri frá Talulah.








Eva Ólöf Hjaltadóttir segir að sér hafi ekki liðið vel í langan tíma áður en hún kynntist Femarelle. „Ég er á lyfjum vegna sykursýki og sjúkdóms í skjaldkirtli. Ég þyngdist vegna lyfjanna, hef auk þess þjáðst af gigt með tilheyrandi verkjum. Mér fannst óþægilegt að vera innan um margt fólk og var farin að finna fyrir þunglyndi. Einnig átti ég erfitt með að vera í hávaða og var að einangrast gagnvart félagslífi. Núna hef ég tekið Femarelle inn í fjóra mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf. Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn minn, fer í sund á hverjum degi, sæki félagsvist og bingó."







# LÁTTU DRAUMINN RÆTAST

## Þú getur unnið draumavinning að verðmæti 2.000.000 kr*




*100.000 danskar krónur

### 1. Safnaðu punktum:

Kauptu Libresse dömubindi, þú finnur kóða með því að skafa miðann á pakkanum. Skráðu þig á **www.libresse.dk** og um leið ertu orðin þátttakandi og hefur unnið þér inn 50.000 punkta.
Þú getur einnig halað niður Libresse leiknum í símann þinn eða tölvuna og nælt þér í viðbótarpunkta.

### 2. Hver er þinn draumavinningur?

Skrifaðu um þína villtustu drauma, hvað þú vilt í vinning? Langar þig til dæmis að eignast 100 pör af rauðum skóm eða fara í reiðtúr á strút um svörtustu Afríku?
Farðu á Libresse síðuna og skrifaðu magnaða lýsingu (á ensku eða dönsku) á því hvað þú vilt vinna og afhverju!

### 3. Láttu velja þig

50 þátttakendur með flesta punkta á hverju svæði* komast í úrslit.
Dómnefnd velur síðan vinningshafa eftir skrifum þeirra um villtustu draumana.
*Ísland, Danmörk, Færeyjar og Grænland sama svæðið

### Vinningar

1. 100.000 DK til að uppfylla drauminn þinn
2. Gjafabréf að upphæð 10.000 DK frá gavekortet.dk

3.-5. Gjafabréf að upphæð 2.000 DK frá gavekortet.dk






Allar nánari upplýsingar á ojk.is



GALLA-STJÖRNUR Ellen DeGeneres og Portia De Rossi eru greinilega hrifnar af gallatískunni.

# GALLAEFNI UM ALLT

**ÍTÍSKU** *Það hefur lengi verið óskrifuð regla að vera ekki í fatnaði úr gallaefni bæði að ofan og neðan. Reglan átti hins vegar ekki við á tískusýningunum fyrir komandi vor. Hugrakkir tískubloggarar höfðu áður rutt brautina og tóku gallaefnislúkkið alla leið og komst það í tísku samstundis.*



**LÍKA STRÁKAR** Strákarnir eru líka flottir í gallabuxum og gallaskyrtu.

**GALLAJAKKAR** Hönnuðirnir Meritt Elliott og Emily Current voru báðar í töff gallajökkum í veislu í Los Angeles á dögunum. MYNDIR/GETTY



**GALLAKJÓLL** Jaime King er hér í gallaskyrtukjól sem er flottur hversdags og líka hægt að klæða upp við sérstök tilefni.



**GALLAEFNI ALLA LEIÐ** Módel í vortískunni á tískusýningu í Toronto nýlega. Gallaskyrta við skemmtilegar gallabuxur.




Flottar !
Gallabuxur
á 8.900 kr.-
7/8 sídd.
Stærð 38 - 48.
Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.
Kíkið á myndir og verð á Facebook
black pepper FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

MAM brjóstagjafapakki

MAM brjóstagjafapakki inniheldur:

- Handvirka brjóstadælu
- Brjóstapúða
- Geymsluílát undir brjóstamjólk
- 0-6 mánaða sílikon snuð



25 % ódýrari kaup

Fæst í apótekum,
Baby Sam & Ólavía og Oliver

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




Bylting í áletrun legsteina
VARANLEGT LETUR
Eingöngu hjá Graníthöllinni
Hér hvílir
Auðúlfur Stórólfsson
f. 1.2.1895 d. 2.3.1991
Blessuð sé minning hans
Endurmerkjum eldri legsteina með varanlegu letri
Graníthöllin
Legsteinar
www.granithollin.is
Bæjarhrauni 26, Hafnarfirði 555-3888

## BÍLAR & FARARTÆKI

MB bílar



Nissan Almera VISIA árgerð 2004
Ekinn 126þkm. Bensín beinskiptur
Verð kr. 640.000



MMC Lancer Comfort árgerð 2005
Ekinn 113þkm. Bensín beinskiptur
Verð kr. 940.000



Toyota Corolla Wagon árgerð 2006
Ekinn 112þkm. Bensín beinskiptur
Verð kr. 1.390.000

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið virka daga 10-18, laugard. 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES BENZ Gl 450 4matic. Árgerð 2006, ekinn 128 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.990600.



CHEVROLET Captiva 7 sæta með leðri. Árgerð 2010, ekinn 58 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Rnr.990720.



KIA Ceed lx 1.4 new 2012. Árgerð 2013, ekinn 23 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.190.000. Rnr.990784. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

STÓRA BÍLASALAN



Porsche Cayenne S Árgerð 2005. Ekinn 159þ.km. Leður, topplúga o.m.fl.. Flott eintak. Er á staðnum. Tilboðsverð 2.390þ.kr staðgreitt. Raðnr 155548. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bilfang.is
S.567 2000



**ÓDÝR 7 MANNA !**
Chevrolet Captiva LUX DIESEL 03/2008 ek 146 þ.km 7 manna, Leður, sjálfskiptur OKKAR VERÐ ! 2390 !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



KIA SORENTO Árg 2007, e 160 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290Þ lán 1600þ afb um 30þ Rnr.220471.



LAND ROVER DEFENDER 110 new. Árg 2012, UMBOÐSBÍLL ekinn 51 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 7.870Þ 7MANNA. Rnr.126420. Óskum eftir bílum á planið og á skrá Mikil sala.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Vantar allar gerðir bíla og annara tækja á skrá og staðinn**
**www.hofdabilar.is**

### Bílar til sölu



Opel Corsa árg 2000 1,2 beinsk ek 148 þús 5 dyra skoðaður 15 ný heilásdekk verð 265 þús gsm 8682352



Mazda CX-5 Optimum AWD 2.2 Disel, 175 hö. 09/12 Ríkulega búin, sparneytinn sportjeppi. Verð: 6.290.000 Stgr. Enginn uppítaka! Uppl. í síma 894 2888




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000

Seldur.is

**VIÐ STAÐGREIÐUM BÍLINN !**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílunum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð þér að kostnaðarlausu.



Ford F350 Coachman húsbíll árg. 1997 bensín ekinn 95.000 km v.3,600 m Uppl.í s. 6604410

### 250-499 þús.



**SPARIBAUKUR Á 280 ÞÚS!**
PEUGEOT 206 árg 2001 ek.161 þús 3ja dyra, beinskiptur, vetrardekk, í góðu standi ásett verð 450 þús TILBOÐ 280 þús möguleiki á 100% visalani s.841 8955



**SPARIBAUKUR - TILBOÐ 390 ÞÚS**
Hyundai Getz 2003 ek.162 þús, 3ja dyra, beinskiptur, ný skoðaður 2015, spoiler,álfelgur ásett verð 690 TILBOÐ 390 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni s.841 8955

### 500-999 þús.



**SJÁLFSKIPTUR-GOTT EINTAK!**
NISSAN PRIMERA ACENTA 2004 ek.151 þús, sjálfskiptur, ný skoðaður 15, bakkmyndavél, magazine, ofl. mjög góður akstursbíll, ásett verð 950 þús TILBOÐ 750 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni s.841 8955

## GÓÐIR UM PÁSKANA!



**NISSAN Leaf.** Árgerð 2013, ekinn 13 Þ.KM, rafmagn, sjálfskiptur. **Verð 3.950.** Rnr.312050.



**BMW 530 xd e60.** Árgerð 2008, ekinn 135 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 5.990.** Rnr.312035.



**AUDI A3 sportback.** Árgerð 2006, ekinn 85 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.790.** Rnr.113917.



**RENAULT Megane sport tourer disel** Árgerð 2012, ekinn aðeins 20 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.190.** Rnr.113926.




**MINI Cooper s.** Árgerð 2008, ekinn 35 Þ.KM, bensín, 6 gírar. **Ásett verð 3.290** **Tilboð 2.850.** Rnr.312007.



**MERCEDES-BENZ C 200 kompressor avantgarde.** Árgerð 2005, ekinn 96 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.**Verð2.250.**Rnr.219447.



**SUBARU Legacy lux.** Árgerð 2006, ekinn 151 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.790.** Rnr.112426.



**VW Tiguan sport _ style.** Árgerð 2008, ekinn 123 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.390.** Rnr.312022.



**SUBARU Forester plus.** Árgerð 2008, ekinn 89 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.390.** Rnr.219680.




**NISSAN Navara 4wd double cab mt xe.** Árgerð 2006, ekinn 111 Þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 2.250.**Rnr.113911.

**567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS**
**BÍLAHÖLLIN**
**BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK**

**Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.**
**Sími utan opnunartíma • S. 861 2165**




**TOYOTA Land cruiser 150 gx.** Árgerð 2010, ekinn 91 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Ásett verð 7.390 Tilboð 6.790.** Rnr.219596.




**MERCEDES-BENZ Gl 320 cdi 4matic.** Árgerð 2007, ekinn 139 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 6.490.** Rnr.219451.



**BMW F800gs.** Árgerð 2012, ekið 7 Þ.KM, bensín, 6 gírar. **Verð 2.590.** Rnr.113024.

**Vantar nýlega bíla á staðinn • Innisalur/100 útistæði**

ergo

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

**GARÐVINNA - TRJÁKLIPPINGAR OG GRISJUN**

Karl G. skrúðgarðyrkjumeistari s. 571-7773 / 899-7773

**GARÐAUMSJÓN**

Get bætt við mig verkefnum í trjáklippingum. S. 698 1215 Halldór garðyrkjum.

## Bókhald

**SKATTFRAMTAL 2014**

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**HIMNAMÁLUN**

Heiðarleiki og sanngjörn verðtilboð. Hilmar Sigurðsson málarameistari S: 851-1960

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Frítt verðtilboð. Alhliða málningarþjónusta. Bókanir hafnar fyrir sumarið. S. 778 0100.

**MÁLARAMEISTARI**

Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Viðgerðir



**CASA-RAF**

**HEIMILISTÆKI-VIÐGERÐIR**

Gerum við öll merki, komum á staðinn, skoðunargjald 4900,-kr S. 845 5976.

## Önnur þjónusta



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**

Nú er tími til að panta útskriftakjólinn. Opið fimmtudaga frá 14-18, einnig eftir samkomulagi í síma 697-6123 hjá Eik design. Facebook: Beauty in Black og Eik

**Blekhylki.is**

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

## KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**VIÐ HLEMM**

18 fm stúdíóherbergi. wc, sturta, lítil eldhúsinnrétting, 2 hitunarplötur og dyrasími. Eingöngu reyklausir koma til greina. Laust strax.

**Sérinngangur frá stigagangi. Upplýsingar á eilin@simnet.is**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca.85fm iðnaðarhúsnæði / verslunarh./skrifst. við Dalveg í Kópav. Uppl. í s. 893 3475.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI**

Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsibudir.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**N1**

Starfsmenn óskast til starfa á þjónustuverkstæði N1 á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða störf við bílaviðgerðir, hjólbarða- og smurþjónustu.

**Nánari uppl. veitir Dagur Benónýsson í síma 440 1030.**

**Áhugasamir sæki um á www.n1.is**




**JÁRNIÐNAÐARMENN**

Vantar duglegan og áhugasaman mann í smíðar og viðgerðir á vélbúnaði. Mest við skip. Góð laun í boði.

**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is**

**Merkt: Járniðnaðarmenn**

**FISKKAUP HF.**

**LYFTARAMAÐUR Í FISKVINNSLU**

Fiskkaup hf. óskar eftir að ráða vanan lyftaramann í fiskmóttöku. Æskilegt er að umsækjandi hafi réttindi sem löggildur vigtarmaður. Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á baldvin@fiskkaup.is



**STJÖRNUGRÍS HF. SALTVÍK KJALARNESI.**

Óskar eftir að ráða vanan úrbeiningamann og úrbeiningamenn til starfa. Nánari upplýsingar gefur Rögnvaldur Óli í síma 898 5990, milli kl. 14:00 og 16:00 virka daga. Umsóknir sendist á netfang, gudrun@svinvirkar.is fyrir 25.apríl 2014.



**STJÖRNUGRÍS HF. SALTVÍK KJALARNESI.**

Óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmann til að sjá um lögun. Nánari upplýsingar gefur Rögnvaldur Óli í síma 898 5990, milli kl.14:00 og 16:00 virka daga. Umsóknir sendist á netfang, gudrun@svinvirkar.is fyrir 25.apríl 2014.

**SÓLAR**

**SÓLAR EHF**

Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu, hlutastarf. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs, part time. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

**HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI**

Röska menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Umsóknir á staðnum eða í síma 544 5012 Sólning Smiðjuvegi 68-72

**VEITINGAHÚSIÐ LAUGA-ÁS**

Leitar eftir aðstoðarmanni í eldhús 20 ára og eldri í 100% starf í vaktavinnu. Þarf að geta unnið undir álagi, geta tekið fyrirmælum og vera skipulagður og reglusamur. Íslensku kunnátta skilirði og miðað er við að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir og meðmæli berist á netfangið johann@laugaas.is.

Starfsfólk óskast í fullt / hlutastarf á 10 Dropa kaffihús, helst með reynslu. Áhugasamir sendið umsókn á fanneyd@gmail.com f. 14. apríl.

**BJÖRNSBAKARÍ-VESTURBÆ**

óskar eftir að ráða bakara og aðstoðarfólk í framleiðslu. Vinsamlega sendið svar á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is. eða í síma: 663-2268. Íslenskukunnátta skilyrði.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

Ungleg og heit kona býður unaðsþjónustu. Rauða Torgið, 9005-2000 og 535-9920, augl.nr. 8130

Ung kona vill kynnast eldri manni. Tilbreyting. Rauða Torgið, 9005-2000 og 535-9920, augl.nr. 8615.

Ung kona vill gera skemmtilega hluti með karlmanni. Rauða Torgið, 9005-2000 og 535-9920, augl.nr. 8724.

Sjálf drottningin vill nudda þig. Rauða Torgið, 9005-2000 og 535-9920, augl. nr. 8549




## atvinna

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# Löggiltur fasteignasali

Fasteignamarkaðurinn ehf., Óðinsgötu 4, sem er ein elsta starfandi fasteignasala landsins auglýsir eftir löggiltum fasteignasala til starfa til að annast samningagerð um íbúðar- og atvinnuhúsnæði auk leigusamninga. Viðkomandi þarf að hafa víðtæka reynslu á þessu sviði. Góð föst laun í boði.

**Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjenda berist á netfangið: gtj@fastmark.is**



## 113 Reykjavík — Marteinslaug 7




**OPIÐ HÚS**
Fimmtud. 10. apríl 18:00 - 18:30

Allar nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi
**sími:** 697-9300
svan@miklaborg.is

Falleg 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð í lyftuhúsi.

Gott skipulag og stórt alrými, bílastæði í bílakjallara

Flott staðsetning og stutt í skóla og útivist

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **34,4 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## 112 Reykjavík — Hverafold 19



**OPIÐ HÚS**
Fimmtud. 10. apríl 17:30 - 18:00

Nánari upplýsingar veita
**Davíð Jónsson,** sölufulltrúi
david@miklaborg.is **sími:** 697 3080

Falleg 92,1 fm 3ja herbergja endaíbúð
Suðvestur svalir
Gott útsýni til allra átta
Snyrtilegt hús á góðum stað
Stutt í alla þjónustu

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **25,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## 113 Reykjavík — Marteinslaug 7




**OPIÐ HÚS**
Fimmtud. 10. apríl 17:30 - 18:00

Allar nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi
**sími:** 697-9300
svan@miklaborg.is

Mjög vönduð 130 fm 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í litlu fjölbýli

Stórar stofur og eldhús með frábæru útsýni, bílastæði í bílageymslu

Íbúð og sameign er innréttuð með hreyfihamlaða í huga

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **38,6 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## Stórikriki 2 c

270 Mosfellsbær
Glæsilegt 4ra herbergja íbúð

**Stærð: 155,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2008**
**Fasteignamat: 33.200.000**

RE/MAX Lind




**FIMMTUDAG 10.APRÍL FRÁ 17:30 - 18:00**
**Verð: 37.900.000**

REMAX LIND KYNNIR:

Mjög fallega fjögurra herbergja íbúð á annari hæð ásamt stæði í bílageymslu.
Eikar gólfefni hurðir og skápar, tvennar flísalagðar svalir.

Sjón er sögu ríkari!

Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
**699-3702**
gv@remax.is

Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is

Þórunn Gísladótt
Lögg. fasteignasali
**510 7900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**



## Stórikriki 2 c

270 Mosfellsbær
Glæsilegt 4ra herbergja íbúð

**Stærð: 155,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2008**
**Fasteignamat: 33.200.000**

RE/MAX Lind






**FIMMTUDAG 10.APRÍL FRÁ 17:30 - 18:00**
**Verð: 37.900.000**

REMAX LIND KYNNIR:

Mjög fallega fjögurra herbergja íbúð á annari hæð ásamt stæði í bílageymslu.
Eikar gólfefni hurðir og skápar, tvennar flísalagðar svalir.

Sjón er sögu ríkari!

Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
**699-3702**
gv@remax.is

Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is

Þórunn Gísladótt
Lögg. fasteignasali
**510 7900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**









# Lundur 2

## Fossvogsdalnum í Kópavogi

ENNEMM / SIA / NM62352



Sala er hafin á íbúðum í glæsilegum álklæddum fjölbýlishúsum í Lundi 2-6 í Kópavogi. íbúðirnar er frá 100-245 fm og eru flestar með góðu útsýni. Stæði fylgja öllum íbúðum. Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúðabyggðar á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Öskjuhlíðin og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli byggðar og náttúru. Hverfið er skipulagt með sex kjörnum og milli þeirra verða stór græn svæði. Stutt er í margvíslega þjónustu, afþreyingu og menningu, s.s. Smáralind, Kringluna, Salinn og Gerðasafn.

BÚUM BETUR
BYGG
www.bygg.is

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

**BYGG byggir á 29 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.**



| KL. 20:25
**Masterchef USA**
Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

| KL. 19:50
**Life's Too Short**
Breskir gamanþættir úr smiðju húmoristanna Rickys Gervais og Stephens Merchant.



| KL. 21:10
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



GULL STÖÐIN | KL. 19:40
**Two And a Half Man**
Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 19:30
**Lífsstíll**
Glæsilegur tískuþáttur þar sem Theodóra Mjöll fjallar um allt sem tengist tísku, hönnun og lífsstíl.



3 | KL. 20:00
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.




Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | | | | 1 | |
| 8 | 1 | | | 6 | | 3 | 2 | |
| | 9 | | | 2 | | 4 | | 8 |
| | | 8 | | 9 | 4 | 6 | | 3 |
| 9 | | | 3 | | | | | |
| 3 | | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | | |
| | 2 | 3 | | | 7 | 8 | | 6 |
| | | | 8 | | | 1 | | 4 |
| 7 | | | | | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | | | | | 2 | | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | | | | |
| | | | | | | | | |
| | | 1 | 8 | | | 4 | | |
| 6 | | 9 | | | | | 8 | |
| 5 | | | | | 6 | | | 1 |
| | | | | | 3 | 8 | 4 | |
| | | 5 | | | | 1 | 6 | 3 |
| 7 | 3 | | | | | 9 | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 9 | | | 7 | |
| | | | 3 | 2 | | | | |
| 8 | 9 | | | | 4 | | 5 | 6 |
| | 3 | | | | 1 | | 8 | 7 |
| | | 2 | 4 | | 9 | | | |
| | | 5 | | 7 | | | 3 | |
| | | 6 | 1 | 4 | | | | |
| | | | | | 7 | | 4 | 1 |
| 3 | 1 | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 2 | 7 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 9 | 1 | 7 | 8 | 2 |
| 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 2 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 4 | 1 | 9 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 |
| 9 | 7 | 6 | 8 | 5 | 3 | 4 | 2 | 1 |
| 5 | 2 | 3 | 1 | 4 | 7 | 9 | 6 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 4 | 6 |
| 6 | 1 | 8 | 5 | 7 | 4 | 2 | 3 | 9 |
| 2 | 9 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 | 7 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 4 | 3 | 8 | 6 | 7 | 9 | 5 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 2 | 4 | 1 | 8 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 5 | 9 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 8 |
| 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 5 | 3 | 4 | 2 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 6 | 2 | 9 | 1 | 7 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 3 | 4 | 2 | 1 |
| 2 | 4 | 3 | 1 | 7 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 6 | 1 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 3 | 8 | 6 | 4 | 1 | 7 |
| 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 6 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 1 | 2 | 7 | 9 | 3 | 5 |
| 4 | 5 | 2 | 9 | 3 | 8 | 1 | 7 | 6 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 | 4 | 3 |
| 6 | 3 | 1 | 2 | 7 | 4 | 5 | 9 | 8 |
| 5 | 1 | 8 | 4 | 6 | 3 | 7 | 2 | 9 |
| 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 5 | 1 |
| 7 | 2 | 9 | 8 | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Ég bið ykkur um að slá mig ef ég segi að ég sé alvarlegur leikari.“

*Johnny Depp*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** frumefni, **6.** tveir eins, **8.** kvikmyndahús, **9.** heiður, **11.** Berist til, **12.** morkna, **14.** súla, **16.** tveir eins, **17.** aur, **18.** í viðbót, **20.** ekki heldur, **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ókleifur, **3.** í röð, **4.** land í Suðvestur-Asíu, **5.** form, **7.** dýr, **10.** sigað, **13.** bjargbrún, **15.** skældi, **16.** kóf, **19.** bókstafur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** málm, **6.** ff, **8.** bíó, **9.** æra, **11.** bt, **12.** rotna, **14.** stöng, **16.** kk, **17.** for, **18.** auk, **20.** né, **21.** frár.
**LÓÐRÉTT: 1.** ófær, **3.** áb, **4.** líbanon, **5.** mót, **7.** froskur, **10.** att, **13.** nöf, **15.** grét, **16.** kaf, **19.** ká.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Torfi Leósson (2.175) hafði hvítt gegn Mikael Jóhanni Karlssyni (2.051) í 2. umferð b-flokks WOW air móts TR.**
**Hvítur á leik**



**46. Rf6+! gxf6 47. Hg3!** Svartur gafst upp enda tapar hann drottningunni. Glæsileg lok hjá skákkennaranum. Torfi er efstur með fullt hús ásamt Magnúsi Pálma Örnólfssyni (2.156).
**www.skak.is:** Nýtt Fréttabréf SÍ.

# PÁSKATILBOÐ Á

# PHILIPS SENSEO




5 pakkar af dýrindis Cappuccino og 5 pakkar af rjúkandi Hot Choco súkkulaði fylgja með öllum Senseo vélum.
**Verðmæti kaupauka er 6.200kr.**




**Philips HD7810SV**
1450w Senseo kaffivél sem hellir upp á 1 eða 2 bolla í einu. Hver bolli er ferskur og með lag af froðu. Tekur aðeins 30 sek. að laga. Auðvelt að hreinsa.

**VERÐ**
**14.995**
FRÁBÆRT VERÐ



NÝTT

PHILIPS
Senseo®

**KYNNINGARVERÐ**
**Ný Senseo kaffivél sem var að lenda!**

**TILBOÐ**
**16.995**
FULLT VERÐ 19.995




Heimilistæki ht.is
*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Einhell
Vnr. 74830007
EINHELL rafhlöðuhekkklippur,18V, 52 cm spjót, klippa allt að 11 mm sverar greinar.
29.995 kr.

BOSCH
Vnr. 74890008
BOSCH rafmagnshekkklippur, 450W, lengd blaðs 50 cm.
15.995 kr.



OPNUNAR-TILBOÐ
Vnr. 74830006
EINHELL hekkklippur, 600W, lengd blaðs 53 cm. Aftara handfang hreyfanlegt.
11.995 kr.
Almennt verð 14.995 kr.

BOSCH
Vnr. 74890003
BOSCH hekkklippur AHS 45-16. 420W, lengd blaðs 45 cm.
11.995 kr.

## MIKIÐ ÚRVAL AF FRÆJUM Í MATJURTAGARÐINN Á FRÁBÆRU VERÐI




# Grænland


Vnr. 68316070
LUX garðsekkur, 245 l, 50x70x70 cm.
1.945 kr.


Vnr. 53521026
Sorppokar, 750x1150 mm, 25 stk.
895 kr.


OPNUNAR-TILBOÐ
Vnr. 55097046/51
Skrautsteinn, 25 kg, hvítur eða svartur.
2.295 kr.
Almennt verð 3.195 kr.


Vnr. 55097014
Flúðamold, 20 l.
745 kr.

EYÐIR SVEPPA-GRÓÐRI OG MOSA. FRÁBÆRT Á SÓLPALLINN



Vnr. 41111120
RODALON bakteríueyðir.
1.995 kr.


Vnr. 55610633
Laufhrífa.
995 kr.
Almennt verð 1.550 kr.
OPNUNAR-TILBOÐ


Vnr. 41120897/8
Sáðbakki, 3 stk.
Verð frá:
135 kr.
Almennt verð 225 kr.
OPNUNAR-TILBOÐ


OPNUNAR-TILBOÐ
Vnr. 55420161
Safnkassi, 400 l.
12.595 kr.
Almennt verð 17.995 kr.

## SILKIBLÓM


OPNUNAR-TILBOÐ
Vnr. 91912086
Silkiblóm.
1.395 kr.
Almennt verð 1.990 kr.


OPNUNAR-TILBOÐ
Vnr. 91912088
Silkiblóm.
1.395 kr.
Almennt verð 1.990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

facebook.com/BYKO.is

**HÖFUM OPNAÐ GLÆSILEGA ÁRSTÍÐADEILD Í BYKO BREIDD**



## Velkomin í Grænland

# BYKO BREIDD

**Opnunartilboðin gilda 10. - 13. apríl.**



**OPNUNAR-TILBOÐ**

Vnr. 55092144
Friðarlilja.
**895** kr.
Almennt verð 1.095 kr.

**OPNUNAR-TILBOÐ**

Vnr. 55092139
Ástareldur.
**595** kr.
Almennt verð 645 kr.

**OPNUNAR-TILBOÐ**

Vnr. 55092140
Orkídea.
**1.495** kr.
Almennt verð 1.995 kr.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



**FEÐGAR** „Þessir feðgar virðast í góðu sambandi. Valur Freyr sem faðir og sonur hans Grettir í hlutverki sonar. MYND/ILMUR

# Fór að skoða tengsl feðra við börnin sín

Leikverkið Dagbók jazzsöngvarans verður frumsýnt á Nýja sviði Borarleikhússins annað kvöld. Valur Freyr Einarsson er höfundur og leikur aðalhlutverkið.

Valur Freyr Einarsson sló í gegn í sýningunni Tengdó, Grímusýningu ársins 2012. Nú teflir hann fram nýju verki, Dagbók jazzsöngvarans, sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu annað kvöld á vegum CommonNonsense. „Þetta eru eiginlega systkinasýningar, Tengdó og þessi, því vinnsluaðferðin er svipuð. Ég tók viðtöl og vann út frá þeim,“ byrjar Valur Freyr lýsingu sína á nýja verkinu.

Hann kveðst hafa byrjað fyrir tveimur árum á að taka viðtal við mann sem var langt genginn með krabbamein. „Ég var ekki viss hvort hann mundi lifa sumarið af og dreif mig í að spjalla við hann. Svo er hann enn sprækur tveimur árum seinna, Guði sé lof. Hann trúði mér fyrir alls konar hlutum, fór í smá uppgjör við fortíðina, meðal annars samskipti sín við föður sinn og árin í djassinum. Það varð upphafið að þessu ferli hjá mér. Ég fór að skoða tengsl feðra við börnin sín eða tengslaleysi og hvernig það lekur ómeðvitað milli kynslóða. Það er undirliggjandi þema í þessu verki.“

Valur Freyr segir þennan umrædda mann hafa komið á rennsli um daginn og kannast við ýmislegt í sögunni. „Hann var þakklátur og fannst gott að þetta efni væri dregið fram í dagsljósið. Eitthvað sem hann hefur setið með í fanginu í mörg ár.“

Auk Vals Freys leikur 12 ára sonur hans, Grettir Valsson, í Dagbók jazzsöngvarans, auk hinnar þekktu Kristbjargar Kjeld. Leikstjóri er Jón Páll Eyjólfsson, um leikmynd og búninga sér Ilmur Stefánsdóttir og tónlist og hljóðmynd er Davíðs Þórs Jónssonar.

gun@frettabladid.is



**SÖNGVARINN** „Það er gaman að vera með svona flottum hljóðfæraleikurum,“ segir Benedikt sem er líka að syngja hlutverk guðspjallamannsins í Berlín um þessar mundir, en þar með ballettdönsurum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Alltaf unun að hlýða á upprunaleg hljóðfæri

Jóhannesarpassía Bachs verður flutt í Grafarvogskirkju 12. apríl klukkan 17 af Kammerkór Grafarvogskirkju, félögum úr Bach-sveitinni í Skálholti og einsöngvurum. Benedikt Kristjánsson tenór er langt að kominn til að taka þátt.

„Mér líst stórvel á þetta. Það er gaman að vera með svona flottum hljóðfæraleikurum sem spila á upprunaleg hljóðfæri og alltaf er unun að hlýða á,“ segir Benedikt Kristjánsson tenór, sem syngur hlutverk guðspjallamannsins í Jóhannesarpassíunni í Grafarvogskirkju á laugardaginn klukkan 17. Þar á hann við félaga úr Bach-sveitinni í Skálholti sem sérhæfa sig í að leika á hljóðfæri barokktímans.

Benedikt hefur verið búsettur í Berlín í sex ár og hefur unnið til verðlauna í alþjóðlegum Bach-keppnum í Þýskalandi. Hann tafðist á leiðinni hingað til lands vegna verkfalls á Keflavíkurflugvelli og lenti klukkan korter yfir tvö í fyrrinótt. Var samt mættur í Grafarvogskirkju á æfingu eldsnemma í gærmorgun.

Auk Benedikts syngja einsöng í Jóhannesarpassíunni þau Ágúst Ólafsson bassi, sem syngur hlutverk Jesú, Jóhanna Ósk Valsdóttir alt og Þóra Björnsdóttir sópran. Þær eru félagar í Kammerkór Grafarvogskirkju sem tólf atvinnusöngvarar skipa og verður í stóru hlutverki. Safnaðarkór Grafarvogskirkju og nokkrir félagar úr öðrum kórum verða með í sálmahluta verksins og tónleikagestum gefst kostur á að taka þátt. Hákon Leifsson, tónlistarstjóri kirkjunnar, stjórnar svo öllu saman.

Til að heiðra 400 ára minningu sálmaskáldsins Hallgríms Péturssonar verður sköpuð lágvær passíustemning í upphafi tónleikanna með því að syngja nokkra af sálmum Hallgríms einradda.

Benedikt kveðst koma hingað heim af og til að sinna misstórum verkefnum og hitta fjölskylduna.

> ❞ Ég er einmitt líka að syngja hlutverk Jóhannesar guðspjallamanns með ballettdönsurum í dómkirkjunni í Berlín og þarf að vera kominn þangað á mánudag.

Í þetta sinn hefur hann hratt á hæli því hann er í krefjandi verkefnum í Berlín í næstu viku. „Ég er einmitt líka að syngja hlutverk Jóhannesar guðspjallamanns með ballettdönsurum í dómkirkjunni í Berlín og þarf að vera kominn þangað á mánudag,“ lýsir hann. „Svo er ég að syngja Mattheusarpassíuna í Berlínar-Fílharmóníunni á föstudaginn langa.“

gun@frettabladid.is



**Á ÆFINGU** Kristín Sigurðar og Julian Hewlett flytja meðal annars eigið efni á tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Með ítölsku ívafi

Kristín R. Sigurðardóttir sópran og Julian Hewlett píanóleikari flytja blandaða tónlist með ítölsku ívafi í Háteigskirkju í kvöld klukkan 20.

„Ég lærði óperusöng á Ítalíu og ítalski stíllinn hentar mér afskaplega vel, þó ég syngi raunverulega allt,“ segir Kristín R. Sigurðardóttir sópransöngkona. Hún heldur tónleika í kvöld klukkan 20 í Háteigskirkju ásamt Julian Hewlett píanóleikara. Efnisskráin er blönduð en með ítölsku ívafi og samanstendur af tónverkum eftir eldri sem yngri tónskáld, allt frá barokki, klassík og rómantík til dagsins í dag.

Sönghópurinn Boudoir og Ian Wilkinson básúnuleikari verða sérstakir gestir á tónleikunum, að sögn Kristínar sem hefur líka samið ljóð á ítölsku sem Julian samdi lög við í rómantískum Bocelli-anda. „Það hefur lengi blundað í okkur að halda þessa tónleika,“ segir Kristín og hlakkar til.

Miðar verða seldir við innganginn.

- gun

# Fegurðin úr hversdagsleikanum

Guðjón Ketilsson opnar einkasýningu í Hverfisgalleríi klukkan 17 í dag.

Myndlistarmaðurinn Guðjón Ketilsson opnar sýningu í Hverfisgalleríi í dag klukkan 17.

„Sýningin heitir Ný verk og er nákvæmlega það. Ný verk,“ segir Guðjón, en sýningin stendur yfir til 17. maí.

„Þetta er í raun og veru mjög lógískt framhald af fyrri sýningum. Hlutir hafa tilhneigingu til að skarast svolítið og það er oft eitthvað í einu verki sem kveikir hugmynd að öðru,“ segir Guðjón. Síðasta sýning hans á Íslandi, Samræmi, var samsýning með Hildi Bjarnadóttur í Hafnarborg í október 2011.

Guðjón er ef til vill hvað þekktastur fyrir að draga fram fegurðina í hversdagslegum hlutum, á borð við spýtukubbum eða gömlum húsgögnum.

„Á sýningunni Ný verk eru skúlptúrar og blýantsteikningar. Skúlptúrarnir eru unnir út frá fundnum húsgögnum og mynda innsetningu í Hverfisgalleríi. Teikningarnar eru svo annað verk. Þetta eru eiginlega húsgögn með gluggum og teikningar af húsformum sem eru gluggalaus. Þannig að það er ákveðið samtal þarna á milli,“ segir Guðjón að lokum og hlær.

- ósk



**NÝ VERK** Sýningin hefur einfaldan titil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# DEBENHAMS







NÝTT
**BODY SCULPTER**
RESCULPTING SLIMMING GEL

Inniheldur 5% koffín sem eykur brennslu.
Styrkir húðina.
Hefur vatnslosandi áhrif og eykur blóðflæði.

# BIOTHERM BOMBA

## Í DEBENHAMS 10. – 16. APRÍL

**UNDIBÚÐU ÞIG FYRIR SUMARIÐ.**
BIOTHERM SÉRFRÆÐINGUR Í HÚÐVÖRUM FYRIR LÍKAMANN.

# 30%

**AFSLÁTTUR AF VINSÆLUSTU BIOTHERM LÍKAMSVÖRUNUM.**




**FJÖLDI TILBOÐSASKJA Í ANDLITSKREMUM.**
GLÆSILEGIR KAUPAUKAR AÐ HÆTTI BIOTHERM.

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Tónlistin skekur í manni hjartatuðruna

Kristján Jóhannsson fer með hlutverk Brynjólfs biskups í óperunni Skáldið og biskupsdóttirin sem frumsýnd er í Hallgrímskirkju í Saurbæ annað kvöld.

„Það er skemmtileg tilbreyting að láta dramatískan tenór syngja Brynjólf biskup," segir Kristján Jóhannsson söngvari um hlutverk sitt í óperunni Skáldið og biskupsdóttirin. Tónlistin er eftir Alexöndru Chernyshovu sem syngur hlutverk Ragnheiðar biskupsdóttur. Ásgeir Páll Ágústsson túlkar Hallgrím Pétursson en sýningin er samin og sett upp af Guðrúnu Ásmundsdóttur í tilefni 400 ára afmælis sálmaskáldsins.

Hvernig líkar Kristjáni að vera í hlutverki Brynjólfs biskups, þess mikla harðjaxls?

„Ég er búinn að fara í gegnum hlutverkið með Guðrúnu Ásmundsdóttur og hún kveikti ljós hjá mér í sambandi við Brynjólf. Þegar hann er skoðaður ofan í kjölinn þá er hann fullur væntumþykju í garð dóttur sinnar, les henni bænirnar á hverju kvöldi sem barni og hlýjar henni á fótunum. Hann er undir þvingunum þegar hann grípur til þeirra ráða að láta hana sverja eiðinn, telur sig verða að verja heiður kirkjunnar. Svo blygðast hann sín fyrir það sem átti sér stað og tekur það óskaplega nærri sér."

Kristján segir flytjendurna fara með talaðan texta auk söngsins og telur Guðrúnu Ásmunds vera snilldarsögumann. „Sjálfum finnst mér þetta vera sungið leikhúsverk," segir hann og bætir við: „Tónlistin skekur í manni hjartatuðruna og hljómar íslenskt í eyrum."

Skáldið og biskupsdóttirin verður frumflutt í Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd annað kvöld klukkan 20. Önnur sýning er á laugardagskvöld á sama tíma.

gun@frettabladid.is



**Í HLUTVERKUM** Kristján sem Brynjólfur biskup á milli Þorgerðar Sólar og Alexöndru sem túlka Ragnheiði á ólíkum tímum. MYND/JÓN HILMAR



**LISTMÁLARINN** „Hér getur fólk gengið að myndunum mínum vísum á ákveðnum stað, alltaf," segir Tolli í nýja galleríinu á Laugavegi 19 sem kona hans, Gunný Ísis, rekur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sterk viðbrögð við íslenska landslaginu

Tolli opnar gallerí á Laugavegi 19 í dag klukkan 17. Hann segir ánægju listmálarans felast í að geta sýnt verkin sín og eiga stefnumót við fólk yfir þeim.

„Ég tel þetta einn heitasta reitinn á Laugaveginum og er mjög hamingjusamur með það," segir myndlistarmaðurinn Þorlákur Kristinsson, betur þekktur sem Tolli, sem opnar gallerí á Laugavegi 19 í dag, ásamt konunni sinni. „Þetta er rosalega fallegt rými sem ég er með og í skemmtilegu nágrenni við kaffihús og bókabúðir. Fyrir mig er þetta stórkostlegt tækifæri til að vera með myndirnar mínar sýnilegar," segir Tolli kampakátur og kveðst munu nota hvern fermetra sem best.

Tolli er með vinnustofu sína í Laugarnesinu en segir fólk almennt ekki vaða inn á vinnustofur til listamanna og skoða verkin þeirra. Því þyki það ókurteisi. „Fólk kvartar yfir því hvað aðgengi að listamönnum er lítið. En hér getur það gengið að mínum myndum vísum á ákveðnum stað, alltaf."

Myndirnar í galleríinu verða bæði til sýnis og sölu, að sögn Tolla. „Nú get ég viðrað myndirnar áður en þær seljast. Auðvitað gengur leikurinn út á að selja, en stór hluti ánægjunnar við að vinna við listmálun er að geta sýnt myndirnar og átt eitthvert stefnumót við fólk yfir þeim. Hingað til hefur verið tilviljunum háð hvort fólk hefur getað séð verk eftir mig í galleríum."

Tolli líkir því við að vera kominn í alþjóðlegt umhverfi að opna í miðborginni. „Laugavegurinn er fullur af ferðamönnum. Mér finnst það ferlega gaman. Ég fæ svo sterk viðbrögð við íslenska landslaginu í myndunum mínum hjá þeim sem eru gestkomandi." gun@frettabladid.is







FACEBOOK: NAME IT ICELAND · INSTAGRAM: @NAMEITICELAND



**SUNNA** Hún og Bergþór Páls verða í Háteigskirkju í hádeginu á morgun. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Leikur eigin tónsmíðar

Djasspíanistinn Sunna Gunnlaugs fær Bergþór Pálsson söngvara til liðs við sig á hádegistónleikum í Háteigskirkju á morgun. „Við Bergþór ætlum að flytja lögin mín við ljóð eftir Tómas Guðmundsson, Óskar Árna Óskarsson, Nínu Björk Árnadóttur og fleiri," segir hún og bætir við: „Tvö verkanna eru óútgefin en hin eru á hljómdiskinum Fagra veröld sem ég gaf út árið 2002."

Tónleikarnir hefjast klukkan 12 og taka um hálfa klukkustund. Aðgangseyrir er 1.000 krónur

- gun

SÍÐUSTU DAGAR

# ÚTSALA

# 30% AUKA AFSLÁTTUR

## AF ÚTSÖLUVERÐI

DÆMI UM LÆKKUN




Skólabakpoki
Upprunalegt verð: 8.599 kr




Uppskriftabók með kaflaskipti eftir fæðuflokkum.
Upprunalegt verð: 2.699



VERÐ NÚNA
69 KR / 3. STK Í PAKKA
ÚTSÖLUVERÐ
ÁÐUR
99 KR

Frábært flott töflutúss á góðu verði.
Upprunalegt verð: 299 3. stk í pakka

GRIFFILL

STÆRRI VERSLUN!




GRIFFILL SÍMI: 533-1010 -
WWW.GRIFFILL.IS - SKEIFUNNI 11
OPIÐ TIL KL. 18.00 ALLA DAGA

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 10. apríl til og með 19. apríl eða á meðan birgðir endast.

Sony Center

www.sonycenter.is

NÝ VERSLUN
smá
SONY CENTER
Í KRINGLUNNI






ACTIONCAM - SMÍÐUÐ FYRIR ÆVINTÝRI
HDRAS30VB
- Full HD upptökuvél með Carl Zeiss Tessar linsu
- Sterkbyggð og vatnsheld (í köfunarhylki)
- Mögnuð hristivörn og GPS
- Bike eða Wearable Kit fylgir

VERÐ 64.990.-



Fermingartilboð
79.990.-

POTTÞÉTTUR OG VATNSHELDUR XPERIA
SONY XPERIA Z ANDROID SNJALLSÍMI
- 5" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 13 megapixla myndavél, LED flass
- HD videoupptaka

TILBOÐ 79.990.- VERÐ ÁÐUR 139.990.-



Fermingartilboð
99.990.-

Trusted Reviews RECOMMENDED

EINN SÁ SNJALLASTI Í HEIMI
SONY XPERIA Z1 ANDROID SNJALLSÍMI
- 4.3" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 20.7 megapixla myndavél, LED flass
- HD videoupptaka

TILBOÐ 99.990.- VERÐ ÁÐUR 109.990.-



Fermingartilboð
9.990.-

HÁRFÍN HLJÓMGÆÐI MEÐ NOICE CANCEL
MDRNC8
- 30mm hátalarar
- Noice Cancel þurrkar út utanaðkomandi hljóð
- Lengd kapals 1.2m

TILBOÐ 9.990.- VERÐ ÁÐUR 12.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni og Kringlunni / 569 7700
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645


# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**10. APRÍL 2014**

### Leiklist

**20.00** Leikverkið **Útundan** eftir Alison Farina McGlynn í uppsetningu leikhópsins Háaloftið verður frumsýnt í Tjarnarbíói í kvöld og hefst sýningin klukkan 20.00. Í verkinu er varpað ljósi á aðstæður sem hrjá eitt af hverjum sex pörum hér á landi sem og í hinum vestræna heimi í dag. Skyggnst er inn í líf þriggja para á fertugsaldri sem þrá að eignast barn en tekst það ekki. Þau leita ýmissa leiða til að láta drauminn rætast og standa frammi fyrir margs konar erfiðum spurningum. Leikarar eru þau Arnmundur Ernst Backman, Benedikt Karl Gröndal, Björn Stefánsson, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Magnús Guðmundsson, María Heba Þorkelsdóttir, Svandís Dóra Einarsdóttir. Leikstjóri er Tinna Hrafnsdóttir.

### Kynningar

**14.00 Kynning á japanskri tungu og menningu** verður haldin í dag klukkan 14.00 til 17.00 á Háskólatorgi í Háskóla Íslands. Þar verður gestum og gangandi boðið að kynnast ýmsum atriðum sem tengjast japönsku máli og menningu. Japönskukynningin er hluti af Asískri tungumálaveislu Café Lingua og er haldin í samvinnu nemenda og kennara í japönsku við Háskóla Íslands, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Café Lingua.

### Dansleikir

**20.00 Salsamafían, Háskóladansinn, heldur dansleik** á Kexi Hosteli, Skúlagötu 28, í Gym (hliðarsal) í kvöld. Danskennsla verður frá klukkan 20 til 20.30 og dansleikur frá 20.30 til 23.00. Þar verður þeytt skífum auk þess sem fram kemur ný danshljómsveit, Mafíuband Tómasar R., ásamt söngkonunni Margréti Rán Þorbjörnsdóttur. Hljómsveitina skipa auk söngkonunnar Margrétar og bassaleikarans Tómasar þau Aðalheiður Þorsteinsdóttir píanóleikari, Kristófer Rodríguez Svönuson á slagverk og Arnar Ingi Richardsson sem raddar og spilar á slagverk. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

### Uppistand

**21.30 Tilraunauppistönd** eru uppistönd þar sem nýir grínistar fá að spreyta sig og reyndari grínistar prófa nýtt efni og halda sér í formi. Þetta verður tuttugasta uppistandið, en þau byrjuðu í janúar 2013 og eru mánaðarlega á Bar 11, auk þess að fara út á land við og við. Fram koma, Leifur Leifsson (Öryrkinn óstöðvandi), Marlon Pollock, Bylgja Babýlons, Salómon Smári Óskarson, Sigurður Anton Friðþjófsson og Andri Ívarsson. Rökkvi Vésteinsson er kynnir og sérstakur gestur er Gunnar Hrafn Jónssson (fyndnasti maður Íslands 2012). Það er alltaf ókeypis á Tilraunauppistönd. Uppistandið hefst klukkan 21.30.

### Tónlist

**11.30 Tectonics-tónlistarhátíðin** sem hleypt var af stokkunum í marsmánuði fyrir tveimur árum hefur hlotið einróma lof innan lands sem utan. Á hátíðinni slást heimamenn í tónlist í för með Sinfóníuhljómsveit Íslands og kynna fjölbreytt verk á nýjan og einstæðan máta. Ýmis rými Hörpu ásamt ólíkum eiginleikum og hljóðvistarlandslagi tónleikasala hússins verða nýtt til hins ýtrasta. Taka þrjú á Tectonics verður áframhaldandi leiðangur flytjenda og hlustenda um magnaðar hljóðlendur og ómrými Hörpu. Á Tectonics leiða saman hesta sína tónlistarmenn ólíkra heima þar sem óendanlegur fjölbreytileiki tónlistarinnar opnast áheyrendum sem vilja grípa hið óvænta. Ilan Volkov er listrænn stjórnandi. Hátíðin hefst klukkan 11.30.

**20.00 Lily of the valley og MOSI** koma fram á „kózý Organic electro love pop" og þjóðlagaskotnum sálarrokk tónleikum á Hlemmur Square í kvöld klukkan 20.00. Frítt er inn á tónleikana. Hlemmur Square er við Laugaveg 105.

**20.00 Sönghópurinn Norðurljós** heldur tónleika í Kópavogskirkju í kvöld klukkan 20.00. Stjórnandi er Arnhildur Valgarðsdóttir, undirleikari er Lilja Eggertsdóttir, einsöng syngur Arnþrúður Ösp Karlsdóttir, einleikur er í höndum Ragnars Jónssonar og á fiðlu leikur Ágústa Dómhildur. Miðaverð er 2.000 krónur en 1.000 krónur fyrir eldri borgara og öryrkja. Frítt fyrir 12 ára og yngri, ekki verður posi á staðnum.


ANDREA GYLFADÓTTIR

**20.00** Í kvöld klukkan 20.00 verða Passíusálmar 18 til 33 fluttir í Grafarvogskirkju. Fluttir verða sálmar 18 til 33, sem hafa fæstir heyrst opinberlega áður. Megas og Magga Stína syngja ásamt kórnum Vox Populi, sem er ungmennakór starfandi í Grafarvogskirkju undir stjórn Hilmars Arnar. Hljómsveitin Moses Hightower leikur með og setur sinn sérstaka svip á sálmana.

**21.00** Það verður **Soul og R&B** á Bast í boði Fox Train Safari í kvöld klukkan 21.00. Það er frítt inn og þú dansar til að gleyma. Bast stendur við Hverfisgötu 22.

**22.00 Andrea Gylfadóttir og Eðvarð Lárusson halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, í kvöld klukkan 22.00.**

### Fyrirlestrar

**20.00 Nathan Woodhead** frá The Brooklyn Brothers verður með fyrirlestur um frásagnir og samskipti á þeirri miklu tækniöld sem við lifum á, í Listasafni Reykjavíkur og hefst hann klukkan 20.00.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*


GEFÐU FERMINGARBARNINU SKÖPUNARKRAFTINN

MEÐ GRÆJUNUM FRÁ OKKUR



HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Síðumúla 20 . Reykjavík . s.: 5915340
www.hljodfaerahusid.is

TÓNABÚÐIN
Glerárgötu 7. Akureyri. s.: 4621415
www.tonabudin.is



KÓSÝKVÖLD
Í KRINGLUNNI
KYNNINGAR FRÁ KL. 19:30
Kynning á nýju Speedform skónum frá Under Armour.
Evert Víglunds, yfirþjálfari Crossfit Reykjavík og þjálfari í Biggest Loser Ísland kynnir SpiderTech.
Brooks hlaupaskókynning.
DJ í boði Brooks.
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Í ÖLLUM VERSLUNUM ÚTILÍFS Í ALLAN DAG
OPIÐ TIL KL. 21:00 Í SMÁRALIND
23:00 Í KRINGLUNNI
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikarinn Steven Seagal er 62 ára í dag**

Helstu kvikmyndir: Under Siege, Hard to Kill, Above the Law, Into the Sun

## FRUMSÝNING



### Divergent

**Ævintýrahasar**

**AÐALHLUTVERK:** Shailene Woodley, Theo James, Kate Winslet, Miles Teller, Jay Courtney, Zoë Kravitz, Ashley Judd og Tony Goldwyn.

**Bönnuð innan 12 ára**

**IMDb 7,6/10 48/100 Rotten Tomatoes 40/100**

## LEIKSTÝRIR KARATE KID



Sony hefur gert samning við leikstjórann Breck Eisner um að leikstýra framhaldi af The Karate Kid sem sýnd var í kvikmyndahúsum árið 2010 með Jaden Smith og Jackie Chan í aðalhlutverkum. Myndin var endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1984 og halaði inn 343 milljónir dollara á heimsvísu, 38 milljarða króna. Breck hefur leikstýrt myndum á borð við Sahara og The Crazies.

## LEIKA SAMAN Í GRÍNMYND



Golden Globe-kynnarnir Tina Fey og Amy Poehler leika systur í nýrri grínmynd frá Universal sem heitir The Nest. Tina og Amy hafa leikið mikið saman, í kvikmyndinni Mean Girls árið 2004, í Baby Mama árið 2008 og í þáttunum Saturday Night Live á árunum 2001 til 2006. Tine framleiðir The Nest í nafni fyrirtækis síns Little Stranger ásamt Jay Roach. Amy verður meðframleiðandi.

## VISSIR ÞÚ …

…að stórleikarinn Christopher Walken hóf feril sinn í skemmtibransanum sem ljónatemjari í sirkus. Síðar skráði hann sig í Hofstraháskólann í New York en hætti eftir eitt ár eftir að hann fékk hlutverk í Off-Broadway-söngleiknum Best Foot Forward með Lizu Minnelli. Christopher lærði síðan dans hjá Washington Dance Studio en áður en varði átti leiklistin hug og hjarta hans.





# Nýtt og gamalt í Bíó Paradís

Indversk kvikmyndahátíð hófst í Bíó Paradís á þriðjudag og stendur til 13. apríl. Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin en hún var haldin í fyrsta sinn árið 2012.

Á hátíðinni í ár eru kynntar til leiks sex nýlegar kvikmyndir og ein klassísk kvikmynd í nýútkominni þrívíddarútgáfu, karrívestrinn Sholay sem er af mörgum talinn meðal bestu indversku kvikmyndanna á tuttugustu öldinni.

Meðal kvikmynda sem sýndar eru á hátíðinni er English Vinglish eða Enskunámið eins og hún heitir á íslensku. Hún fjallar um unga húsmóður sem er mjög fær í að gera indverska eftirréttinni „laddoo“. Henni finnst hún ekki vera metin að verðleikum heima hjá sér vegna þess að hana skortir enskukunnáttu. Þegar hún er beðin að koma til New York til þess að undirbúa brúðkaup frænku sinnar fær hún óvænt tækifæri til þess að bæta sig í enskunni og styrkja sjálfsálitið í leiðinni. Hún fer að endurskoða líf sitt í framhaldi af því og sambandið við fjölskylduna. Myndin er byggð á ævi móður leikstjórans, Sanjay Leela Bhansali, og lýsir vel erfiðleikum og skondnum uppákomum sem nýbúi í ókunnri stórborg má búast við.

# Þurfti að lúta í gras fyrir kvenlegri fegurð Svandísar

Íslenska kvikmyndin Harrý og Heimir verður frumsýnd á föstudaginn. Spaugarinn Örn Árnason leikur sögumann og illmenni en þurfti að sleppa hlutverki þokkapíunnar Díönu Klein á hvíta tjaldinu.

„Ég gegni hlutverki sögumannsins. Það var reyndar stærra í útvarpsþáttunum þar sem þurfti að teikna myndina hljóðrænt. Nú sýnum við hvað er að gerast sjónrænt. Ég lék líka Díönu Klein en í þetta sinn þurfti ég að lúta í gras fyrir kvenlegri fegurð þar sem ég hljómaði mjög kynþokkafullur en svo þegar fólk sá mig á tjaldinu var það ekki falleg sjón,“ segir leikarinn Örn Árnason en leikkonan Svandís Dóra Einarsdóttir sér um Díönu Klein í kvikmyndinni Harrý og Heimir sem frumsýnd er á föstudag.

„Ég sleppti hlutverkinu glaður en Svandís er gríðarlega þokkafull pía.“

Myndin fjallar um einkaspæjarana Harrý og Heimi sem hjálpa þokkadísinni Díönu Klein í leit hennar að föður sínum, veðurathugunarmanni á Reginnípu. Harrý og Heimir leggja í leiðangur upp á hálendið og tekst að stöðva svívirðilegt samsæri danskra skíðaáhugamanna um að stela íslenska hálendinu og flytja það úr landi. Örn leikur einmitt líka illmennið í myndinni.

„Ég leik illmennið sem ætlar að ræna íslenska hálendinu og færa það til Danmerkur,“ segir Örn glaður í bragði en myndin var tekin upp á mjög stuttum tíma.

„Við höfðum skamman tíma enda ekki með hundruð milljóna króna úr að spila. Við nýttum tímann vel og þá aura sem höfðu safnast í þetta verkefni og tókum myndina á átján dögum. Við erum vanir því að vinna mjög hratt og skipuleggja dagana vel þannig að við komum því mun betur undirbúnir að verkefninu. Leikstjórinn Bragi Hinriksson hefur líka góð tök á ævintýramyndum og vorum við ofboðslega glaðir með hans þátt í þessu.“



**INNILEGIR** Harrý og heimir eru óborganlegir.

Það eru þeir Karl Ágúst Úlfsson og Sigurður Sigurjónsson sem leika einkaspæjarana tvo og segir Örn að stemningin hafi verið mjög góð á settinu.

„Það ríkti mikil gleði á settinu og ég held að hún skíni í gegn í myndinni. Að mínu mati er þetta gríðarskemmtileg grínmynd. Þetta er ekki gamanmynd og ekki farsi. Ég get ekki útskýrt það öðruvísi en að við brjótum aðeins upp rammann og gerum græskulaust grín. Við erum náttúrulega litaðir af myndum sem við sáum í æsku eins og Blazing Saddles, Airplane-myndirnar og Top Secret,“ bætir Örn við. En er ekki byrjað að leggja línurnar að næstu mynd?

„Ekki alvarlega. Þetta tekur allt sinn tíma.“

liljakatrin@frettabladid.is



**VONDUR Í GEGN** Örn leikur illmenni sem vill stela hálendinu.



**ÞOKKADÍS** Svandís Dóra leikur díönu Klein.

## BYRJAÐI ALLT Í ÚTVARPINU

Harrý og Heimir komu fyrst fram á sjónarsviðið í útvarpsleikritum á Bylgjunni seint á níunda áratug síðustu aldar. Ellefu útvarpsþættir voru framleiddir sem voru 25 mínútur að lengd hver og ein saga í hverjum þætti. Bíómyndin er byggð á einni af þeim sögum. Árið 2009 var síðan leikritið um Harrý og Heimi sett upp í Borgarleikhúsinu og sýnt 150 sinnum.




**Meðallestur á Fréttablaðinu hvern dag er meiri en uppsafnaður lestur á Morgunblaðinu í heila viku***

**Það þýðir að birting auglýsingar í Fréttablaðinu einhvern einn dag vikunnar, nær til fleiri lesenda en auglýsing í öllum Morgunblöðum vikunnar.**

* Skv. fjölmiðlakönnun Capacent Gallup, júl–sept 2013.




**Allt sem þú þarft …**

JANÚAR



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Gleðilega páska
698
kr. 150g
1298
kr. 520g
1998
kr. 1000g
Merrild
MALAÐ KAFFI
5.000
PAKKAR Í BOÐI
579
kr. 500g
Honey Cheerios
Cheerios
Cocoa Puffs
10.000
PAKKAR Í BOÐI
598
krónur 565g
10.000
PAKKAR Í BOÐI
498
krónur 518g
10.000
PAKKAR Í BOÐI
498
krónur 465g
998
krónur bakkinn
HAMBORGARHRYGGUR
1259
krónur kg.
Bónus Hamborgarhryggur
Vanillu Ís 2
2 LTR.
JARÐARBERJA ÍS 2 LÍTRAR
Súkkulaði Ís 2
359
krónur 2 ltr.
BÓNUS KAFFI
198
kr. 1 kg.
Bónus kornbrauð 1 kg.
179
kr. 600g
Bónus 3ja kornabrauð 600g
159
kr 5 stk.
359
kr 10 stk.
Bónus Pylsubrauð 5 stk
& Pylsur 10 stk 485g
359
kr 500g.
6 FYRIR 4
pepsi
ÞÚ KAUPIR FJÓRAR 2L PEPSI & FÆRÐ TVÆR 2L FRÍTT MEÐ
Ferskt íslenskt salat
398
kr. 125g
BÓNUS FERSKT LAMBHAGASALAT 125g
Íslensk vistvæn ræktun - Betra bragð
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

## Hvað er í snyrtibuddu leikkonunnar Emmu Roberts?




FÖRÐUNARBURSTAR FRÁ MAC.


NAGLALAKK FRÁ ESSIE.


ILMVATNIÐ SANTAL 33.


VARALITUR FRÁ NETUROGENA.

# Ávanabindandi heilaleikur

Leiknum 2048 hefur verið líkt við Flappy Bird sem var tekinn af markaðinum.



2048 er tölvuleikur en einnig getur einn leikmaður spilað hann í farsíma. Það var hinn ítalski Gabriele Cirulli sem skapaði hann og setti á markað í mars á þessu ári en Gabriele er aðeins nítján ára gamall.

Leikurinn gengur út á að tengja saman sömu tölur og markmið leiksins er að enda með reit með tölunni 2048. Hljómar frekar einfalt en er fáránlega erfitt.

Gabriele bjó leikinn til að sjá hvort hann gæti forritað leik frá grunni. Það kom honum svo sannarlega í opna skjöldu þegar fjórar milljónir manna spiluðu leikinn í fyrstu vikunni sem hann var aðgengilegur almenningi.

Margir hafa líkt 2048 við leikinn Flappy Bird, aðallega út af því að þeir eru báðir afar ávanabindandi. Margir vita kannski að Flappy Bird var tekinn af markaðinum af skapara sínum, Nguyên Hà Đông, í febrúar á þessu ári því hann var með gríðarlegt samviskubit yfir því hvað leikurinn var í raun ávanabindandi. Nú á eftir að koma í ljós hvort sama verði upp á teningnum með 2048 en Flappy Bird var aðeins aðgengilegur í minna en ár.

### ➜ Í HNOTSKURN:

**Til bæði í verslun iTunes og Google Play**

**Ókeypis**

**2,1 MB**

**Til á ensku og frönsku**

**Fær að meðaltali 4 stjörnur hjá notendum**





**SEMJA LÖG** Ástmundur Kolbeinsson, Jónas Atli Gunnarsson og Sæmundur Hrafn Linduson skemmta sér í heimsreisu.

# Söngelskir félagar í heimsreisu

Ástmundur Kolbeinsson, Jónas Atli Gunnarsson og Sæmundur Hrafn Linduson ferðast um heiminn og semja lög í hverju landi um upplifun sína til að skapa minningar. Lögin eru orðin fjögur.

„Við tókum okkur frí frá námi í eitt ár til þess að safna kröftum fyrir háskólann í haust og fannst tilvalið að nýta árið í að safna pening til að gera eitthvað sem okkur hefur alltaf dreymt um," segir Sæmundur Hrafn Linduson þegar blaðamaður nær tali af honum þar sem hann er staddur í Kína. Eftir menntaskólann fengu grunnskólavinirnir Ástmundur Kolbeinsson, Jónas Atli Gunnarsson og Sæmundur Hrafn Linduson þá hugmynd að kynnast annarri menningu og siðum í von um að víkka sjóndeildarhringinn.

Eftir að hafa unnið myrkranna á milli í tíu mánuði lögðu þeir land undir fót og hófu heimsreisu sína. Áætluð heimkoma er um miðjan júní en þangað til stefna þeir á að deila upplifunum sínum í gegnum tónlistina og semja nýtt lag um hvert land sem þeir heimsækja. „Við höfum allir gaman af því að spila á hljóðfæri og syngja og þessi hugmynd kom upp stuttu fyrir brottför. Við vildum líka gera eitthvað skemmtilegt og frumlegt til að skapa minningar," segir Ástmundur.

Þrímenningarnir hafa nú þegar samið fjögur lög en þeir hafa ferðast til Svíþjóðar, Danmerkur, Dúbaí og Japans og eru staddir í Kína um þessar mundir. Félagarnir segja ferðalagið hafa verið ævintýri líkast og vonast til að halda sínu striki peningalega séð. Hins vegar hafi menningarsjokkið gert vart við sig þegar komið var til Asíu. „Í Dúbaí var horft illilega á okkur þegar við löbbuðum um í stuttbuxum. Í Japan var okkur sýnd ótrúleg gestrisni og hjálpsemi sem við höfum aldrei kynnst áður. Sæmi spurði mann úti á götu hvar væri hægt að kaupa bjór og maðurinn fylgdi Sæma í næstu matvörubúð, fann bjórinn fyrir hann, beið með honum í röðinni, fylgdi honum alla leið að hótelinu okkar og hneigði sig svo. Í Kína er mikið starað á okkur vegna þess að við erum hvítir og hávaxnir. Við höfum einnig lent í því að vera stoppaðir úti á götu svo að fólk geti tekið mynd af sér með okkur," segir Jónas Atli Gunnarsson. Búast má við fleiri lögum frá félögunum því framundan er ferðalag til Taílands, Kambódíu, Víetnams, Malasíu, Indónesíu og Bretlands.

### ➜ Já sæll!

Textarnir í lögunum eru byggðir á upplifun félaganna á ferðalaginu. Þeir blogga um ferðina á Facebook á síðunni Asía, Já sæll!

-marinmanda@frettabladid.is

10 ÁRA

10 ÁRA

# PÁSKASPRENGJA

# Allt að 70% afsláttur

**Af skíðafatnaði, snjóbrettafatnaði og kuldafatnaði**

**Snjóbrettapakkar 30 - 35% afsl.**
**Skíðapakkar 30 - 40% afsl.**
**Gönguskíðapakkar 30 - 35% afsl.**
**Fjallaskíðapakkar 30 - 35% afsl.**

**Hjálmar 20% afsl.**
**Skíðaskór 30% afsl.**
**Bakhlífar 20 - 30% afsl.**

**Softshell buxur**



**50% afsl.**

~~24.995~~
**12.496**

**Skíðajakkar 50% afsl.**





**TAKMARKAÐ MAGN!**

Íslensku
## ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
2004 - 2014

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

# Þessar stjörnur eru jafngamlar

Þótt ótrúlegt megi virðast eru þessar stjörnur fæddar á sama ári. Við fyrstu sýn gætu margir haldið að mikill aldursmunur væri á þeim.






# @tt.is

## MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
## GEGGJUÐ FERMINGARTILBOÐ!




**AMD Turn Special**
Sharkoon MS140 midi turn með AMD Quad Core Kaveri örgjörva, 8GB minni og 1TB hörður disk.

**109.950,-**




**Fermingarpakki 1**
Flott vél með AMD Quad Core örgjörva, 8GB minni, 1TB hörður disk, 22“ skjár, lyklaborð, mús og 2,1 hátalarakerfi.

**129.950,-**

# FERMINGAR TILBOÐ




**Fermingarpakki 2**
Öflug vél með AMD 6 kjarna örgjörva, 8GB minni, 1TB disk og Geforce GTX 750Ti skjákorti.

**169.950,-**




**Intel Turnvél 4**
CoolerMaster HAF 912 gaming turn með intel core i5 Haswell örgjörva, 8GB minni, 2TB hörðum disk og Geforce GTX 760 skjákorti.

**179.950,-**




**Att.is Bæjarlind 1-3 • 201 Kópavogur • sími 569 0700 • Opið alla virka daga 10-18**

# Íslenskir tónlistarmenn í evrópskri tónlistarkeppni

Fimm íslenskar hljómsveitir taka þátt í evrópskri tónlistarkeppni sem ber nafnið The EuroMusic Contest og er til mikils að vinna.

Fimm íslenskar hljómsveitir taka þátt í evrópsku tónlistarkeppninni The EuroMusic Contest 2014, en það eru hljómsveitirnar Steed Lord, Leaves, Klassart, Stafrænn Hákon og Una Stef. „Þetta er bara geggjað, það eru algjörar kanónur þarna og gaman að vera í svona flottum hópi,“ segir tónlistarkonan Una Stef um keppnina.

Keppnin virkar þannig að hver sem er getur kosið sinn eftirlætistónlistarmann á vefsíðunni euromusiccontest.com en þar er finna tónlist og upplýsingar um hljómsveitirnar. „Ég er ekki alfróð um keppnina en þeir sem fá flest atkvæði komast áfram í pott og svo komast tíu atriði í úrslit sem fara fram í París en lokakvöldinu verður streymt á netinu,“ útskýrir Una.

Hún segist í fyrstu hafa farið inn á vefsíðu keppninnar til þess að kjósa annan tónlistarmann en sá þá að kosning var ekki hafin. „Ég sá þetta á Facebook og ætlaði að kjósa hljómsveit en sá svo að kosning var ekki hafin og ákvað því að skrá mig sjálfa bara,“ segir Una létt í lundu.

Sigurvegari keppninnar fær að fara í upptökuferð til Grikklands í hið heimsfræga stúdíó, Black Rock Studios. Um er að ræða lúxushljóðver sem minnir á paradísarhótel. Hljómsveitin One Republic hefur meðal annars tekið upp í hljóðverinu.

- glp



**TEKUR ÞÁTT** Una Stef rambaði óvart inn á vefsíðu keppninnar og er ánægð með að vera í flottum hópi íslenskra listamanna.

> **Ég sá þetta á Facebook og ætlaði að kjósa hljómsveit en sá svo að kosning var ekki hafin og ákvað því að skrá mig sjálfa bara.**




FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

# Mikil tímamót í sögu Gauksins

Einn vinsælasti tónleika- og skemmtistaður landsins, Gaukurinn, stendur fyrir mikilli tónlistarhátíð þessa dagana til að fjármagna miklar breytingar sem væntanlegar eru á staðnum. Breytingarnar snúa að bættri þjónustu við listamenn og gesti staðarins. Gaukurinn, sem stendur við Tryggvagötu 22, á sér langa sögu og kynnti Fréttablaðið sér þá starfsemi sem verið hefur í grenndinni undanfarin ár.



Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is


Gaukurinn á langa og merkilega tónlistarsögu, og er einn af þeim fáu tónleikastöðum sem eftir eru í bænum, eftir að Nasa og Faktorý lokuðu,“ segir Starri Hauksson, einn eigenda Gauksins, en staðurinn mun taka miklum breytingum á næstu vikum.

Til að fjármagna breytingarnar fer fram mikil tónlistarhátíð á Gauknum en hún hófst í gærkvöldi og lýkur á laugardagskvöldið. Fjöldi þekktra sveita kemur fram til að leggja Gauknum lið. „Það gefa yfir tuttugu hljómsveitir vinnu sína til þess að breyta staðnum til hins betra. Þetta væri ekki hægt ef ekki væri fyrir óeigingirni starfsmanna Gauksins og fleiri aðila sem leggja sitt af mörkum til að gera allt sem þarf að gera til að breyta staðnum,“ bætir Starri við. Kaleo, Brain Police, Reykjavíkurdætur og Kimono eru á meðal þeirra sveita sem koma fram á hátíðinni.

Allur ágóðinn af tónleikahátíðinni rennur í breytingar á staðnum sem snúa að bættri þjónustu við listamenn sem koma fram; stærra svið, ljósabúnaði, hljóðkerfi og splunkunýjum sal. „Við ætlum að færa sviðið til þannig að þegar gestir ganga inn sjá þeir sviðið strax og skapast þá rými fyrir fleiri sem vilja njóta tónleikanna,“ segir Starri.

Ætlunin er að færa staðinn nær alþjóðastaðli með veitingaþjónustu fyrir listamenn sem koma fram, bættri kynningarþjónustu og litríkari tónleikaaðstöðu. Hver dagur tónleikahátíðarinnar verður helgaður ákveðinni gerð tónlistar. Gærkvöldið var helgað low-fi-trúbadoraívafi, í kvöld verður hiphop og rapp í eldlínunni, annað kvöld er áætlað þungarokkskvöld en laugardagurinn er fyrir lokapartí Gauksins þar sem boðið verður upp á blandaða tónlist.

„Við stefnum á að fara í breytingar sem allra fyrst og vonumst til þess að ljúka þeim í maí,“ segir Starri um breytingarnar.

Aðgangseyrir á alla hátíðina er aðeins 5.000 krónur en stakir miðar á hvert kvöld kosta 1.500 krónur. Thule er opinber styrktaraðili hátíðarinnar.



**GAMAN SAMAN** Starri Hauksson og Solveig Johansen, tveir eigenda staðarins, ásamt Leoncie.



**BRAIN POLICE**

## TÓNLEIKAHÁTÍÐIN Á GAUKNUM

Gærkvöldið var helgað rjómanum af íslensku acoustic-poppsenunni en þá komu fram **Soffía Björg, Pétur Ben, Myrra Rós, Hymnalaya og Kaleo.**

Kvöldið í kvöld er tekið frá fyrir rappara og hiphopara en þar koma fram **Reykjavíkurdætur, Cryptochrome, Cesar A, Lamako og MC Bjór og Bland.**

Föstudagskvöldið verður þungarokkskvöld en þar koma fram **Darknote, Wistaria, Endless Dark, Bootlegs, Angist og Muck.**

Á laugardagskvöld er síðan lokapartí Gamla Gauksins í sinni núverandi mynd en þar koma fram **Kvika, Johnny and the Rest, Kimono, FutureGrapher og Brain Police.**

*Aðgangseyrir á alla hátíðina er aðeins 5.000 krónur en stakir miðar á hvert kvöld kosta 1.500 krónur.*



# „Besti smábíllinn“

## Ford Fiesta.

Annað árið í röð seldist Ford Fiesta betur í Evrópu en nokkur annar smábíll. Hann höfðar jafnt til þeirra sem meta akstursánægju mikils og þeirra sem velja sparneytni og öryggi. Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 af sérfræðingum eins vinsælasta bílablaðs heims, Auto Express.

**Beinskiptur frá 2.450.000 kr.**
**Sjálfskiptur frá 2.790.000 kr.**




Ford

ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ekki enn sannfærð/ur? Hér eru fleiri staðreyndir um Ford Fiesta:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Khloé Kardashian með nýjan kærasta



**FUNDU ÁSTINA** Khloé Kardashian og rapparinn French Montana eru að stinga saman nefjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Khloé Kardashian virðist búin að gleyma Lamar Odom en hún er sögð vera komin með nýjan mann upp á arminn. Samkvæmt tímaritinu Life & Style hafa raunveruleikastjarnan og rapparinn French Montana verið að draga sig saman. Sjónarvottar sáu turtildúfurnar í faðmlögum og kossaflensi þegar Montana var í upptökum á nýju tónlistarmyndbandi í lok mars. Þá sáust þau einnig ganga hönd í hönd út úr nektarklúbbnum Pink Rhino í Phoenix í Arizona. Að sögn sjónarvotta létu þau vel hvort að öðru inni á klúbbnum og hann hélt meðal annars utan um hana. Montana er þó enn giftur en eiginkona hans, Deen Kharbouch, er sögð hafa beðið Kardashian að halda sig fjarri manni hennar.

„Við höfum unnið í sameiningu að frama hans,“ sagði Kharbouch í samtali við Life & Style.

Sambandi Kardashian og körfuboltakappans Lamars Odom lauk á seinni hluta síðasta árs. Stuttu áður hafði Lamar horfið og sögusagnir voru um að hann ætti við fíknivanda að etja og voru slúðurmiðlar vestanhafs duglegir að fjalla um það. Til að bæta gráu ofan á svart var körfuboltakappinn tekinn fyrir að keyra undir áhrifum í Kaliforníu, en stuttu síðar slitnaði endanlega upp úr sambandinu.






**SÓLÓ FER HONUM VEL** Justin gæti hreppt hnossið á hátíðinni í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Tilnefningarnar tilkynntar

Hljómsveitin Imagine Dragons og söngkonan Lorde eru með flestar tilnefningar til Billboard-tónlistarverðlaunanna, alls tólf hvor.

Imagine Dragons og Lorde keppa sín í milli í níu flokkum, þar á meðal fyrir besta rokklistamann og besta rokklag.

Justin Timberlake, Katy Perry og Macklemore & Ryan Lewis eru með ellefu, tíu og átta tilnefningar. Justin gæti unnið sín fyrstu Billboard-verðlaun sem sólólistamaður í ár en hann vann til fimm verðlauna með strákasveitinni ´N Sync. - lkg



**SPENNT** Rihanna syngur með Eminem á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Syngja dúettinn í beinni

Rihanna og Eminem syngja dúett saman á MTV Movie-verðlaunahátíðinni á sunnudagskvöldið. Ætla þau að syngja lagið Monster sem var á plötu Eminem, The Marshall Mathers LP 2, sem kom út í fyrra. Markar þetta viss tímamót því þau hafa ekki komið fram á hátíðinni í fimm ár.

Rihanna og Eminem ákváðu að vinna saman við Monster eftir að ástardúettinn þeirra, Love The Way You Lie, vakti gríðarlega lukku.

Þá ætlar tvíeykið einnig að fara á tónleikaferðalag saman í ágúst og spila til að mynda í New York og Los Angeles. - lkg



**ÓFEIMIN** Dylan Penn situr fyrir í Playboy.

## Dylan Penn situr fyrir nakin

Það hefur verið orðrómur á kreiki um stund að Dylan Penn, dóttir leikaranna Seans Penn og Robin Wright, hafi gert samning um að sitja fyrir nakin hjá Playboy-tímaritinu. Hin töfrandi Penn hefur hins vegar afþakkað tilboðið og valið að sitja fyrir hjá tímaritinu Treats. Ljósmyndaranum Tony Duran hældi hún fyrir listræna hæfileika. „Ég hafði kynnt mér myndirnar hans löngu áður en ég var beðin um að sitja fyrir og ég hef alltaf elskað svarthvítu nektarmyndirnar hans sem eru mjög fágaðar,“ sagði hin unga Penn í samtali við Treats. Dylan Penn hefur augljóslega fengið útlitið í vöggugjöf en hún hefur áður setið fyrir hjá tímaritunum GQ, W Magazine og Elle.

# Konur ættu að vera í lykilhlutverkum í kvikmyndabransanum

Dögg Mósesdóttir hvetur konur til að taka þátt í handritasamkeppni á vegum Doris Film og Wift til að auka vægi kvenna í kvikmyndum

„Okkar vantar fleiri sögur um konur. Þær hafa kannski ekki fengið næga félagslega hvatningu til að segja frá reynslu sinni því skilaboðin hafa oft verið sú að sagan sem karlmenn segi sé mikilvægari. Því þarf að hvetja þær áfram,“ segir Dögg Mósesdóttir, verkefnastjóri Doris Film-verkefnisins á Íslandi og Wift (Women in Film and Television) sem nú standa fyrir handritasamkeppni fyrir konur á öllum aldri. „Þetta verkefni byrjaði árið 1999 í Svíþjóð þegar óskað var eftir handritum eftir konur og bárust yfir 400 handrit. Það var svolítið þvert á það sem Kvikmyndasjóður hafði sagt, að konur væru ekki í því að skrifa handrit,“ segir Dögg og heldur áfram: „Þau verkefni sem verða valin núna eiga eftir að njóta sín mjög vel og munu gera sitt til að auka vægi kvenna innan kvikmyndageirans en sem betur fer er heimurinn að vakna til meðvitundar og óskað er eftir sögum sögðum frá sjónarhóli kvenna.“

Handritasamkeppnin er opin öllum konum og er beðið um eina tillögu að stuttmyndahandriti sem fyllir A4-blað. Keppnin er nafnlaus í fyrstu umferð og skilafrestur er til 1. maí næstkomandi.

Rafrænt umsóknareyðublað og nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Wift á Íslandi, wift.is, undir „um Doris“. - mm

➜ Samkeppnin er opin öllum konum og er beðið um eina stutta tillögu að stuttmyndahandriti sem fyllir A4-blað.



**VANTAR KONUR** Dögg Mósesdóttir segir þau handrit sem verða valin eiga eftir að njóta sín vel.



**SCARLETT JOHANSSON** Glæsileg kona.

## Ekki sátt við viðurnefnið

Leikkonan Scarlett Johansson segir viðurnefni sitt ScarJo vera niðurlægjandi.

„Þessi stytting minnir mig bara á poppstjörnur,“ segir Scarlett í viðtali við tímaritið Glamour. „Það er svo asnalegt og eiginlega ofbeldisfullt og því niðurlægjandi,“ segir Scarlett, sem er ekki par sátt við nafnbótina. Leikkonan á von á sínu fyrsta barni með blaðamanninum Romain Dauriac, en þungunin heldur henni ekki frá störfum sínum þar sem hún leikur í stórmyndunum Captain America: The Winter Soldier og Under the Skin sem koma báðar út í ár.



**KONUR OG KARLAR** Debbie Harry segist laðast jafn mikið að konum og körlum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Er tvíkynhneigð

Söngkonan Debbie Harry viðurkennir að hún sé tvíkynhneigð í viðtali við breska dagblaðið The Daily Mail. Oft hefur verið spekúlerað um kynhneigð Harry en hún segist laðast jafn mikið að konum og körlum.

„Ég veit ekki hvort kynið ég tek fram yfir. Mestu máli skiptir að viðkomandi sé með gott skopskyn og elski kynlíf. Hvað geturðu beðið um meira?“

Harry afþakkaði að koma fram á Ólympíuleikunum í Sotsjí í febrúar vegna afstöðu Rússa í garð réttinda samkynhneigðra.





# Rýmum fyrir nýjum Bosch heimilistækjum.

Bosch þvottavélar, þurrkarar, veggofnar, uppþvottavélar og kælitæki á tilboðsverði næstu daga. Hér fyrir neðan eru nokkur sýnishorn, takmarkað magn í boði.
Bosch heimilistækin eru þau mest seldu í Evrópu. Komdu og gerðu frábær kaup, við tökum vel á móti þér.



Þú sparar 30.000 kr.

**Kæli- og frystiskápur**
KGV 36NW20
Hvítur. Hljóðlátur. LED-lýsing. Krómaður flöskurekki. Mál (h x b x d): 186 x 60 x 65 sm.
**Tilboð: 99.900 kr.**
Fullt verð: 129.900 kr.



Þú sparar 30.000 kr.

**Kæli- og frystiskápur**
KGV 39VW30
Hvítur. Hljóðlátur. Fimm hillur úr öryggisgleri, þar af þrjár færanlegar. Mál (h x b x d): 201 x 60 x 65 sm.
**Tilboð: 99.900 kr.**
Fullt verð: 129.900 kr.



Þú sparar 40.000 kr.

**Kæli- og frystiskápur**
KGE 36AW30
Hvítur. Einstaklega hljóðlátur. Tvö kælikerfi. CrisperBox-skúffa. LED-lýsing. Mál (h x b x d): 186 x 60 x 65 sm.
**Tilboð: 129.900 kr.**
Fullt verð: 169.900 kr.



Þú sparar 40.000 kr.

**Þvottavél**
WAQ 28492SN
Tekur mest 8 kg. Orkuflokkur A+++. Hámarksvinduhraði: 1400 sn./mín. 15 mín. hraðkerfi. Blettakerfi.
**Tilboð: 139.900 kr.**
Fullt verð: 179.900 kr.



Þú sparar 35.000 kr.

**Þvottavél**
WAB 24262DN
Tekur mest 6 kg. Orkuflokkur A+. Hámarksvinduhraði: 1200 sn./mín. 15 mín. hraðkerfi.
**Tilboð: 79.900 kr.**
Fullt verð: 114.900 kr.



Þú sparar 40.000 kr.

**Veggofn**
HBA 241350S
Stórt ofnrými: 67 lítrar. Heitur blástur. Kjöthitamælir. Nákvæm hitastýring.
**Tilboð: 129.900 kr.**
Fullt verð: 169.900 kr.



Þú sparar 30.000 kr.

**Þurrkari**
WTE 84103SN
Tekur mest 7 kg. Rakaskynjari. Hraðkerfi 40 mín. Krumpuvörn.
**Tilboð: 99.900 kr.**
Fullt verð: 129.900 kr.



Þú sparar 60.000 kr.

**Þurrkari**
WTW 84100SN
Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+. Hraðkerfi 40 mín. Sjálfhreinsandi rakaþéttir. Krumpuvörn.
**Tilboð: 129.900 kr.**
Fullt verð: 189.900 kr.



Þú sparar 50.000 kr.

**Uppþvottavél**
SMU 58M22SK SuperSilence
Orkuflokkur A++. Mjög hljóðlát. Kraftþvottur, tímastytting og aukaþurrkun. Hnífaparaskúffa.
**Tilboð: 139.900 kr.**
Fullt verð: 189.900 kr.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Gildir til 16. apríl eða á meðan birgðir endast.

BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090



**GIFT SKÁLDSKAPNUM** Guðrún segir ekki á döfinni að færa sig meira í átt til textasmíða í tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Líður eins og í framhjáhaldi

**Guðrún Eva Mínervudóttir semur texta við tónverk Skúla Sverrissonar sem frumflutt verður af Ólöfu Arnalds á Tectonics-hátíð Sinfóníu Íslands í Hörpu í kvöld.**

Athygli vekur að rithöfundurinn Guðrún Eva Mínervudóttir semur texta við tónverk Skúla Sverrissonar í flutningi Ólafar Arnalds, sem frumflutt verður á Tectonics-tónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld, en hátíðin stendur fram á helgi. Fjórtán ný verk verða flutt á hátíðinni, þar af ellefu íslensk. Guðrún Eva þreytti frumraun sína í textagerð við lag Trausta Bjarnasonar, Til þín, sem keppti í undankeppni Eurovision fyrr á þessu ári. „Já, ég er allt í einu orðin rosalega eftirsótt á þessu sviði,“ segir Guðrún Eva og hlær og segir ekki á döfinni að færa sig meira í átt til textasmíða í tónlist. „Ég er náttúrulega dálítið gift skáldskapnum og líður eiginlega eins og ég sé að halda fram hjá í svona verkefnum,“ bætir hún við.

Guðrún Eva segir verkefnin tvö gríðarlega ólík. „Þetta verkefni með Ólöfu er nær því sem ég hef áður gert. Þó ég skrifi lítið af ljóðum, þá kom þetta þannig til að Ólöf hafði samband við mig og við þekkjumst, og hún er svo inspírerandi manneskja að þetta var auðvelt því að ljóðið er svo innblásið af henni. Hún er svo mikill listamaður,“ útskýrir Guðrún Eva og segist enn á fullu í skáldskapnum. „Ég er rosa langt komin með næstu bók og það lítur allt út fyrir að bókin komi út á árinu. Hún fjallar um unglingsstúlku sem gerir allt vitlaust í heimabæ sínum, Stykkishólmi.“ - ósk








**RAFTÓNLIST ER MÁLIÐ** Árni Grétar, betur þekktur sem Futuregrapher, heldur utan um verkefnið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Raftónlistarævintýri

**Möller um landið er eitt verkefnanna sem hlutu styrk frá tónlistarsjóði Kraums í gær.**

„Við hjá Möller Records munum nota styrkinn til að taka túr um landið og kynna hugljúfa raf- og sveimtónlist fyrir landi og þjóð,“ segir Árni Grétar, betur þekktur sem raftónlistarmaðurinn Futuregrapher, en útgáfufyrirtækið Möller Records hlaut styrk úr tónlistarsjóði Kraums upp á hálfa milljón króna í verkefnið „Möller um landið“.

Nokkrir tónlistarmenn taka þátt í verkefninu, en ásamt Futuregrapher eru það Steve Sampling, Bistro Boy og plötusnúðurinn Árni Vector. „Fleiri raftónlistarmenn munu svo koma til með að taka þátt. Við munum fara hringinn – alvöru hringinn, því við förum að sjálfsögðu á Vestfirði,“ segir Árni Grétar, léttur í bragði.

Aðspurður segir Árni það mikilvægt fyrir komandi kynslóðir úti á landi að kynnast raftónum og flæði. „Þetta er sannkallaður heiladans og fær líkama okkar og huga af stað. Ég ólst upp á Tálknafirði og þar voru ekki margir sem hlustuðu til dæmis á sveimtónlist, eða ambient, og það var kannski bara af því að það var ekkert í boði. Maður þurfti að leita að alvöru sveimi í bænum og koma með heim vestur á firði. Svo held ég að það sé bara gaman fyrir fólk að kynnast þessu og upplifa. Og dansa.“

Árna hefur lengi langað út á land með raftónleikatúr, en aldrei látið verða af því. „Við í Möller höfum talað um það að gera svona Með-allt-á-hreinu í raftónlist. Þetta verður eitthvað þannig ævintýri,“ bætir hann við og segir raftónlist í uppáhaldi hjá sér og sínu fólki. „Það er ekkert betra en brotnir taktar, djúpur bassi og vel sykruð melódía með dassi af depurð og smá vonarneista. Það má segja að raftónlist sé ég og ég sé raftónlist. Þetta er mitt líf. Ég lærði á gítar og saxófón, en þegar ég áttaði mig á því að ég gæti spilað á öll hljóðfærin með hjálp tölvunnar, þá vissi ég að raftónlistin var málið. Það var árið 1996. Ég tók þá eitt stig á píanó, til að læra grunninn, og keypti mér hljóðgervil fyrir fermingarpeninginn og tónlistarforrit í heimilistölvuna. Mamma og pabbi trúðu á mig og það hjálpaði til. Þetta var gaman og spennandi og er það enn, 17 árum síðar.“

## ÞESSI HLUTU STYRKI FRÁ KRAUMI

Kraumur tónlistarsjóður úthlutaði í gær 7,3 milljónum til íslenskra listamanna, en hæsta styrk Kraums í ár hlaut hljómsveitin Mono Town. Þessir hlutu styrki:

Mono Town
*Kynning og markaðssetning*
1.000.000 kr.

Ólafur Björn Ólafsson
*Kynning og útgáfutónleikar*
350.000 kr.

Gyða Valtýsdóttir
*Kynning á nýrri plötu*
300.000 kr.

Sólstafir og Kontinuum
*Tónleikaferð um Evrópu*
1.000.000 kr.

Nordic Affect
*Tónleikahátíðir og kynning*
800.000 kr.

Agent Fresco
*Evróputúr 2014*
700.000 kr.

Ragnheiður Gröndal
*Tónleikaferðir um Evrópu*
500.000 kr.

Rökkurró
*Útrás vegna þriðju plötu*
350.000 kr.

Grísalappalísa og DJ Flugvél og Geimskip
*Íslandstúrinn 2014*
500.000 kr.

Cell 7 ásamt hljómsveit
*Tónleikaferð um landið*
500.000 kr.

Aldrei fór ég suður 2014
*Tónlistarhátíð fyrir vestan*
500.000 kr.

Möller um landið
*Kynning á íslenskri raftónlist*
500.000 kr.

Eistnaflug 2014
*Fjölmiðlakynning og námskeið*
300.000 kr.




## 20% AFSLÁTTUR AF DIOR FARÐA

### DAGANA 10.- 16. APRÍL

Sérfræðingar frá Dior verða í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Holtagörðum og Akureyri og veita ráðgjöf varðandi krem, förðun og litaval. Kynnum nýja varalitalínu og nýtt krem Capture Total Dreamskin, **sem er á 30% afslætti þessa daga.**

Falleg gjöf* fylgir þegar keyptir eru tveir hlutir frá Dior.

*Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



GAMAN SAMAN Rachel Weisz og Daniel Craig hafa verið gift síðan 2011.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Vinna saman

Leikkonan Rachel Weisz elskar að vinna með eiginmanni sínum, Daniel Craig. Parið, sem lætur lítið sjá sig saman opinberlega, var heiðrað á dögunum af góðgerðasamtökunum The Opportunity Network, sem hjálpar unglingum sem eiga erfitt uppdráttar við að öðlast menntun og frama en leikaraparið er helsti styrktaraðili samtakanna.

Weisz segir þau skemmta sér vel við að vinna að samtökunum saman. Leikararnir giftu sig eftir nokkurra mánaða samband árið 2011 en Weisz skildi við fyrrverandi eiginmann sinn, leikstjórann Darren Aronofsky, árið 2010.

## Það tekur bara mínútu að lesa þennan pistil

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



Hafið þið heyrt um Y-kynslóðina, aldamótakrakkana sem slitu barnsskónum í kringum 2000? Ég tilheyri henni víst sjálfur því samkvæmt ýtrustu skilgreiningum er nóg að vera fæddur eftir 1980. Það gefur mér líka rýmra skotleyfi og ég verð síður vændur um heimsósóma. Meðal einkenna Y-krakka er lítið athyglisþol og gríðarlegar kröfur um að leiðast aldrei. Markaðsmenn segja að til þess að ynglingar svo mikið sem líti við vöru megi ekki vera neitt leiðinlegt við hana, bara ein sekúnda af leiðindum er nóg til að styggja vandlátu ufsilón-krakkana.

**ÞETTA** vita líka stjórnmálamenn. Það rembast allir við að koma stjórnmálaskoðunum sínum að í stuttum hnitmiðuðum myndböndum sem mega helst ekki vera meira en nokkrar mínútur að lengd. Helst mega stjórnmálamenn alls ekki vera leiðinlegir því þá fá þeir ekki atkvæði frá vandlátu krökkunum.

**NÁM** á líka að vera skemmtilegt og sérmiðað eftir þörfum krakkanna. Jón Gnarr borgarstjóri líkti þessu við Subway. Helst eiga aldamótakrakkarnir að geta valið sér álegg ofan í menntabrauðið og kennarar að salta og pipra eftir þörfum. Þetta á ekki bara við um grunnskólanám heldur líka háskólanám. Allt á að vera skemmtilegt. Það er í tísku að lýsa því yfir að hlutir séu leiðinlegir. Það er leiðinlegt að hanga á fundum, leiðinlegt að tala um peninga, leiðinlegt að tala um pólitík, leiðinlegt að rífast. Geta ekki allir verið vinir? Og ef það er þörf á að rífast er þá ekki hægt að gera það í gegnum tölvuleiki? Það er allavega skemmtilegt. Tölvuleikir eru framtíðin.

**ÉG** segi eftirfarandi – og skal gerast svo kræfur að tala fyrir hönd ufsilón-fólks. Hættum þessu kjaftæði. Ekkert er jafn spennandi í lífinu og erfið krefjandi verkefni. Pólitík og peningar þýða völd og völd hafa frá dögum Hammúrabís konungs í Babýlon verið það eftirsóknarverðasta í lífinu fyrir utan kannski ást og væntumþykju, en það nennir enginn að elska þann sem elskar bara sjálfan sig. Hættum að halda upp á afmælið okkar á hverjum degi. Tökum okkur taki. Sinnum verkefnum okkar og tökum völdin.

# Fleiri stór nöfn á stórskemmtilegri Iceland Airwaves í ár

Caribou, Future Islands, King Gizzard & The Lizard Wizard og The War on Drugs koma fram á Airwaves.

Skipuleggjendur Iceland Airwaves tilkynntu í dag fleiri listamenn sem koma fram á hátíðinni í ár en alls verða þeir um 200.

Iceland Airwaves-hátíðin verður haldin í sextánda sinn í ár, dagana 5. til 9. nóvember, og er undirbúningur í fullum gangi.

„Við erum hæstánægð og það er ótrúlega skemmtilegt að tilkynna jafn heita hljómsveit og Future Islands,“ segir Kamilla Ingibergsdóttir hjá Iceland Airwaves-hátíðinni, en hátíðin hefur nú tilkynnt um 70 af 200 tónlistarmönnum og hljómsveitum sem koma fram í ár.

Eins og mörgum er kunnugt kom Future Islands fram í spjallþætti Davids Letterman á dögunum, en þar vakti söngvari sveitarinnar mikla athygli fyrir frumlega sviðsframkomu og klippa úr þættinum fór eins og eldur í sinu um netheima.

„Söngvarinn í bandinu er náttúrulega stórkostlegur,“ bætir Kamilla við og segir gaman fyrir hátíðina að sveit sem þau hafi bókað fái svo mikla athygli.

Auk þess bætast við sveitir á borð við Caribou og The War on Drugs sem Kamilla segir sérstakt gleðiefni. „The War on Drugs kemur til með að loka hátíðinni ásamt Flaming Lips á sunnudeginum en sveitin gaf nýverið út frábæra plötu.“

„Við búumst við jafn mörgum útlendingum og í fyrra, þegar um sextíu prósent rúmlega átta þúsund gesta voru að utan. Við höfum þegar selt fullt af miðum og hvetjum fólk eindregið til að sofna ekki á verðinum og vera snemma í því að næla sér í miða. Við verðum oft vitni að því að fólk situr eftir með sárt ennið,“ útskýrir Kamilla, og segist sérlega spennt fyrir hátíðinni í ár.

„Svo eigum við heilan helling inni. Það á eftir að tilkynna meira en hundrað bönd!“ olof@frettabladid.is

> **The War on Drugs kemur til með að loka hátíðinni ásamt Flaming Lips á sunnudeginum.**
> *Kamilla Ingibergsdóttir*



SPENNT FYRIR HÁTÍÐINNI Kamilla Ingibergsdóttir býst við um átta þúsund gestum á Iceland Airwaves í ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Þeir listamenn sem bætast við:

The War on Drugs (US)
Caribou (CA)
Future Islands (US)
Oyama
Farao (NO)
Kaleo
Zhala (SE)
Spray Paint (US)
Rökkurró
Emilie Nicolas (NO)
Endless Dark
Kippi Kaninus
King Gizzard & The Lizard Wizard (AU)
Brain Police
Beneath
Þórir Georg
Fufanu
Epic Rain
Skurken
AMFJ
Kontinuum
Ophidian I
Var
Atónal Blús
Mafama
Vio
Lucy in Blue
Conflictions

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| HARRY OG HEIMIR | KL. 8 (FORSÝNING) | 7 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5 - 8 - 10.15 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| NOAH | KL. 5 - 8 - 10.15 | 12 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 8 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL. 3.30 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| NYMPHOMANIAC PART 2 | KL. 6 - 9 | 16 |
| HEILD | KL. 6 - 8 | L |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 8 - 9 - 10.15 | 7 |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL. 10.15 | 16 |
| ONE CHANCE | KL. 5.40 | L |

Miðasala á: eMiði

BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
BESTA VERÐIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.
FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.
GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁSBÍÓ

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HARRY OG HEIMIR FORSÝNING | 9 | 7 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | 5, 8, 10:45 | 12 |
| NOAH | 6, 8, 10:45 | 12 |
| HNETURÁNIÐ 2D | 6 | L |

SAMbio.is

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 10:20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 VIP 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | |
| NOAH | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 10:45 | 16 |
| NON STOP | KL. 8 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT FORSÝNING | KL. 7:40 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 3D: 8 - 10:30 2D: 5:10 | 12 |
| NOAH | KL. 5:10 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 5:10 - 7:50 - 10:30 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:10 | L |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 10:45 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT FORSÝNING | KL. 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 6 - 9 - 10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 8 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:45 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:15 - 8 -10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 8 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:45 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |

SAMbio.is

NORRÆNA HÚSIÐ KYNNIR:
NORRÆN KVIKMYNDA HÁTÍÐ
3.–15. APRÍL 2014
NORRÆNA HÚSIÐ
FIMMTUDAGUR 10. APRÍL
16:00 Skytten, Danmörk (2013)
20:00 Jeg er din, Noregur (2013)
Allar kvikmyndirnar eru sýndar með enskum texta og er frítt inn á hátíðina.
Nánari upplýsingar á norraenahusid.is.
www.baddydesign.com

Riddarinn
Ølstofa - Engihjalla
BOLTINN Í BEINNI
PREMIER LEAGUE
CHAMPIONS LEAGUE
Hamborgari franskar & bernaise
Hot wings m. grádostasósu
Pizza m. skinku og pepperoni
Gullnáman

Whirlpool
ÞVOTTAVÉLAR
Heimilistæki ht.is

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS
SAVING MR. BANKS
Reykjavík Shorts&Docs Festival
SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU
Á Laugalandi í Borgarfirði rækta hjónin Þórhallur og Erla gúrkur en fjölskylda Þórhalls hefur stundað garðyrkju þar frá árinu 1942. Jarðhiti er á svæðinu og notast þau við eigin vatsveitu til að hita upp gróðurhúsin með vatni frá hvernum. Gúrkurnar eru tíndar á hverjum degi, pakkað og komið beint til neytenda svo ferskleikinn er tryggður.
- Gúrkusafi Þórhalls og Erlu sem hressir, bætir og kætir! -
// 1 stk gúrka // 1 stk epli // 2 cm engifer // ca 10 blöð og stöngull af myntu //
Litið mál að bæta við steinselju, selleri, kóríander, spínati. Því grænni því betri!
Allt sett í safavélina. Auðvelt að setja á flösku og taka með í vinnuna eða bara njóta áður en vinnudagurinn hefst.


islenskt.is
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
íslenskt grænmeti

## Verður Stjörnunni sópað í kvöld?



**KÖRFUBOLTI** Það er nóg að gerast í íslensku íþróttalífi í kvöld en hæst ber leik KR og Stjörnunnar í undanúrslitum Dominos-deildar karla.

KR er 2-0 yfir í einvígi liðanna og getur með sigri í kvöld sópað Stjörnumönnum í frí. KR marði sigur í fyrsta leiknum en vann sannfærandi sigur í öðrum leik liðanna.

Það er einnig spilað í handboltanum og verður heil umferð í Olís-deild karla. Þetta er næstsíðasta umferðin í deildinni en Fram getur tryggt sér sæti í úrslitakeppninni með sigri á ÍR á heimavelli.

Það væri magnaður árangur hjá Íslandsmeisturunum en ekki var búist við miklu af liðinu á þessari leiktíð.

Allir leikir kvöldsins verða í beinni textalýsingu á Vísi. - hbg

## Ekki mikil virðing borin fyrir kvennaboltanum hérna

**FÓTBOLTI** „Það fer vel um okkur hérna,“ segir Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, í samtali við Fréttablaðið en í hádeginu að íslenskum tíma spila stelpurnar okkar við lágt skrifað lið Möltu í undankeppni HM 2015 ytra.

Ísland vann Ísrael, 1-0, um síðustu helgi og er á fínu róli í riðlinum eftir tap gegn Sviss í fyrsta leik.

„Ég er búinn að sjá leiki Möltu í riðlinum og við erum sterkari á öllum sviðum. Þær eru ekki í góðu formi og markvarslan hjá þeim er ekki góð. Það er einn leikmaður í liðinu miðað við það sem ég hef séð sem er í alþjóðlegum klassa,“ segir Freyr og er stefnan því að sjálfsögðu sett á sigur.

„Við sköpuðum okkur færi gegn Ísrael en voru mislagðir fætur upp við markið. Við viljum halda áfram að sýna sama uppspil. Það var gott að halda hreinu í síðasta leik en við þurfum að nýta færin betur á móti Möltu og skora mörk.“

Leikurinn fer fram á gervigrasvelli sem er við hliðina á flottum leikvangi með grasvelli.

„Það virðist ekki mikil virðing borin fyrir kvennaboltanum hérna fyrst þær eru látnar spila á gervigrasinu,“ segir Freyr en einnig er augljóst að Malta ætlar að spila inn á gervigrasið og hitann sem magnast upp á því að sögn Freys. - tom



**SIGUR** Freyr Alexandersson vill sigra Möltu og ekkert annað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL
SECRET SOLSTICE
20-22 JÚNÍ 2014
LAUGARDALUR × REYKJAVÍK
TILKYNNUM
NÝJA LISTAMENN
11. APRÍL
××
FORSÖLU LÝKUR
11. APRÍL
××
MIÐASALA:
www.SECRETSOLSTICE.is
LUCKY RECORDS
WOW air FOUNDING SPONSOR
ICELANDIC GLACIAL
365



**FEGINN AÐ HANN FÓR EKKI Í VAL** Snorri Steinn segist eiga nóg eftir í atvinnumennskunni og hann er því feginn að hafa hafnað tilboði Valsmanna síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Snorri var nálægt því að fara aftur í Val

Snorri Steinn Guðjónsson gerði nýverið tveggja ára samning við franska úrvalsdeildarfélagið Sélestat. Hann hlakkar til að takast á við ný verkefni og segist ekki sjá eftir því að hafa hafnað Val er Ólafur Stefánsson tók við liðinu.

**HANDBOLTI** Snorri Steinn Guðjónsson er að klára sitt ellefta tímabil sem atvinnumaður í handbolta en þessi 32 ára leikstjórnandi heldur á vit nýrra ævintýra í sumar. Þá gengur hann í raðir Sélestat í Frakklandi.

Snorri Steinn segist í samtali við Fréttablaðið þó hafa næstum því gengið til liðs við uppeldisfélag sitt, Val, um það leyti sem Ólafur Stefánsson tók við liðinu. Hann ákvað þó að halda kyrru fyrir í smábænum Gudme á Fjóni í Danmörku þar sem hann leikur með GOG.

„Ég talaði heillengi við Valsmenn á sínum tíma og var mjög nálægt því að fara til þeirra,“ segir Snorri Steinn, en þrálátur orðrómur var á kreiki á sínum tíma þess efnis að Valsmenn ætluðu sér að fá hann heim til Íslands, rétt eins og félagið gerði með Ólaf Stefánsson.

„Það heillaði mig að taka þátt í þessu verkefni með þeim Óla og Ragga [Ragnari Óskarssyni, aðstoðarþjálfara]. En ég er feginn að ég gerði það ekki. Mér finnst ég eiga nóg eftir í atvinnumennskunni og ég hefði séð eftir því að fá ekki að prófa eitthvað nýtt eins og að fara í frönsku deildina.“

### Með annað augað á Ríó

Snorri Steinn gerði tveggja ára samning við Sélestat, þó svo að forráðamenn franska liðsins hafi viljað gera þriggja ára samning. Hann vildi þó ekki svo langa skuldbindingu.

„Þetta er nýtt fyrir alla í fjölskyldunni – ekki bara mig. Aðstæður geta verið svo fljótar að breytast – hvort sem það snertir heilsufarið eða eitthvað annað. Mér fannst því fínt að byrja á tveimur árum,“ segir Snorri sem hefur einnig augastað á næstu Ólympíuleikum í Ríó árið 2016.

„Það er auðvitað ekki sjálfgefið að maður sjálfur eða liðið komist þangað en þetta er gulrót fyrir mann. Ég tek svo stöðuna eftir það og sé til hvað tekur við hjá mér.“

Forráðamenn Sélestat vildu stokka upp í liðinu, eins og Snorri Steinn lýsir því, og hafa því samið við nokkra nýja leikmenn.

„Það er kominn sænskur markvörður og leikmaður frá Króatíu. En Sélestat er ekki ríkasta liðið í deildinni. Ég vona því að þeir haldi sig innan síns ramma svo ég fái launin mín,“ segir hann í léttum dúr.

### Verður vonandi vítamínssprauta

Sífellt fleiri handboltamenn í fremstu röð á heimsvísu, íslenskir meðtaldir, hafa samið við frönsk lið síðustu ár. Franska landsliðið hefur verið eitt það allra besta síðustu ár og nú virðast frönsk deildarlið ætla að styrkja sig mikið á næstu árum.

„Frakkarnir njóta góðs af því að spænska deildin er ekki eins og hún var. Svo hefur velgengni landsliðsins hjálpað til og allt vindur þetta upp á sig,“ segir Snorri Steinn sem hlakkar mjög til þess að sölda um.

„Það var draumurinn að klára ferilinn á Spáni en það var ekki í boði. En mér líst engu að síður mjög vel á – þetta verður eins og þegar ég fór til Grosswallstadt [árið 2003]. Þá var maður mállaus og allt nýtt í kringum mann. Ég vona að þetta verði góð vítamínssprauta fyrir mig.“

eirikur@frettabladid.is

## Bayern og Atletico í undanúrslit



**SIGURMARKIÐ** Koke og David Villa fagna sigurmarkinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FÓTBOLTI** Stórliðin Barcelona og Man. Utd féllu úr leik í Meistaradeildinni í gær. Bayern og Atletico Madrid komust aftur á móti í undanúrslit.

Bayern lagði Man. Utd, 3-1, og 4-2 samanlagt. Man. Utd komst yfir í leiknum.

Atletico lagði Barcelona 1-0 og 2-1 samanlagt. Koke skoraði eina mark leiksins strax á 5. mínútu leiksins sem var frábær skemmtun frá fyrstu mínútu. - hbg

visir.is
Frekari umfjöllun um Meistaradeildina

# FRÆÐI OG KVÆÐI Í FERMINGARPAKKANN

Heildarljóðasafn Gerðar Kristnýjar, eins ástsælasta skálds okkar tíma









**Vildarverð kr. 9.999,-**
Verð áður kr. 11.499,-
**Íslenskir málshættir og Íslensk orðtök saman í gjafaöskju**




**Verð kr. 6.999,-**
**Prjónabiblían**




**Verð kr. 5.999,-**
**Heimspekibókin**

**Verð kr. 5.999,-**
**Ljóðasafn Gerður Kristný**




**Verð kr. 7.999,-**
**Stóra saumabókin**




**Verð kr. 7.999,-**
**Saga daganna**




**Verð kr. 5.999,-**
**Saga orðanna**




**Verð kr. 2.499,-**
**Íslensk kvæði**




**Verð kr. 9.999,-**
**Íslensk samheitaorðabók**




**Vildarverð kr. 19.999,-**
Verð áður kr. 21.999,-
**Vatnið í náttúru Íslands**




**Verð kr. 4.999,-**
**Ljóðaúrval Jónas Hallgrímsson**




**Verð kr. 2.499,-**
**Íslensk orðsnilld**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 10. apríl til og með 22. apríl eða á meðan birgðir endast.



**Í SÖGUBÆKURNAR** Þjóðverjinn hefur átt flottan feril. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Sögulegt hjá Nowitzki

**KÖRFUBOLTI** Þjóðverjinn Dirk Nowitzki, leikmaður Dallas Mavericks í NBA-deildinni í körfubolta, hitti úr 9 af 11 skotum sínum gegn Utah Jazz og skoraði 21 stig í öruggum 95-83 sigri Dallas.

Leikurinn var sögulegur fyrir Nowitzki því hann komst upp í 10. sætið á stigalistanum yfir mestu skorarana í NBA-deildinni frá upphafi. Á topp-10 listanum eru nöfn á borð við Michael Jordan, Wilt Chamberlain og stigakónginn sjálfan, Kareem Abdul-Jabbar.

Nowitzki hirti 10. sætið af goðsögninni Oscar Robertson sem skoraði 26.710 stig á 14 ára ferli með Cincinnati Royals og Milwaukee Bucks á árunum 1960-1974. Hann varð meistari með Milwaukee árið 1971.

Þjóðverjinn er nú búinn að skora 26.714 stig en hann komst upp fyrir Robertson með laglegu stökkskoti úr teignum í fjórða leikhluta, en það hefur hann gert nokkrum sinnum áður.

- tom

## Bauð upp á naut og humar

**GOLF Hefð er fyrir því að sigurvegari síðasta árs í Mastersmótinu velji matseðilinn á kvöldverði meistaranna sem fram fór í fyrradag í klúbbhúsinu á Augusta National. Ástralinn Adam Scott sigraði í mótinu á síðasta ári og bauð upp á steik og humar eða „Surf and Turf“ eins og það útleggst á enskri tungu.**

**„Ég taldi að það myndi hitta í mark að bjóða upp á eitthvað sem allir kannast við,“ segir Scott. Hann hafði íhugað að bjóða upp á mjög sérstakan þjóðarrétt frá Queensland í Ástralíu. Meðal annars kom til greina að bjóða upp á rétt þar sem skordýr koma við sögu. Fyrrverandi meistarar voru því líklega himinlifandi yfir að fá steik og humar í gærkvöldi.**

**Margir framandi réttir hafa verið framreiddir á kvöldverði meistaranna í gegnum tíðina. Frægt er þegar Skotinn Sandy Lyle bauð upp á þjóðarrétt Skota, haggis.** - jjk

# Hætti í fimleikum og varð Íslandsmethafi í sleggjukasti

Vigdís Jónsdóttir, 18 ára frjálsíþróttakona úr FH, stórbætti árangur sinn í sleggjukasti um síðustu helgi og bætti um leið Íslandsmetið í greininni. Hún ætlaði sér að æfa spjótkast eftir farsælan feril í fimleikum. Þessi efnilega íþróttakona setur stefnuna á Ólympíuleikana í Tókýó árið 2020 sem og á fleiri mót.

**FRJÁLSAR** „Ég bjóst kannski við að kasta svona 51-52 metra en sleggjan fór alveg yfir 55 metrana sem kom skemmtilega á óvart,“ segir Vigdís Jónsdóttir, 18 ára frjálsíþróttakona úr FH, sem á sunnudaginn bætti fimm ára gamalt Íslandsmet ÍR-ingsins Söndru Pétursdóttur í sleggjukasti kvenna.

Vigdís var að keppa á Coca Cola-móti FH á heimavelli sínum í Kaplakrika og þrumaði sleggjunni 54,51 metra í fyrsta kasti. Hún var þá búin að bæta Íslandsmetið sem var 54,19 metrar. Vigdís bætti um betur og kastaði næst 55,23 metra og bætti Íslandsmetið um 1,04 metra. Enn fremur bætti hún eigin árangur með 4 kg sleggjunni um ríflega 10 metra.

„Sleggjan var ekkert búin að fara rosalega langt á æfingum en þetta er í takt við það hvernig mér gengur á mótum. Mér gengur betur þegar ég keppi – fæ eitthvert svona adrenalínkikk,“ segir Vigdís sem setti stefnuna ekki á Íslandsmet í fullorðinsflokki heldur í flokki 18-19 ára.

„Ég ætlaði kannski að ná stóra metinu í sumar en 18-19 ára metið átti að fara. Ég bætti metið strax í fyrsta kasti og við öll sem stóðum þarna fengum alveg sjokk. Svo bætti ég metið strax í næsta kasti og við urðum öll himinlifandi.“



**EFNILEGUR ÍSLANDSMETHAFI** Framtíðin virðist björt hjá hinum 18 ára gamla sleggjukastara Vigdísi Jónsdóttur sem er nýr Íslandsmethafi í greininni eftir stórbætingu á móti í Kaplakrika síðastliðinn sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Sleggjan betri fyrir ökklana

Þessi efnilega íþróttakona hefur aðeins æft sleggjukast í 18 mánuði. Alla æsku sína æfði hún fimleika, fyrst með Björk og síðar Stjörnunni, en hún sagði skilið við fimleikana fyrir tveimur árum.

„Ég var búin að vera með álagsmeiðsli í ökkla sem höfðu tekið sinn toll og ég bara gat ekki meira. Það voru álagsbrot í báðum ökklum þannig ég gat ekki keppt mikið. Það endaði með því að mér var alltaf illt og var alltaf vafinn þannig að ég ákvað að taka mér pásu,“ segir Vigdís en pásan varð varanleg og ákvað hún því að prófa frjálsar. Stefnan var fyrst tekin á spjótkast.

„Ég byrjaði að hlaupa en ætlaði síðan að fara í spjótkastið því mér fannst það spennandi. En kastþjálfarinn minn, Eggert Bogason, sá meiri sleggjukastara í mér og leyfði mér að prófa. Svo var ég bara svo fljót að ná tækninni,“ segir Vigdís en meiðslin sem stóðu í vegi fyrir henni í fimleikunum angra hana ekkert í dag.

„Ég hef reyndar bara batnað. Ég meiddist rosalega illa í apríl 2011 og fór til sjúkraþjálfara að styrkja ökklann en ég lenti oft illa eftir það. Ökklarnir hafa bara styrkst í sleggjunni. Fimleikarnir gera mér samt mjög gott og eru góður grunnur.“

### Beðið eftir niðurstöðum

Kast Vigdísar er eðli málsins samkvæmt það lengsta á árinu en með því vann hún sér sæti í landsliðinu sem tekur þátt í Evrópubikarkeppninni sem fram fer í Georgíu í júní.

„Ég á bara eftir að fá niðurstöðurnar úr lyfjaprófinu sem ég fór í eftir mótið á sunnudaginn. En lengsta kastið gildir þannig að vonandi kemst ég til Georgíu,“ segir Vigdís.

Hún setur stefnuna á fleiri mót á árinu og langar mikið að komast með Anítu Hinriksdóttur á heimsmeistaramót 20 ára og yngri sem fram fer í Bandaríkjunum í sumar.

„Mig vantar tvo metra til að ná lágmarkinu fyrir það. Ég þarf að kasta 57 metra til að komast á HM. Það væri alveg rosalega skemmtilegt að fara með Anítu og Hilmari.“

Stóra markmiðið er auðvitað Ólympíuleikarnir en ekki eftir tvö ár í Ríó.

„Með þessu kasti á sunnudaginn hoppaði ég upp í 13. sæti á Evrópulistanum í mínum aldursflokki og nú set ég stefnuna á Ólympíuleikana í Tókýó 2020. En ég ætla líka að reyna keppa á Smáþjóðaleikunum á næsta ári hérna heima. Þjálfarinn minn ætlar að reyna fá sleggjukast sem keppnisgrein,“ segir Vigdís Jónsdóttir.

### Komst langt í fimleikunum

Kastsería Vigdísar var mjög myndarleg á mótinu í Krikanum en fimm af sex köstum hennar voru yfir 52 metra, hún tvíbætti Íslandsmetið og gerði aðeins einu sinni ógilt.

Vigdís er uppalin í Hafnarfirði og stundar nám í Kvennaskólanum í Reykjavík þar sem hún er á öðru ári.

> **Með þessu kasti á sunnudaginn hoppaði ég upp í 13. sæti á Evrópulistanum í mínum aldursflokki og nú set ég stefnuna á ÓL í Tókýó.**
>
> *Vigdís Jónsdóttir, sleggjukastari.*

„Þetta flækist stundum hvort fyrir öðru en þetta sleppur alveg,“ segir hún og hlær við.

Fimleikaferill hennar var sæmilega farsæll og ekki að ástæðulausu að hún hefur náð svona langt á svo skömmum tíma í sleggjunni.

„Ég komst tvisvar á úrtökumótin fyrir Evrópuliðin en komst reyndar ekki í liðið. Ég komst samt alveg langt í fimleikunum. En nú á sleggjukastið hug minn allan og ég set kraftinn í það,“ segir Vigdís Jónsdóttir.

tom@frettabladid.is

# Birgir Leifur spáir Stenson sigri

The Masters, fyrsta risamót ársins í golfinu, hefst í dag á Augusta-vellinum.

**GOLF** „Þetta er örugglega vinsælasta mótið af þeim fjórum stóru í áhorfi. Það er alltaf spilað á sama vellinum og mikil hefð hefur myndast í kringum mótið,“ segir Birgir Leifur Hafþórsson, fremsti kylfingur þjóðarinnar, um Masters-mótið, fyrsta risamót ársins, sem hefst á Augusta-vellinum í Georgíuríki í dag.

Birgir Leifur er einn af þeim sem lýsa mótinu í beinni útsendingu á Golfstöðinni en sýnt verður beint frá öllum fjórum dögunum. Hann er eðlilega spenntur fyrir mótinu enda oft mikil dramatík í boði á Augusta.

„Fólk sér alltaf sömu holurnar og sömu pinnana og tengir við þetta mót. Svo eru staðir eins og Amen-hornið sem er mjög frægt og alltaf eitthvað sem gerist þar. Menn bíða alltaf spenntir eftir síðustu níu holunum á lokahringnum því það er oft mikil dramatík í gangi. Þetta snýst um að halda sér í formi allan tímann,“ segir Birgir Leifur.



**SVÍI** Vinnur Henrik Stenson óvæntan sigur á Masters? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Norður-Írinn Rory McIlroy er talinn sigurstranglegastur fyrir mótið þar sem Tiger Woods er ekki á meðal keppenda í fyrsta skiptið í 20 ár.

„Þessi völlur hentar Rory vel ef hann nær púttternum í gang. Hann er samt ekki búinn að vera að pútta vel að undanförnu. Jason Day líður líka vel á þessum velli og er búinn að lenda nokkrum sinnum í öðru sæti. Hann vill slá frá hægri til vinstri og því er völlurinn góður fyrir Day,“ segir Birgir Leifur, sem býður sjálfur upp á óvænta en skemmtilega spá fyrir mótið.

„Ég vil sjá Evrópumenn gera það gott: Justin Rose, Lee Westwood eða Luke Donald, Ef pútterinn verður heitur hjá Henrik Stensson spái ég honum sigri. Hann verður fyrsti Svíinn til að vinna risamót. Stenson verður minn maður um helgina,“ segir Birgir Leifur léttur að lokum. - tom

## MASTERS-MÓTIÐ 2014

AUGUSTA-VÖLLURINN
Augusta, Georgíuríki, 10.-13. Apríl




Heimild: Augusta-golfklúbburinn

© GRAPHIC NEWS


Lesum meira
RISA SYRPA
SÆGARPAR
edda
NÝ RISA SYRPA
ER KOMIN Í NÆSTU VERSLUN!
©Disney
www.edda.is
eddaisland
edda



## Stöð 2 kl. 20.25
### Masterchef USA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.

## Í KVÖLD



### American Idol

**STÖÐ 3 KL. 20.00** Það er sannkölluð draumasveit dómara sem situr í hásætinu þetta árið en hún samanstendur af Keith Urban, Jennifer Lopez og í fyrsta sinn er hinn silkimjúki söngvari og leikari Harry Connick Jr. dómari.



### Eldað með Ebbu

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Ebba Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan og næringarríkan mat úr góðu hráefni. Matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegu fræðsluívafi.



### 3. liðið

**STÖÐ 2 SPORT KL. 21.00** Fjögurra þátta sería sem fjallar um knattspyrnu frá sjónarhorni dómaranna. Þeim er fylgt eftir í undirbúningi sínum, æfingum, leikjum og einnig fáum við að heyra hvað fer þeim á milli á meðan á leik stendur. Þættirnir munu án efa sýna hvernig það er í raun og veru að sinna dómarastarfinu.

## Bylgjan kl. 13.00
### Rúnar Róberts

Rúnar er í loftinu á milli 13 og 16 alla virka daga. Rúnar fylgist með því sem er að gerast í þjóðlífinu hverju sinni, kíkir á sportið ásamt því að gefa þér vænan skammt af góðri Bylgjutónlist til að stytta þér stundirnar við vinnuna.








## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Malcolm In the Middle
**08.30** Man vs. Wild
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** 60 mínútur
**11.05** Suits
**11.45** Nashville
**12.35** Nágrannar
**13.00** Monte Carlo
**14.45** The O.C
**15.35** Loonatics Unleashed
**16.00** Ben 10
**16.25** Mike and Molly
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.50** Life's Too Short *(7:7)*
**20.25** Masterchef USA *(15:25)*
**21.10** NCIS *(9:24)*
**21.55** Person of Interest *(12:23)*
**22.40** Dream House
**00.10** Mr. Selfridge
**00.55** The Following
**01.40** Shameless
**02.30** Milk
**04.35** Monte Carlo

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Meistaradeildin - meistaramörk
**12.10** Meistaradeild Evrópu. Atletico - Barcelona
**13.50** Meistaradeild Evrópu. Bayern Munchen - Man. Utd.
**15.30** Meistaradeildin - meistaramörk
**16.00** Spænsku mörkin 2013/14
**16.30** Stjarnan
**17.00** Njarðvík - Grindavík
**18.30** Samantekt og spjall
**19.00** Benfica - AZ Alkmaar Bein útsending
**21.00** 3. liðið
**21.30** KS deildin
**22.00** Slaktaumatölt
**00.00** Dallas - San Antonio Bein útsending

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.50** Newcastle - Man. Utd.
**14.30** Messan
**15.45** Aston Villa - Fulham
**17.25** Ensku mörkin - úrvalsdeildin
**18.20** Everton - Arsenal
**20.00** Premier League World
**20.30** Croatia, Brasilia and Cameroon Skemmtilegir þættir um landsliðin sem munu keppa á HM 2014 í Brasilíu í sumar.
**21.00** Tottenham - Sunderland
**22.40** Football League Show 2013/14
**23.10** Norwich - WBA
**00.50** Messan

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**12.00** Simpson-fjölskyldan
**12.20** Friends
**13.05** Mindy Project
**13.25** Glee
**14.10** Hart of Dixie
**14.55** Gossip Girl
**15.40** The Carrie Diaries
**16.20** Pretty Little Liars
**17.05** How To Make it in America
**17.30** Top 20 Funniest
**18.15** Community
**18.35** Game tíví
**19.05** Malibu Country *(2:18)*
**19.30** Lífsstíll
**20.00** American Idol *(26:37)*
**21.20** Hawthorne *(7:10)*
**22.05** Supernatural *(11:22)*
**22.45** Grimm
**23.25** Sons of Anarchy
**00.15** Malibu Country
**00.35** Lífsstíll
**00.55** American Idol
**02.15** Hawthorne
**02.55** Supernatural
**03.35** Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

**07.00** Skógardýrið Húgó **07.23** Latibær **07.47** Ævintýraferðin **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Hvellur keppnisbíll **09.55** UKI **10.00** Ævintýri Tinna **10.25** Ljóti andarunginn og ég **10.47** Tom and Jerry **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Skógardýrið Húgó **11.22** Latibær **11.46** Ævintýraferðin **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Hvellur keppnisbíll **13.55** UKI **14.00** Ævintýri Tinna **14.25** Ljóti andarunginn og ég **14.47** Tom and Jerry **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Skógardýrið Húgó **15.22** Latibær **15.46** Ævintýraferðin **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Hvellur keppnisbíll **17.55** UKI **18.00** Ævintýri Tinna **18.25** Ljóti andarunginn og ég **18.47** Tom and Jerry **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Curious George 2. Follow That Monkey **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55** Strákarnir
**18.25** Friends
**18.50** Seinfeld
**19.15** Modern Family
**19.40** Two and a Half Men
**20.05** Tekinn 2
**20.30** Weeds *(7:13)*
**21.00** Twenty Four *(11:24)*
**21.40** Without a Trace *(6:24)*
**22.25** Curb Your Enthusiasm *(7:10)*
**22.55** Tekinn 2
**23.20** Weeds
**23.50** Without a Trace
**00.35** Curb Your Enthusiasm
**01.05** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**11.35** Big Miracle
**13.20** Parental Guidance
**15.05** Hope Springs
**16.45** Big Miracle
**18.30** Parental Guidance
**20.15** Hope Springs
**22.00** One Night at McCool's
**23.35** Trust
**01.20** Conan The Barbarian
**03.10** One Night at McCool's

## RÚV

**16.30** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**17.20** Einar Áskell
**17.33** Verðlaunafé
**17.35** Stundin okkar
**18.01** Skrípin
**18.05** Táknmálsfréttir
**18.15** Kiljan
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** Kastljós
**20.05** Eldað með Ebbu *(6:8)* Ebba Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan og næringarríkan mat úr góðu hráefni. Matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegu fræðsluívafi.
**20.40** Martin læknir *(5:8) (Doc Martin)*
**21.30** Best í Brooklyn *(12:22) (Brooklyn Nine-Nine)*
**21.50** Svipmyndir frá Noregi *(6:7) (Norge rundt)* Turi Gramstad Oliver varð heimsþekkt í kringum 1960 fyrir hönnun sína. Í dag einbeitir hún sér að öðru listformi.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð *(17:24) (Criminal Minds VIII)*
**23.05** Stundin *(3:6) (The Hour II)*
**00.00** Kastljós
**00.20** Fréttir
**00.30** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Cheers
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**13.45** Solsidan
**14.10** The Millers
**14.35** The Voice
**16.50** 90210
**17.40** Dr. Phil
**18.20** Parenthood
**19.10** Cheers
**19.35** Trophy Wife *(14:22)*
**20.00** Food & Fun með Sigga Hall *(2:2)*
**20.30** Royal Pains *(1:16)*
**21.15** Scandal *(13:22)*
**22.00** Agents of S.H.I.E.L.D. - NÝTT *(1:22)*
**22.50** The Tonight Show
**23.35** CSI
**00.20** Ice Cream Girls
**01.05** The Good Wife
**01.55** Beauty and the Beast
**02.40** Scandal
**03.30** The Tonight Show
**04.20** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **12.05** Bundesliga Highlights Show **12.55** Dutch League - Highlights 2014 **13.55** Heerenveen - PSV Eindhoven **15.55** Borussia Dortmund - Vfl Wolfsburg **17.55** Vitesse - AFC Ajax **19.55** Dutch League - Highlights 2014 **20.55** Bundesliga Highlights Show **21.45** Motors TV

## Golfstöðin

**08.05** 2014 Augusta Masters **10.05** Golfing World 2014 **10.55** LPGA Tour 2014 **13.55** Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ **14.50** PGA Tour 2014 - Highlights **15.45** 2014 Augusta Masters **17.45** Golfing World 2014 **18.35** Inside The PGA Tour 2014 **19.00** 2014 Augusta Masters **23.30** Inside The PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun





# Fimm bestu!

Páskaeggin frá Nóa Síríus eru af ýmsum stærðum og gerðum. Frá upphafi höfum við lagt metnað í að gera þau sem allra best úr garði – og reynslan, handbragðið og metnaðurinn skila sér. Fimm bragðbestu páskaeggin eru frá Nóa Síríus, samkvæmt páskaeggjadómstóli DV 2014. Bragðið leynir sér ekki.

**– Njótið vel –**

## BESTA MYNDIN



**Litla hafmeyjan, ég horfi alltaf á hana um jólin og þegar ég þarf að horfa á Disney-mynd til þess að sjá heiminn í öðru ljósi.**

Rakel Mjöll tónlistarkona

# Gefur út handbók fyrir foreldra um kynlíf

Kynfræðingurinn Sigríður Dögg Arnardóttir gefur út sína fyrstu bók, Kjaftað um kynlíf.

„Í staðinn fyrir að vera kaffiborðsbók verður þessi bók svokölluð náttborðsbók fyrir fullorðna,“ segir Sigríður Dögg Arnardóttir kynfræðingur sem skilaði inn handriti að sinni fyrstu bók í gær.

Bókin nefnist Kjaftað um kynlíf og verður handbók fyrir foreldra þar sem farið er yfir hvernig á að tala um kynlíf við börn og unglinga á aldrinum 0-18 ára. Bókin á að koma út í haust á vegum útgáfunnar Iðnú.

„Bókin er byggð á efni sem ég hef sankað að mér á seinustu fjórum árum, mín reynsla í bland við erlendar og innlendar rannsóknir,“ segir Sigríður Dögg, betur þekkt sem Sigga Dögg, en hún segir bókina vera skyldueign fyrir foreldra og fullorðna. „Lykillinn að kynfræðslu er að foreldrar geti talað um kynlíf við börnin sín. Oftar en ekki veit fólk ekki hvernig á að gera það og hvenær er best að byrja fræðsluna. Ég skoðaði margar nýjar bækur um þetta málefni, flestar frá Bandaríkjunum og eru þær margar miðaðar að því að banna kynlíf fyrir hjónaband sem á alls ekki við hér.“ Efni bókarinnar verður skipt í aldursskeið en Sigga Dögg segir mikilvægt að leyfa forvitni barnsins að ráða þegar kemur að kynfræðslu. „Ég mundi segja að 4-6 ára aldurinn væri góður til að byrja að koma inn á hvernig börnin verða til, svo ræður maður hversu djúpt er farið í útskýringarnar. Allt er þetta tekið fyrir í bókinni.“ - áp



**KJAFTAÐ UM KYNLÍF** Sigga Dögg gefur út sína fyrstu bók sem er handbók fyrir foreldra og fullorðna. MYND/ALDÍS PÁLS







NIKON FERMINGARTILBOÐ
STAFRÆN SLR MYNDAVÉL
VR LINSA MEÐ HRISTIVÖRN



Nikon
At the heart of the image

Þráðlaust farsímatengi að verðmæti 11.990 fylgir!

Nú með nýrri og léttari linsu!

Nikon D3200KIT1855VR
Stafræn SLR myndavél með 24,2 milljón punkta upplausn, 24,2 mm CMOS flögu á DX-sniði, EXPEED 3, ISO 100-6400 (fer í 12800), 3” LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd, umhverfis- og brellustillingum, hraðri raðmyndatöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út ofl.

24,2 Megapixla C-MOS myndflaga

TILBOÐ
99.995
FULLT VERÐ 109.995

Nikon School námskeið fylgir!

Heimilistæki ht.is

SELFOSS • REYKJANESBÆR • AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • REYKJAVÍK



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is







**PRUSUPRÓGRAMM** Sölvi segir að fólk megi búast við því að þetta verði flottustu tónleikar ársins á Íslandi. MYND/

# Quarashi snýr aftur

Hljómsveitin Quarashi kemur aftur saman á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina. Quarashi-meðlimurinn Sölvi Blöndal segir þó að sveitin sé enn þá hætt og verði enn þá hætt eftir tónleikana í Herjólfsdal í byrjun ágúst.

„Við sórum og lofuðum að gera þetta aldrei, aldrei aftur en það loforð vísaði einungis til meginlandsins. Við höfum aldrei komið fram á Þjóðhátíð í Eyjum. Þetta verður án efa ein stærsta tónleikahátíð ársins og þótt víðar væri leitað. Því fannst okkur í raun og veru liggja beinast við að Quarashi færi þangað,“ segir Sölvi Blöndal í hljómsveitinni Quarashi sem spilar á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina. Allir upprunalegu meðlimirnir stíga með Sölva á sviðið í Herjólfsdal en það eru Höskuldur Ólafsson, Steinar Fjeldsted og Ómar „Swarez“ Hauksson, Auk þess verður Egill „Tiny“ Thorarensen með bandinu en hann kom í stað Höskuldar þegar hann yfirgaf sveitina árið 2002.

„Quarashi-sagan spannar níu ár, breiðskífur og tugi laga. Við ætlum að flytja efni af öllum þessum skífum og leggjum ótrúlega mikinn metnað í þetta. Þetta er þrusuprógramm og það er fáránlega gaman að standa á sviðinu fyrir framan tíu til fimmtán þúsund manns. Það má búast við því að þetta verði flottustu tónleikar ársins þó það sé frekar mikil samkeppni við Justin Timberlake,“ segir Sölvi í gamansömum tón.

Quarashi á ótalmarga smelli frá ferlinum og naut mikillar velgengni erlendis rétt eftir árið 2000. Lög þeirra voru notuð í ótal sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Stick ’Em Up og Mr. Jinx ómuðu til að mynda í 2 Fast 2 Furious, Alias, Smallville og í auglýsingum fyrir NBA-deildina á sjónvarpsstöðinni TNT. Þá hafa lög Quarashi af plötunni Jinx, sem kom út árið 2002, heyrst í tölvuleikjunum Amplitude, NFL Blitz, Transworld Snowboarding og Madden NFL. Lagið Stick ’Em Up var einnig notað í myndunum Death Race 2 og The Mechanic. Það er því af nægu að taka á lagalistanum í Eyjum en aðspurður hvort Quarashi muni líka bjóða upp á nýtt efni í Dalnum er Sölvi mjög dularfullur.

„Ég get ekki svarað því.“

Fréttablaðið sagði frá því á þriðjudag að Skítamórall, Kaleo og Mammút væru fyrstu þrjár hljómsveitirnar sem tilkynntar væru á Þjóðhátíð í Eyjum en Sölvi segir að hljómsveitaúrvalið á hátíðinni í ár hafi haft mikil áhrif á meðlimi Quarashi.

„Það átti stóran þátt í ákvörðun okkar að koma saman á þessari hátíð. Þjóðhátíð í Eyjum sem tónlistarfestival hefur breyst og í ár verða þar Mammút, Kaleo og ýmis fleiri áhugaverð bönd,“ segir Sölvi sem er byrjaður að koma sér í gott form fyrir lætin á sviðinu.

„Þegar þetta var komið á hreint fór ákveðið prógramm í gang. Mitt prógramm er þannig að ég syndi tvo og hálfan kílómetra á skriðsundi í viku. Ég tek formið gríðarlega alvarlega og ég held að aðrir hljómsveitarmeðlimir deili því með mér. Ég er búinn að lenda á spítala einu sinni á þessu ári og ég vil ekki lenda þar aftur. Það er löng saga. Í stuttu máli lenti ég í snjóbrettaslysi.“

Quarashi kom síðast saman á Bestu útihátíðinni árið 2011 en Sölvi segir að hljómsveitin sé ekki byrjuð aftur.

„Hljómsveitin er enn þá hætt og verður enn þá hætt eftir tónleikana. Þetta er dauður hestur og fer bara á vagninn mjög tímabundið. Síðan verður hann svæfður aftur.“

liljakatrin@frettabladid.is

## EIN VINSÆLASTA SVEIT ÍSLANDSSÖGUNNAR



- Quarashi var stofnuð árið 1996
- Gaf út fjórar breiðskífur – Quarashi (1997), Xeneizes (1999), Jinx (2002) og Guerilla Disco (2004). Auk þess gaf hún út safnplötuna Anthology árið 2011
- Hefur selt um fjögur hundruð þúsund plötur á heimsvísu
- Hefur unnið og spilað með listamönnum á borð við Cypress Hill, Prodigy, Eminem og Weezer
- Allar breiðskífur sveitarinnar fóru í gullsölu á Íslandi
- Á árunum 2000 til 2003 var sveitin á samningi hjá Columbia Records og EMI Music í Bandaríkjunum
- Myndbandið við lagið Stick ’Em Up var tilnefnt til MTV Video Music-verðlaunanna árið 2002 en laut í lægra haldi fyrir Trouble með Coldplay
- Árið 2002 hætti Höskuldur Ólafsson í sveitinni og í hans stað kom Egill „Tiny“ Thorarensen
- Sveitin hætti störfum árið 2005

**Þetta er dauður hestur og fer bara á vagninn mjög tímabundið. Síðan verður hann svæfður aftur.**

*Sölvi Blöndal*

REYKJAVÍK
10. — 12. APRÍL 2014

# TECTONICS







## *Allt sem tónlist getur verið!*

### *Tónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands*

Í annarri viku apríl iðar Harpa af lífi á Tectonics. Flytjendur og tónsmiðir hvaðanæva að koma fram á fjölda tónleika og viðburða á þremur dögum með nýja og spennandi tónlist úr öllum áttum.

Listamenn á Tectonics 2014 eru meðal annarra **Valgeir Sigurðsson, Ólöf Arnalds & Skúli Sverrisson, Bergrún Snæbjörnsdóttir, Davíð Brynjar Franzson, María Huld Markan, Ghostigital, Hestbak, Grouper og Páll Ivan**. Aðalgestur Tectonics er bandaríska tónskáldið **Alvin Lucier**.

Fjölbreyttar tónlistarstefnur renna saman og mynda nýtt og spennandi landslag.

*Hátíðarpassi* 5.000 KR. — *Dagpassi* 2.500 KR.

*Opnunartónleikar hátíðarinnar hefjast kl. 19 í kvöld*

**TECTONICS**

*Listrænn stjórnandi* **ILAN VOLKOV**

**WWW.TECTONICSFESTIVAL.COM**

*Miðasala í anddyri **Hörpu** og á **sinfonia.is** og **harpa.is***

HARPA

Reykjavíkurborg

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla og Vesturbergi
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sex ár frá bílslysinu

Tónlistarkonan **Svala Björgvinsdóttir** sagði frá því á Facebook-síðu sinni í gær að liðin væru nákvæmlega sex ár frá því að hún lenti í alvarlegu bílslysi, ásamt hljómsveit sinni Steed Lord.

Hljómsveitin var á leið á Keflavíkurflugvöll og þaðan í tónleikaferð um Evrópu þegar slysið varð.

Tíu mínútum áður hafði eiginmaður hennar, Einar Egilsson, spennt á hana bílbeltið sem hún segir hafa bjargað lífi sínu.

Hljómsveitin er nú stödd í San Francisco þar sem hún spilaði á tónleikum í gær. **- jm**



### Ekki endalokin

Fjölmiðlamaðurinn **Sölvi Tryggvason** hefur starfað við þáttagerð á Skjá einum síðustu ár og langar nú til að breyta til og róa á önnur mið.

„Ég er að hætta í þessari tegund af þáttagerð en þetta eru engin endalok. Ég hef náttúrulega verið tíu af ellefu ára starfsferli eftir háskólanám við fjölmiðla, þó að ég hafi unnið fjölmörg smærri verkefni samhliða. Þannig að hjartað mun alltaf slá í fjölmiðlun. Ég hef verið svo heppinn að ná að endurnýja mig innan þeirra með reglulegu millibili og nú var kominn tími á það aftur. Ég er svo heppinn að hafa ánægju af og áhuga á mörgu, þannig að mér leggst eitthvað til. En í augnablikinu hef ég ekki hugmynd um hvað það verður," segir Sölvi. **- lkg**



## Mest lesið VÍSIR

1. Týndi kötturinn Örvar kom í leitirnar eftir sjö ár
2. Fyrrverandi nemandi í Grunnskóla Grindavíkur: Skólagangan einkenndist af hræðslu og kvíða
3. Formaður foreldrafélags Austurbæjarskóla: Foreldrar heyrðu af árás á nemanda í fjölmiðlum
4. „Ég hlakka til þess dags þegar ég get hætt að lita á mér hárið sjálf"





